# ÁRSSKÝRSLA RÍKISÚTVARPSINS OHF.

1. september 2011 - 31. ágúst 2012



RÚV

# ÁRSSKÝRSLA RÍKISÚTVARPSINS OHF.

1. september 2011 til 31. ágúst 2012

AÐALFUNDUR RÍKISÚTVARPSINS OHF.

31. janúar 2013

# SKIPURIT RÍKISÚTVARPSINS OHF.




## STJÓRN

Björg Eva Erlendsdóttir formaður
Margrét Frímannsdóttir varaformaður
Magnús Geir Þórðarson
Halldór Guðmundsson
Magnús Stefánsson

## VARAMENN

Hlynur Hallsson
Sigríður Ása Richardsdóttir
Signý Ormarsdóttir
Lárus Ýmir Óskarsson
Þórey Anna Matthíasdóttir

## ÚTVARPSSTJÓRI / FRAMKVÆMDASTJÓRI

Páll Magnússon

# ÁRSSKÝRSLA RÍKISÚTVARPSINS OHF.

1. september 2011 til 31. ágúst 2012

## EFNISYFIRLIT


Inngangur ... 2

Hljóðvarp ... 4

- Rás 1 ... 4
- Rás 2 ... 24

Sjónvarp ... 30

Fréttaþjónusta ... 53

Önnur starfsemi ... 59

Lykiltölur tengdar dagskrá ... 68

Ársreikningur ... 73

Áritun óháðra endurskoðenda ... 75

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra ... 76

Yfirlit um heildarafkomu ... 77

Efnahagsreikningur ... 78

Yfirlit um sjóðstreymi ... 79

Yfirlit yfir eigið fé ... 80

Skýringar ... 81–94

# INNGANGUR




Rekstur Ríkisútvarpsins rekstrarárið 1. september 2011 til 31. ágúst 2012 var í samræmi við áætlanir. Rekstraráætlun gerði ráð fyrir 90 m.kr. tapi fyrir tekjuskatt en niðurstaðan var tap að fjárhæð 91 m.kr. Það er ekki tilgangur Ríkisútvarpsins, eins og gildir um hlutafélög almennt, að skila hagnaði sem safnast upp í auknu eigin fé eða greiðist út til eigandans í formi arðs. Félaginu er það beinlínis óheimilt. Það á að nota allar tekjur sínar að til að gera dagskrá sem þjónar landsmönnum. Ávinningur af bættum rekstri skilar sér í aukinni og metnaðarfyllri dagskrá. Það er hin raunverulega „arðgreiðsla til eigandans", sem er auðvitað öll þjóðin. Taprekstur gengur heldur ekki upp til lengdar því þá gengur á eigið fé félagsins. Ríkisútvarpið á með öðrum orðum að vera rekið sem næst núlli.

Sökum þess hve rekstrarárin eru misjöfn, þar sem stórir íþróttaviðburðir s.s. Ólympíuleikar og Heims- og Evrópumót í knattspyrnu, kosningar og náttúruhamfarir valda mestum sveiflum, er erfitt og í raun óæskilegt fyrir jafnvægi í dagskrá að láta rekstur hvers árs enda í núlli. Með hliðsjón m.a. af ofangreindum breytum er réttast að líta á fjögurra ára tímabil í rekstri félagsins og þess vegna hefur það markmið verið sett, að á hverjum fjórum árum sé afkoman sem næst núlli. Áhrif verðbólgu og gengissveiflna á fjármagnsliði geta skekkt verulega þá mynd sem við fáum af raunverulegri afkomu og flækja samanburð milli ára. Því hefur helst verið horft til þess að á fjögurra ára tímabili sé hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði ekki undir 450 m.kr. að meðaltali. Það markmið hefur náðst en því er ekki að leyna að stöðug lækkun þjónustutekna að raunvirði hefur gert róðurinn þyngri með hverju árinu sem líður.

Á rekstrarárinu var hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði 342 m.kr., en árin þar á undan 553 m.kr., 673 m.kr. og 857 m.kr. Síðasta rekstrarár var mjög kostnaðarsamt, m.a. vegna þess að þá voru forsetakosningar og bæði Ólympíuleikar og Evrópumót í knattspyrnu karla. Í áætlun yfirstandandi rekstrarárs er gert ráð fyrir 492 m.kr. hagnaði fyrir afskriftir og fjármagnsliði.

Undanfarin ár hafa einkennst af miklu aðhaldi bæði í rekstri og fjárfestingu. Nú er svo komið að tæknibúnaður er orðinn mjög úr sér genginn og stöðugt meiri hætta er á truflunum í dagskrárgerð og útsendingum vegna bilana. Mikið aðhald í endurnýjun tækja hefur verið réttlætt með tvennum hætti. Í fyrsta lagi er mikilvægara við þrengdan kost að halda úti góðri dagskrá en endurnýja tæki, þótt það kosti einhverja tæknilega hnökra í undantekningartilvikum, því léleg dagskrá hefur lítið gildi þótt hún sé tæknilega hnökralaus. Í öðru lagi styttist í að RÚV sendi út sjónvarpsdagskrá í háskerpu, sem sjálfkrafa felur í sér mjög mikla endurnýjun tækjabúnaðar þar sem hinn nýi verður af annarri og ólíkri kynslóð en hinn fyrri. Það er því ljóst að sú stefna að halda allri endurnýjun

tækja í algjöru lágmarki hefur sparað félaginu nokkur hundruð milljónir króna á undanförnum árum – þótt hún hafi kostað ákveðna áhættu í dagskrárgerð og útsendingu. Þrátt fyrir mikið aðhald á öllum sviðum hafa starfsmenn RÚV náð góðum árangri í dagskrárgerð og eins og sjá má við lestur ársskýrslunnar tókst að bjóða landsmönnum upp á fjölbreytta og metnaðarfulla dagskrá, sem erindi átti við almenning.

Tvennt sem horfir til þróunar og þroska RÚV í nánustu framtíð var fyrirferðarmikið á starfsárinu. Í fyrsta lagi var fullgerð stefnumótun félagsins fram til 2016. Þetta var umfangsmikið verkefni þar sem langflestir starfsmenn lögðu virka hönd á plóg. Erindi RÚV við eiganda sinn, þjóðina, er óbreytt: Að upplýsa, fræða og skemmta – undir kjörorðunum traust, fagmennska og fjölbreytni.

Í öðru lagi var undirbúin umbylting á dreifikerfi sjónvarps, – úr hliðrænni lágskerpudreifingu fyrir eina rás í stafræna háskerpudreifingu fyrir tvær rásir. Fyrstu áfangarnir á þessari leið verða sýnilegir á árinu 2013 og verkefninu lýkur í síðasta lagi í lok árs 2014.

Eitt af því sem hefur látið undan síga í þeim fjárhagslegu þrengingum sem RÚV hefur búið við frá hruninu 2008 er frumgert leikið efni fyrir sjónvarp. Það má með gildum rökum halda því fram að skortur á þess háttar efni hafi verið helsti ljóðurinn á dagskrá RÚV síðustu árin. Nú hefur bragarbót á þessu sviði verið gerð að dagskrárlegu forgangsatriði og unnið er eftir metnaðarfullri áætlun til næstu fjögurra ára. Fyrstu merkin um þetta verða sýnileg á nýhöfnu rekstrarári en þó einkum á því næsta. Þetta er vissulega dýrasta sjónvarpsefni sem RÚV hefur á boðstólum og seint munum við gera allt sem við helst vildum í þeim efnum. Framundan er þó betri tíð.

Nýmiðlarnir fá sömuleiðis forgang hjá RÚV næstu árin. Það er ekki síst á þeim vettvangi sem við tryggjum áframhaldandi erindi RÚV við uppvaxandi kynslóðir í landinu. Ef dagskrárefni okkar verður ekki aðgengilegt eftir þeim miðlunarleiðum sem ráðandi eru í neyslumynstri fólks á hverjum tíma verður starf okkar að miklu leyti unnið fyrir gíg. Þetta er ein helsta ögrunin sem blasir við almannaþjónustumiðlum á borð við RÚV um allan heim.

Þannig hefur á starfsárinu verið lagður grunnur að mörgum krefjandi, ögrandi og mikilvægum verkum sem eru framundan. Óskandi er að stjórnvöld eyði sem allra fyrst þeirri stöðugu og nagandi óvissu sem RÚV hefur mátt búa við síðustu árin um fjárhagslegan og lagalegan ramma um starfsemina. Það er illmögulegt að takast á við stór og krefjandi verkefni við þær aðstæður.

Páll Magnússon
útvarpsstjóri



# HLJÓÐVARP



## RÁS 1

Á rekstrarárinu tókst Rás 1 að halda úti jafnöflugri dagskrá og fyrra ár. Hins vegar var ekki unnt að bæta í, enda þurfti áfram að gæta aðhalds í rekstrinum. Kom það meðal annars fram í mikilli notkun á efni úr safninu eins og undanfarin ár. Sem fyrr var lögð áhersla á að halda meginstoðum Rásar 1, eins og morgunþætti, *Samfélaginu í nærmynd*, *Víðsjá* og útvarpssögunni, í traustum skorðum. Þá eru og margir vikulegir þættir sem sumir hafa verið á dagskrá í mörg ár. Mannaskipti verða öðru hverju í föstum þáttum en ramminn heldur sér. Útvarpsleikhúsið hefur látið ný íslensk leikrit ganga fyrir í frumframleiðslu. Tónlistarflutningur er jafnan mikill og fjölskrúðugur, svo og umfjöllun um tónlist og tónlistarsögu. Hér verður gerð nokkur grein fyrir dagskránni, bæði talmáli og tónlistarþáttum, taldir upp nokkrir minnisstæðir þættir og getið um hlut einstakra dagskrárgerðarmanna.

Á þessu starfsári var sama skipan á yfirstjórn dagskrár og árið á undan. Dagskrárstjóri beggja útvarpsrása stýrði jafnframt innlendri og erlendri dagskrárdeild sjónvarps.

Rás 1 leitast við að þjóna hlustendum sínum vel, nú sem fyrr. Sá hópur er ef til vill ekki mjög fjölmennur, að því er hlustendakannanir benda til, en hann er vandlátur og gerir miklar kröfur um vönduð vinnubrögð sem ber að mæta eftir fremsta megni. Best fer á að halda jafnvægi milli hins hefðbundna og rótgróna og nýrra viðhorfa sem setja svip á dagskrá hverju sinni. Fjölbreytilegur hópur dagskrárgerðarmanna, fólk á ýmsum aldri með ólíkan menntunarbakgrunn, á að tryggja slíkt jafnvægi.

## TALAÐ MÁL

Það fer vel á að hefja kafla um talað mál á Rás 1 á því að minnast Jónasar Jónassonar, sem lengi setti svip á þessa rás. Jónas lést 22. nóvember 2011, áttræður að aldri. Hann hóf störf við Ríkisútvarpið innan við tvítugt og var því nátengdur stofnuninni rúm sextíu ár, dagskrárgerð hóf hann 1954 og samtalsþætti sína um 1960. Jónas stýrði ýmsum skemmtiþáttum, meðal annars víða um land. Í þrjá



áratugi stjórnaði hann þættinum *Kvöldgestir* á föstudagskvöldum og á sunnudagsmorgnum síðustu ár var einnig þátturinn *Sumar raddir*, þar sem hann valdi gömul viðtöl sín til flutnings. Haustið 2011 veiktist Jónas og varð að hætta þáttagerð. Var þá tekið að endurflytja *Kvöldgesti*. Á útfarardegi hans, föstudaginn 2. desember, var flutt viðtal Ævars Kjartanssonar við Jónas, tekið á sjúkrabeði hans. Þar kvaddi hann hlustendur sína og Ævar kvaddi hann og þakkaði samveruna í nafni allra sem hafa notið þess svo vel og lengi að hlýða á hinn minnisstæða útvarpsmann.

Af einstökum atburðum í dagskránni má sérstaklega geta þess að laugardaginn 10. desember var haldinn barna- og fjölskyldudagur í beinni útsendingu. Umsjón með honum höfðu Margrét Sigurðardóttir og Felix Bergsson. Dagskráin stóð frá 13 til 16 og bar heitið *Börnin fara að hlakka til*. Þrír barnakórar af höfuðborgarsvæðinu fluttu hver um sig 15-20 mínútna atriði en síðast söng kór í Hofi á Akureyri. Á milli söngatriða var spjallað um jólaundirbúninginn, lesið úr jólasiðabók og spiluð jólalög ásamt innslögum frá æfingu leikritsins *Litla skrímsli og stóra skrímsli* í Þjóðleikhúsinu. Skoppa og Skrýtla voru heimsóttar og litið inn á Árbæjarsafni. Þótti þessi dagskrá takast mjög vel.

## FASTIR ÞÆTTIR

Fastir þættir á Rás 1 héldust í mjög áþekkum hlutföllum og tímabilið á undan. Morgunútvarpinu stýrði fyrst Ingveldur G. Ólafsdóttir í september og síðan Sigurlaug Margrét Jónasdóttir og Jónatan Garðarsson til enda tímabilsins. *Samfélagið í nærmynd* var áfram undir stjórn Hrafnhildar Halldórsdóttur og Guðrúnar Gunnarsdóttur og *Víðsjá* var á dagskrá síðdegis allt árið. Umsjónarmenn á tímabilinu voru Guðni Tómasson, Elísabet Indra Ragnarsdóttir, Eiríkur Guðmundsson, Sigríður Stephensen, Þorgerður E. Sigurðardóttir, Arndís Hrönn Egilsdóttir, Ingi Björn Guðnason og Dagur Gunnarsson, sem er nýr liðsmaður. Sem fyrr fjallaði *Víðsjá* um ýmsa viðburði í menningarlífinu, ekki síst bókmenntum og listum, með viðtölum við rithöfunda og aðra listamenn og fastri listagagnrýni. Bókmenntagagnrýnendur voru Fríða Björk Ingvarsdóttir, Gauti Kristmannsson, Ásdís Sigmundsdóttir og Björn Þór Vilhjálmsson. Tónlistargagnrýni annaðist Helgi Jónsson, Einar Garibaldi Eiríksson og Hlynur Helgason fjölluðu um myndlist, Salka Guðmundsdóttir sá um leiklistargagnrýni og Heiða

| Helstu flokkar dagskrárefnis hljóðvarps | Rás 1 [klst.] | Rás 2 [klst.] |
|---|---|---|
| Samfélags- og dægurmál | 799 | 607 |
| Skemmtiefni | 264 | 325 |
| Trúmál | 107 | 0 |
| Leikið efni | 63 | 0 |
| Vísinda- og fræðsluefni | 3.451 | 10 |
| Sígild / létt sígild tónlist | 2.153 | 0 |
| Dægurtónlist | 732 | 5.702 |
| Fréttir og fréttatengt efni | 929 | 1.444 |
| Íþróttir | 0 | 281 |
| Auglýsingar | 274 | 396 |
| Kynningar | 12 | 19 |
| **SAMTALS** | **8.784** | **8.784** |

# RÁS 1



Jóhannsdóttir gagnrýndi kvikmyndir. Haustið 2011 var Bókmenntahátíð í Reykjavík haldin og sinnti menningarritstjórnin henni vel. Þar kom að stjórn, af hálfu Rásar 1, Jórunn Sigurðardóttir sem annaðist bókmenntaþætti á tímabilinu.

*Spegillinn* var á dagskrá að loknum kvöldfréttum. Hann er í umsjá fréttastofunnar og á árinu var tekið að senda hann út allan ársins hring. *Málstofan* var á dagskrá vikulega frá hausti og fram á sumar. Ýmsir málfræðingar fluttu erindi eins og áður. Ásgrímur Angantýsson málfarsráðunautur skipulagði þættina en þegar hann hvarf frá störfum tók Gunnar Stefánsson við umsjón með þeim. Ásgrímur gerði, ásamt Bergljótu Baldursdóttur, þátt um flámæli á Íslandi og baráttuna gegn því.

Á sunnudagsmorgnum hélt Ævar Kjartansson áfram umræðuþáttum sínum um þjóðfélags- og menningarmál í víðum skilningi. Frá september til 12. febrúar var samstarfsmaður hans Jón Ormur Halldórsson. Þáttur þeirra hét *Landið sem rís*, umræður um framtíðarhorfur þjóðarinnar eftir hrun. Í baksýn voru tillögur að nýrri stjórnarskrá sem stjórnlagaráð hafði nýverið skilað af sér. Í þættinum *Íslensk menning*, 19. febrúar til 10. júní, var fjallað um opinbera starfsemi á sviði menningar og lista og aðstæður hennar. Umsjónarmaður ásamt Ævari var Fríða Björk Ingvarsdóttir. Þátturinn *Alltaf að rífast* tók við 24. júní. Stjórnandi með Ævari var Jón Ólafsson og var fjallað vítt og breitt um stjórnmálaumræðuna í landinu og einkenni hennar og rætt við bæði fræðimenn og þá sem hafa langa reynslu af þátttöku í slíkri umræðu.

Eftir hádegi á þriðjudögum hafði Hanna G. Sigurðardóttir þáttinn *Fyrr og nú*. Þar var komið víða við, rætt um fyrirbæri, hugmyndir og vinnuaðferðir eins og nú er háttað, borið saman við fyrri tíma. Um viðfangsefnin var fjallað bæði á fræðilegum grunni og út frá persónulegri reynslu, efnið allt frá skóm upp í skurðlækningar og bankarán. Tilbrigði við meginstefið var að umsjónarmaður fékk tvær kynslóðir, feðga, feðgin, mæðgur eða mæðgin, til að koma með uppáhaldstónlist unglingsáranna og bera saman bækur sínar.

Á þriðjudagskvöldum frá haustdögum fram á sumar var útvarpað útdrætti úr málþingum undir nafninu *Í heyranda hljóði*. Annaðist Ævar Kjartansson frágang á þessu efni framan af en síðan Gunnar Stefánsson. Mörg þinganna voru á vegum Háskóla Íslands og um ýmis samfélagsleg og fræðileg álitamál og viðfangsefni. Önnur voru



af öðru tagi, um skáld og þjóðskörunga, eins og málþing um lækninn og náttúrufræðinginn Svein Pálsson í tilefni af 250 ára afmæli hans.

Á föstudagsmorgnum var sem fyrr þátturinn *Sagnaslóð*, frá Akureyri og Sauðárkróki, í umsjón Birgis Sveinbjörnssonar og Jóns Ormars Ormssonar. Gunnar Stefánsson leysti þá af frá seinni hluta júní og fram í ágústbyrjun með þættinum *Af minnisstæðu fólki*.

Erla Tryggvadóttir tók saman allmarga þætti. Í október gerði hún þátt um samskipti íslenskra kvenna og hermanna á stríðsárunum. Í desember gerði hún sex þætti um Nóbelsverðlaunin. Fimm fjölluðu um verðlaunaveitingu sænsku akademíunnar í bókmenntum, eðlisfræði, læknisfræði, efnafræði og hagfræði, en sá sjötti og síðasti um friðarverðlaun Nóbels sem norska stórþingið veitir. Um páskana gerði Erla þáttinn *Hilda og Harry*, um hjón (maðurinn gyðingur) sem flýðu Þýskaland í seinni heimsstyrjöldinni og settust að á Íslandi. Sumarið 2012 hafði Erla umsjón með þáttunum *Bankað upp á*, þar sem hún fór á hina og þessa vinnustaði.

Gerður Jónsdóttir gerði fimm þætti undir fyrirsögninni *Kynslóðir mætast* sem fluttir voru á sunnudögum í september og október. Þar ræddi hún við þrettán Íslendinga sem hafa alist upp á ólíkum tímum. Hinir eldri fæddir fyrir lýðveldisstofnun, þeir yngri í heiminn bornir þegar Perlan er orðin kennileiti í Reykjavík. Hún kannaði hvað þessar kynslóðir ættu sameiginlegt og hvað greindi þær að. Á aðventunni stóð Gerður að fjórum þáttum sem nefndust *Könglar og kertaljós* þar sem fjallað var um ýmsa þætti jólaundirbúnings, einkum í matargerð.

Eftir áramót tóku við ýmsar þáttaraðir um miðjan dag á sunnudögum: Karl Eskil Pálsson gerði sex þætti í janúar og febrúar, *Sprotar – fyrirtæki framtíðarinnar*. Þorgrímur Gestsson gerði þrjá þætti um baráttu fyrir atvinnuleysistryggingum í mars. Þá tók við Haukur Arnþórsson með fjóra þætti í mars og apríl undir heitinu *Á upplýsingaöld*. Síðan gerði Þórður Víkingur Friðgeirsson níu þætti undir nafninu *Sögur af misgóðum mönnum* og fjölluðu þeir um menn sem urðu frægir, góðkunnir eða alræmdir af umsvifum sínum í viðskiptum.

***Sumardagskrá***

Sumarið 2012, frá júlí fram í miðjan september, var endurflutt á sunnudögum röð tólf tengdra fléttuþátta Páls Heiðars Jónssonar. Þættirnir voru áður á dagskrá 1976. Fyrst komu þrír þættir, *Veiðiferð með Snorra Sturlusyni RE-219*, þá sex þættir, *Kúrsinn 238*, um ferð með ms. Brúarfossi til Bandaríkjanna í október 1975 og loks þrír þættir,



# RÁS 1

*Þorskur á þurru landi*, um sölu á hraðfrystum fiski í Bandaríkjunum. Með endurflutningnum var minnst merkilegs framlags Páls Heiðars til útvarpsdagskrárinnar, en hann lést í nóvember 2011. Páll Heiðar Jónsson stóð á sinni tíð fyrir ýmsum nýjungum með viðamiklum samsettum þáttum eins og þessum og með beinum útsendingum, m.a. og breytti formi morgunútvarpsins.

Af þáttaröðum um sögu og mannlíf í landinu skulu nefndar tvær á sumardagskrá: Sex þættir Margrétar Sveinbjörnsdóttur um mannlíf í Þingvallasveit og átta þættir Alberts Eiríkssonar um eyjar fyrir Austurlandi.

***Barna- og unglingaefni***

Fimmta starfsár *Leynifélagsins* var að vanda viðburðaríkt en þátturinn hefur gengið sleitulaust fjórum sinnum í viku frá 10. september 2007. Í tilefni af Degi íslenskrar náttúru, 16. september, var haldinn sérstakur tíu mínútna aukaaðalfundur klukkan tíu að morgni, sem var útvarpað beint í alla grunnskóla á landinu og kennarar hvattir til að leyfa nemendum að hlusta og vinna verkefni sem þáttastjórnendur unnu meðfram gerð þáttarins. Þetta framtak var í samstarfi við umhverfisráðuneytið og að frumkvæði þess og þótti vel til takast. Þúsundasta Leynifélagsfundinum var fagnað í júníbyrjun með pinnaveislu í kaffihorni útvarpsins. Brynhildur Björnsdóttir og Kristín Eva Þórhallsdóttir höfðu umsjón með tveimur bókmenntaþáttum í nóvember þar sem þær kynntu og fjölluðu um barnabækur í fyrri þættinum og unglingabækur í þeim seinni. Þættirnir voru ætlaðir fullorðnum hlustendum til kynningar og ánægju. Á sumardaginn fyrsta var unglingaþátturinn *Hvað er málið?* á dagskrá. Þátturinn var klukkustundar langur, unninn af unglingunum Valtý Erni Kjartanssyni og Uglu Collins, með aðstoð og ritstjórn Kristínar Evu Þórhallsdóttur, Brynhildar Björnsdóttur og Elísabetar Indru Ragnarsdóttur. Þetta var tilraun til að gera útvarpsþátt sem höfðar til þess aldurshóps hlustenda sem minnst virðist hlusta á RÚV, en jafnframt er mikilvægast að ná til og kenna útvarpshlustun. Skemmst er frá því að segja að þessi tilraun tókst með ágætum og ákveðið var að hafa þátt með sama nafni og svipuðu sniði á fastri dagskrá haustið 2012.

## BÓKMENNTIR

Litlar breytingar urðu á umfjöllun um bókmenntir og einstaka höfunda á dagskrá Rásar 1 á tímabilinu. Á sunnudagsmorgnum voru sem fyrr þættir um bókmenntir og menningarsögu. Í september var fyrst endurfluttur nokkurrra ára gamall þáttur Gunnars Stefánssonar, *Muggur og Guðsbarnaljóð*. Þá var þáttur frá





málþingi í Fljótum í Skagafirði um Guðrúnu frá Lundi og verk hennar. Það var framhald á málþingi árið áður og bar fyrirsögnina *Það er líf í Hrútadal*. Því næst var þátturinn *Þá mun ljóð mitt koma til þín*, um verk Gunnars Dal skálds og rithöfundar sem þá var nýlátinn. Gunnar Stefánsson tók saman og gerði einnig tvo þætti í tilefni aldarafmælis Háskóla Íslands, annan um Sigurð Nordal og Háskólann, hinn um HÍ og RÚV. Erla Tryggvadóttir gerði þátt um bandaríska stjórnmálafræðinginn Robert D. Putnam og kenningar hans og Þóra Sigríður Ingólfsdóttir tvo þætti um skáldsagnabálk Ólafs Jóhanns Sigurðssonar, sögu Páls Jónssonar blaðamanns á stríðsárunum. Í nóvember og desember var á þessum tíma sem fyrr þátturinn *Bókaþing*, lestur úr nýjum bókum, í umsjá Gunnars Stefánssonar. Um jólin voru fluttir þættir um bókmenntir og má þar nefna Jólasögur Guðbergs Bergssonar, í umsjá Þorgerðar E. Sigurðardóttur, þátt um ævi og skáldskap séra Einars Sigurðssonar í Eydölum sem Kristján Eiríksson, sérfræðingur á Árnastofnun, tók saman og loks þátt Jórunnar Sigurðardóttur um skáldið Ísak Harðarson sem nefndist *Undrunin sem lýsir myrkrið*.

Eftir áramót var endurflutt þriggja þátta röð, *Jón Taylor, goðsögn og veruleiki um landnám Íslendinga í Vesturheimi*, umsjónarmaður Vigfús Geirdal. Í febrúar var minnst tveggja alda afmælis enska sagnaskáldsins Charles Dickens með tveimur þáttum sem Ástráður Eysteinsson gerði og fjölluðu um þýðingar á verkum skáldsins á íslensku. Soffía Auður Birgisdóttir gerði tvo þætti undir fyrirsögninni *Brynhildur og Angantýr*, um ástir Jóhanns Jónssonar skálds og Elínar Thorarensen. *Reisubók Gúllivers* eftir Jonathan Swift kom út í óstyttri íslenskri þýðingu og af því tilefni gerði Ásdís Sigmundsdóttir tvo þætti um þetta sígilda ritverk. *Skáld í útlegð* nefndist röð fjögurra þátta sem Árni Bergmann gerði og fjölluðu um rússnesk útlagaskáld sem urðu að flýja heimalandið og síðast var fjallað um skáld sem féllu í ónáð og urðu eins og útlagar í eigin landi. Tvo þætti um *Önnu í Grænuhlíð* eftir L.M. Montgomery gerðu þær Auður Aðalsteinsdóttir og Ásta Gísladóttir, en þessi fræga saga kom í fyrsta sinn út óstytt á íslensku. Gunnar Stefánsson gerði þátt um sænska skáldjöfurinn August Strindberg í tilefni af hundruðustu ártíð hans í maí og einnig var endurfluttur gamall þáttur frá UNESCO sem Gunnar þýddi um indverska skáldið Tagore. Þess var minnst að þrjú hundruð ár voru liðin síðan hinn frægi rithöfundur og andans frömuður Frakka, Jean-Jacques Rousseau, fæddist og gerði Pétur Gunnarsson þrjá þætti af því tilefni. Árni Blandon gerði tvo þætti undir nafninu *Handan grafar*, um ljóðabálk ameríska skáldsins Edgars Lee Masters, Skeiðæingatal, sem Hallberg Hallmundsson þýddi á íslensku. Í júlí og ágúst var þessi útsendingartími tekinn undir endurflutning á spennuleikritinu *Hulin augu* frá 1961.

Að loknum kvöldfréttum á sunnudögum var, líkt og undanfarin ár, bókmenntaþátturinn *Skorningar* á dagskrá. Jórunn Sigurðardóttir hafði umsjón með þættinum og dagskrár-

# RÁS 1

gerðarmenn auk hennar voru Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir og Magnús Örn Sigurðsson. Efnistök umsjónarmanna voru nokkuð ólík. Í þáttunum er ýmist fjallað um eitt bókmenntaverk eða fleiri, innlent eða erlent og höfund þess. Einnig er umfjöllun um leikritun sem og ákveðin fyrirbæri bókmenntanna og samfélagslegt samhengi þeirra eins og rafbækur, þróun afþreyingarbókmennta







og þátt internetsins í sköpun bókmennta. Alllöngu áður hafði í *Skorningum* verið fjallað um fyrirbærið netsögur og útgáfu þeirra. Umhverfisvitund og vistfræði í samhengi skáldskapar var einnig til umfjöllunar í þættinum. Í aðdraganda jóla var að vanda fjallað um nýútkomnar bækur og m.a. leitast við að draga upp sýnilegar línur og áherslur í útgáfunni. Í janúar og febrúar var þátturinn samkvæmt venju helgaður bókmenntaverkum sem tilnefnd voru til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Rás 1 er eini vettvangurinn þar sem sagt er frá þessum tilnefningum. Í *Skorningum* er einnig fjallað um helstu verk og verðlaun fyrir bókmenntaverk utan Norðurlandanna, eins og í Þýskalandi, Bretlandi og víðar.

RÚV fylgdist vel með Bókasýning-unni í Frankfurt 12.-16. september 2011 enda var Ísland í brennidepli þessarar stærstu og elstu bókakaupstefnu í heimi. Á meðan á kaupstefnunni stóð, flutti Egill Helgason ásamt aðstoðarfólki fréttir frá Frankfurt en Jórunn Sigurðardóttir sagði frá á Rás 1. Sérstakir þættir voru gerðir um sýninguna og þátttöku Íslendinga, bæði fyrir útvarp og sjónvarp.

Þátturinn *Glæta*, í umsjón Hauks Ingvarssonar, hélt áfram göngu sinni um stíga bókmenntanna, erlendra nútímabókmennta jafnt sem íslenskra miðaldabókmennta, auk þess sem í þættinum var oft sigið á verulegt dýpi í grúski í gömlum upptökum úr safninu og þær settar í nýtt samhengi.

Unnir voru þættir upp úr ritþingum Gerðubergs um Vigdísi Grímsdóttur í nóvember 2011 og Hallgrím Helgason í apríl 2012 og áður var vikið að þættinum *Í heyranda hljóði*, þar sem útvarpað var útdrætti frá málþingum með ýmiss konar erindum fræðimanna. Er litið á þetta samstarf sem sérstaka þjónustu við hlustendur sem fá færi á að hlýða á umfjöllun fræði-





manna um ýmis viðfangsefni sín. Af bókmenntalegu efni má nefna málþing um Svein Skorra Höskuldsson prófessor og um Kristmann Guðmundsson rithöfund.

Bókmenntaumfjöllun í *Víðsjá* breyttist lítið frá fyrra ári. Bókmenntagagnrýni var áberandi í aðdraganda jóla, allt frá miðjum september, en var síðan haldið reglubundið áfram og má enn lesa þá gagnrýni á vefnum og hlusta á hana í hlaðvarpinu. Rætt var við fjölmarga höfunda vegna nýútkominna verka þeirra. Bókmenntaumfjöllun *Víðsjár*, sem og önnur umfjöllun þáttarins um listir og menningarmál, nýtur virðingar í íslensku samfélagi og er oft vitnað til orða umsjónarmanna og gesta þáttarins. Sumarsaga *Víðsjár* 1912 var *Gæludýrin* eftir Braga Ólafsson sem höfundur las og entist hún út sumarið.

Verðlaun úr Rithöfundasjóði Ríkisútvarpsins voru veitt á afmælisdegi RÚV, 20. desember, svo sem verið hefur síðustu ár, en veitt hefur verið úr þessum sjóði árlega frá 1956. Að þessu sinni hlaut Baldur Óskarsson verðlaunin, en hann hefur verið í röð fremstu og sérstæðustu ljóðskálda þjóðarinnar síðustu áratugi og sent frá sér alls fjórtán ljóðabækur.

Gamalt efni setti mikinn svip á dagskrána eins og undanfarin ár. Í dagskrárliðnum *Útvarpsperlum* var mikið af þáttum bókmenntalegs efnis. Má þar nefna fimmtíu ára gamlan þátt Sveins Einarssonar um sænska skáldið Gustaf Fröding, þátt Vilborgar Dagbjartsdóttur um Sigríði Einars frá Munaðarnesi, þætti Eiríks Guðmundssonar um Rimbaud og sýndarveruleikann og um Gunnar Gunnarsson skáld og einnig viðtalsþátt Eiríks og Hauks Ingvarssonar sem ræddu við Matthías Johannessen um skáldskap hans. Þá má telja þætti Arthúrs Björgvins Bollasonar frá Njáluslóðum, þáttaröð um ýkju- og lygasagnir frá fyrri tíð og þátt um skáldskap Þorsteins Erlingssonar. Einnig tvo þætti Jóns Halls Stefánsonar um Steinar Sigurjónsson, þátt Kjelds Gall Jörgensens um Karen Blixen og þátt Sigríðar Albertsdóttur um Svövu Jakobsdóttur. Þættir Berglindar Gunnarsdóttur frá síðustu áratugum 20. aldar hafa einnig ratað í *Útvarpsperlur*, eins og þáttur um Ólöfu Sigurðardóttur frá Hlöðum, þáttur Hjálmars Sveinssonar um framtíðarskáldskap þýska sagnameistarans og læknisins Alfreds Döblins og þættir Sifjar Gunnarsdóttur um hneykslunarhellur fyrr á tíð, lestur skáldsögunnar Praxis sem framhaldssögu í útvarp og sömuleiðis barnasögunnar *Börnin taka völdin*.

Af gömlu efni sem flutt var í *Útvarps-*

# RÁS 1



*perlum* og snertir jafnt bókmenntasögu sem stjórnmálasögu Íslands er að telja fjóra langa þætti um Hannes Hafstein, manninn og skáldið. Gils Guðmundsson samdi handrit og Klemenz Jónsson stjórnaði. Þessir þættir voru endurfluttir í nóvember í tilefni af 150 ára afmæli Hannesar 4. desember.

Allmargir þemabundnir þættir þar sem skáld og bókmenntatextar komu við sögu voru endurfluttir á hinum vinsælu þemakvöldum Sigurlaugar Margrétar Jónasdóttur, *Ekkert liggur á*, á laugardagskvöldum í sumar.

Af framansögðu má ljóst vera að með samdrætti síðustu ára fer minna fyrir nýjungum í miðlun bókmennta í útvarpi. Eigi að síður má ætla að þær nái enn til breiðs hóps hlustenda og séu jafnframt virkt afl í bókmenntaumræðu í landinu í góðum tengslum við hefð og sögu. Hinir gömlu bókmenntaþættir standa jafnan vel fyrir sínu. Þótt bókmenntaefni sé ekki dýrt krefst metnaðarfull dagskrá talsverðrar yfirlegu og fræðilegrar yfirvegunar, frumsköpunar í dagskrárgerð sem nú á jafnt við um ljósvakann og netið. Rás 1 mætti hafa meira frumkvæði að verkefnum á sviði bókmennta, kalla eftir samvinnu við aðra og verða við kalli annarra. Eilítill gleðimoli reyndist síðastliðið haust að Rás 1 skyldi kölluð til þátttöku í alþjóðlegum lestrardegi í tilefni 200. ártíðar þýska skáldsins Heinrichs von Kleist 11. nóvember. Allan þann sólarhring var lesið úr verkum skáldsins opinberlega einhvers staðar í heiminum. Sigurður Skúlason las af þessu tilefni nokkrar örsögur eftir Kleist í þættinum *Víðsjá*.

## FRAMHALDSSÖGUR

Útvarpssagan var sem fyrr lesin fimm sinnum í viku og að auki kvöldsaga að sumrinu, að þessu sinni var einnig lesin kvöldsaga í september. Reynt var að gæta fjölbreytni í vali á sögum. Hér eru taldar útvarpssögur á tímabilinu, lesnar í þessari röð: *Ennislokkur einvaldsins* eftir þýska Nóbelshöfundinn Hertu Müller, Franz Gíslason þýddi, Marta Nordal las; *Kvennagullið í grútarbræðslunni* eftir William Heinesen, Þorgeir Þorgeirson þýddi, Kristján Franklín Magnús las; *Hraunfólkið* eftir Björn Th. Björnsson, Guðmundur Ólafsson las; *Fótspor á himnum* eftir Einar Má Guðmundsson, höfundur las. Fjórar stuttar sögur eftir Pearl Buck voru lesnar í desember, Arnheiður Sigurðardóttir þýddi, Halla Margrét Jóhannesdóttir las. Fyrir jólin var að vanda lesin *Aðventa* eftir Gunnar Gunnarsson, lesari að þessu sinni var Hjörtur Pálsson. *Bernskan*, seinni hluti (eða seinni lota), eftir Guðberg Bergsson. Höfundur las úr „skáldævisögu“ sinni eins og árið áður. Síðan komu þessar sögur: *Laufdalaheimilið*



eftir sænska Nóbelshöfundinn Selmu Lagerlöf, Sveinn Víkingur þýddi, Katla Margrét Þorgeirsdóttir las; *Sólskinshestur* eftir Steinunni Sigurðardóttur, höfundur las; *Dagbók frá Diafani* eftir Jökul Jakobsson, Illugi Jökulsson las; *Draumar á jörðu* eftir Einar Má Guðmundsson, höfundur las; *Einnar mínútu þögn* eftir Siegfried Lenz, Ásdís Guðnadóttir þýddi, Valur Freyr Einarsson las; *Fuglarnir* eftir Tarjei Vesaas, Hjalti Rögnvaldsson las þýðingu sína. *Leyndardómar býflugnanna* eftir Sue Monk Kidd, Guðrún Eva Mínervudóttir þýddi, María Pálsdóttir las. *Eldhress í heila öld*, minningar Eiríks Kristóferssonar skipherra, eftir Gylfa Gröndal, Jón Hjartarson las. Auk þessara sagna voru lesnar smásögur til að fylla vikur, því yfirleitt var reynt að hefja nýja sögu á mánudegi. Kvöldsögurnar sem voru lesnar fimm kvöld í viku yfir sumarið voru allar sóttar í segulbandasafn útvarpsins. Þær voru þessar: *Egils saga Skallagrímssonar*, Stefán Karlsson las,







# RÁS 1

hljóðritun frá 1980; *Innansveitarkronika* eftir Halldór Laxness, höfundur las, hljóðritað 1979; *kaflar úr Fjallkirkjunni* eftir Gunnar Gunnarsson, höfundur las, hljóðritað 1945; *Þrítugasta kynslóðin* eftir Guðmund Kamban, Helga Bachmann las, hljóðritað 1988; *Draumur um* Ljósaland eftir Þórunni Elfu Magnúsdóttur, höfundur las, hljóðritað 1972. Þá skal þess getið, þótt það falli utan tímaramma skýrslunnar, að í september var kvöldsagan *Folda* eftir Thor Vilhjálmsson, höfundur las, hljóðritað 1985.

## ÚTVARPSLEIKHÚSIÐ

Útvarpsleikhúsið hefur, á rekstrarárinu, lagt sérstaka áherslu á ný íslensk verk í nýframleiðslu og má segja að sú menningarpólitíska stefna hafi vakið þó nokkra athygli og viðurkenningu. Á tímabilinu voru frumflutt sjö verk, fimm af þeim stök og tvö framhaldsleikrit. Þá hafa ýmis uppátæki Útvarpsleikhússins til að vekja athygli á verkum sínum þótt vel takast og má þar nefna að boðið var upp á forflutning á fyrsta hluta útvarpsleikritsins *Egils sögu* í Bíó Paradís, þar sem fólk kom og í stað þess að horfa á bíómynd, hlustaði það í myrkrinu á útvarpsleikrit. Útvarpsleikhúsið framleiddi í samstarfi við sjálfstæðan framleiðanda, Gjólu ehf., útvarpsleikritið *Ástand*.

Útvarpsleikhúsið hafði samstarf við Listahátíð sem kallað var *Splunkuný leikrit*. Fjögur ný leikrit voru pöntuð hjá nokkrum af okkar fremstu leikskáldum, þeim Hrafnhildi Hagalín, Jóni Atla Jónassyni og Sigtryggi Magnasyni en nýleg verk eftir þau hafa öll hlotið Grímuna á síðustu árum sem útvarpsverk ársins. Auk þess var verk eftir farandverkaflokkinn Kviss búmm bang. Þessi verk voru leiklesin á Listahátíð að viðstöddum áhorfendum og tekin upp og flutt í þeirri gerð um hvítasunnuna. Síðan vinna leikskáldin áfram í verkunum og verða þau flutt í nýjum og endurbættum útgáfum, með öllum þeim meðulum sem útvarpið hefur upp á að bjóða.

***Frumflutt verk***

Frumflutt voru sjö verk, Einar Sigurðsson sá um hljóðvinnslu þeirra allra.

*Ástand*, leikrit í tveim hlutum eftir Ásdísi Thoroddsen í leikstjórn höfundar. Um þrjátíu leikarar tóku þátt í verkinu sem unnið var í samstarfi við Gjólu ehf. og styrkt af Menningarsjóði útvarpsstöðva.

*Undanþágunefndin* eftir Gunnar Gunnarsson.Leikstjóri: Erling Jóhannesson. Tónlist: Finnur Karlsson, nemandi í tónsmíðum við LHÍ.

*Fjalla-Eyvindur* eftir Jóhann Sigurjónsson í útvarpsleikgerð Mörtu Nordal. Leikstjóri: Marta Nordal.

*Egils saga*, leikrit í þremur hlutum eftir Morten Cranner. Þýðandi leiktexta: Ingunn Ásdísardóttir.
Þýðandi ljóða: Þórarinn Eldjárn.
Leikstjóri: Erling Jóhannesson.
Tónlist: Hildur Ingveldar Guðnadóttir.
Um þrjátíu leikarar tóku þátt í verkinu. Það var styrkt af Menningarsjóði útvarpsstöðva og Tónskáldasjóði Ríkisútvarpsins.

*Ímyndaðar afstæðiskenningar* eftir Ævar Þór Benediktsson.
Leikstjóri: Árni Kristjánsson.



*Jobsbók* í íslenskum búningi Helga Hálfdanarsonar.
Leikstjóri: Sveinn Einarsson.
Tónlist: Áskell Másson.
Einleikur Arnars Jónssonar.
Styrkt af Menningarsjóði útvarpsstöðva.

*Kona hverfur* eftir Sigríði Jónsdóttur.
Leikstjóri: Ásdís Þórhallsdóttir.
Tónlist: Arndís Hreiðarsdóttir.

### Útvarpsleikrit 50 ára og eldri

Reglulega hafa verið fluttar perlur úr safni RÚV sem eru orðnar 50 ára. Upptökur útvarpsleikrita hófust 1946. *Galdra-Loftur* eftir Jóhann Sigurjónsson er ein elsta upptaka af leikriti á íslensku sem varðveist hefur. Á þriðja tug þúsunda hlýddu á útsendinguna sunnudaginn 8. janúar. Þessar perlur úr safninu hafa yfirleitt verið fluttar síðla öll fimmtudagskvöld annan hvern mánuð yfir veturinn undir heitinu *Leikritakvöld útvarpsins.* Verkin eru þessi:

*Kristrún í Hamravík og himnafaðirinn* eftir Guðmund G. Hagalín í útvarpsleikgerð Indriða Waage. Leikstjóri: Indriði Waage. Frá 1960.

*Hús Bernörðu Alba* eftir Federico Garcia Lorca í þýðingu Einars Braga og útvarpsleikgerð Þorsteins Ö. Stephensen. Leikstjóri: Helgi Skúlason. Frá 1960.

*Blóðbrullaup* eftir Federico Garcia Lorca í þýðingu Hannesar Sigfússonar. Leikstjóri: Gísli Halldórsson. Frá 1961.

*Sesar og Kleopatra* eftir George Bernhard Shaw í þýðingu Árna Guðnasonar. Leikstjóri: Helgi Skúlason. Tónlist: Magnús Blöndal Jóhannsson. Flutt í tveimur hlutum. Frá 1959.

*Þess vegna skiljum við* eftir Guðmund Kamban í þýðingu Karls Ísfeld. Leikstjóri: Helgi Skúlason. Frá 1961.

*Skálholt* eftir Guðmund Kamban í þýðingu Vilhjálms Þ. Gíslasonar. Leikstjóri: Lárus Pálsson. Frá 1955.

*Delerium búbónis* eftir Jón Múla og Jónas Árnasyni. Tónlist: Jón Múli Árnason. Leikstjóri: Einar Pálsson. Frá 1954.

*Galdra-Loftur* eftir Jóhann Sigurjónsson í þýðingu Jóhanns Sigurjónssonar og Gunnars Gunnarssonar. Leikstjóri: Lárus Pálsson. Frá 1947.

*Enginn skilur hjartað* eftir Halldór Stefánsson. Leikstjóri: Einar Pálsson. Frá 1955.

*Garðskúrinn* eftir Graham Greene í þýðingu Óskars Ingimarssonar. Leikstjóri: Gísli Halldórsson. Frá 1959.

*Faðirinn* eftir August Strindberg í þýðingu Lofts Guðmundssonar. Leikstjóri: Lárus Pálsson. Frá 1959.

*Jón Arason* eftir Matthías Jochumsson í útvarpsleikgerð Gunnars R. Hansen sem einnig leikstýrði og samdi tónlistina. Frá 1960.

*79 af stöðinni*, framhaldssaga í leikformi eftir Indriða G. Þorsteinsson í útvarpsleikgerð Gísla Halldórssonar. Leikstjóri: Gísli Halldórsson. Frá 1958.

*Sjálfstætt fólk* eftir Halldór Kiljan Laxness, kaflar í útvarpsleikgerð Þorsteins Ö. Stephensen og var hann einnig leikstjóri. Frá 1948.

*Íslandsklukkan* eftir Halldór Kiljan Laxness í útvarpsleikgerð Lárusar Pálssonar og var hann einnig leikstjóri. Flutt í tveim hlutum. Frá 1957.

*Hulin augu*, framhaldsleikrit í átta þáttum eftir Philip Levene í þýðingu Þórðar Harðarsonar. Leikstjóri: Flosi Ólafsson. Frá 1961.

### Leiklistarþættir og stök leikrit

Viðar Eggertsson, verkefnisstjóri leiklistar og eini starfsmaður Útvarpsleikhússins, hefur gert ýmsa þætti um leiklist og sviðslistamenn sem hafa verið á dagskrá Rásar 1 sem og aðra tilfallandi þætti í dagskrá rásarinnar. Þá hafa ýmsir leiklistarþættir og verk um höfunda verið flutt samhliða leikritum á *Leikritakvöldum útvarpsins*, sem hafa verið reglulegur þáttur í starfsemi Útvarpsleikhússins á árinu. Það hélt úti útsendingum í hverri viku allan veturinn á sunnudögum. Stefnan hefur verið sú að útvarpa nýjum verkum og þess á milli nýlegum leikritum úr safni, sem og nýjum og nýlegum þáttum tengdum leiklist.

### Nýleg endurflutt leikrit

*Furðuverkið* eftir Christian Lollike í þýðingu Hjalta Rögnvaldssonar. Leikstjóri: Inge Faarborg. Frá 2008.

*Þrjár sögur úr heita pottinum* eftir Odd Björnsson. Leikstjóri: Lárus Ýmir Óskarsson. Frá 1983.

*Annar maður* eftir Brian FitzGibbon í þýðingu Karls Ágústs Úlfssonar. Leikstjóri: Edda Heiðrún Backman. Frá 2008.

*Sálin* eftir Þorgeir Þorgeirson, eftir smásögu Williams Heinesen. Leikstjóri: Þorgeir Þorgeirson. Frá 1993.

*Svefnhjólið* eftir Bjarna Jónsson og hljómsveitina múm, eftir sögu Gyrðis Elíassonar. Leikstjóri: Bjarni Jónsson. Tónlist: hljómsveitin múm. Frá 2002.

*Spor* eftir Starra Hauksson. Leikstjóri: Guðmundur Ingi Þorvaldson. Tónlist: Axel Árnason. Frá 2008.

# RÁS 1



*Karlagæslan* eftir Kristof Magnusson í þýðingu Bjarna Jónssonar.
Leikstjóri: Lárus Ýmir Óskarsson.
Frá 2008.

*Augu þín sáu mig* eftir Sjón í útvarpsleikgerð Bjarna Jónssonar og hljómsveitarinnar múm.
Leikstjóri: Bjarni Jónsson.
Tónlist: hljómsveitin múm. Frá 2008.

*Skyldan kallar* eftir Hermann Stefánsson.
Leikstjóri: Hallmar Sigurðsson.
Tónlist: Einar Sigurðsson. Frá 2009.

*Yfirvofandi* eftir Sigtrygg Magnason.
Leikstjóri: Bergur Þór Ingólfsson.
Tónlist: Úlfur Eldjárn. Frá 2009.

*Sómafólk*, þríleikur eftir Andrés Indriðason.
Leikstjóri: Ásdís Thoroddsen.
Frá 2009.

*Snjómokstur* eftir Geir Kristjánsson.
Leikstjóri: Helgi Skúlason. Frá 1970.

*Náföl* eftir Ævar Þór Benediktsson.
Leikstjóri: Guðmundur Ingi Þorvaldsson.
Tónlist: Þórður Gunnar Þorvaldsson.
Frá 2011.

*Dáið er alt án drauma*, leikgerð Bjarna Jónssonar á skáldsögu Halldórs Laxness, Barni náttúrunnar.
Leikstjóri: Viðar Eggertsson. Tónlist: Gunnar Gunnarsson. Frá 2002.

*Morðin á Sjöundá*, leikdagskrá í þremur hlutum eftir Klemenz Jónsson byggð á frásögn Jóns Helgasonar.
Frá 1997.

### *Fræðsla og nýsköpun*

Reglulega kemur ungt fólk í starfskynningu og dvelur um tíma við upptökur útvarpsleikrita og fylgist með vinnunni við þau. Einnig hefur Útvarpsleikhúsið átt gott samstarf við tónlistardeild Listaháskóla Íslands. Nemendur í tónsmíðum hafa tekið að sér að semja tónlist fyrir útvarpsleikrit og samnemendur þeirra í hljóðfæraleik hafa þá leikið á hljóðfærin.
Útvarpsleikhúsið stóð fyrir tveim námskeiðum sem nemendur í ritlist við Háskóla Íslands, leikskáld og leikstjórar sóttu. Sérstaklega voru konur hvattar til að kynna sér útvarpsleiklist með þeim hætti, enda er eitt af markmiðum Útvarpsleikhússins að auka þátttöku kvenna við listsköpun leikhússins, en nokkuð hefur hallað á þær í gegnum tíðina. Áður var nefnt samstarf við Listahátíð um ný íslensk útvarpsleikrit.

### *Verðlaun og viðurkenningar*

Árleg verðlaunahátíð evrópskra ljósvakamiðla, Prix Europa, var haldin í Berlín seinni hluta októbermánaðar 2011. Í keppnina höfðu verið send yfir hundrað útvarpsverk. Af þeim hlutu 38 náð fyrir augum dómnefndar



og átti Útvarpsleikhúsið verk þar, *Djúpið* eftir Jón Atla Jónasson, með tónlist eftir Hilmar Örn Hilmarsson og í leikstjórn höfundar. Einar Sigurðsson sá um hljóðvinnslu og Ingvar E. Sigurðsson fór með eina hlutverk leiksins. Skemmst er að segja frá því að framlag Útvarpsleikhússins vakti mikla athygli og lenti í toppbaráttu keppninnar. Fór svo að það hreppti þriðja sætið, en lítill atkvæðamunur var á efstu sætunum þremur. Óhætt er að segja að þessi upptaka Útvarpsleikhússins sé einhver hin rómaðasta í sögunni. Verkið hafði fyrr á árinu bæði hlotið Grímuna sem útvarpsverk ársins og Norrænu útvarpsleikhúsverðlaunin.

Gríman, íslensku leiklistarverðlaunin, voru afhent í júní. Í byrjun júní voru tilnefningar í ýmsum flokkum kynntar. Þrjú verka Útvarpsleikhússins hlutu tilnefningu sem Útvarpsverk ársins, *Ástand*, höfundur og leikstjóri Ásdís Thoroddsen, framleitt í samstarfi við Gjólu ehf.; *Egils saga*, eftir Morten Cranner, í leikstjórn Erlings Jóhannessonar og *Fjalla-Eyvindur* eftir Jóhann Sigurjónsson, í útvarpsleikgerð og leikstjórn Mörtu Nordal. Grímuhátíðin var haldin 14. júní í Hörpu. Þar var tilkynnt að *Egils saga* hefði sigrað sem útvarpsverk ársins 2012.

***Styrkir***

Útvarpsleikhúsið og samstarfsaðilar þess fengu úthlutað styrkjum á árinu til framleiðslu á nýjum verkum, að öðrum kosti hefði tæplega verið hægt að vinna svo viðamikil verk sem *Ástand* og *Egils sögu*. Menningarsjóður útvarpsstöðva styrkti *Ástand* um þrjár milljónir króna, *Egils sögu* um tvær milljónir og *Jobsbók* um 500 þúsund krónur. Auk þess veitti Tónskáldasjóður Ríkisútvarpsins 400 þúsund króna styrk til að greiða fyrir



# RÁS 1

frumsamda tónlist í Egils sögu. Eins og kunnugt er hefur Menningarsjóður útvarpsstöðva nú verið lagður niður.

***Markmið Útvarpsleikhússins***

Í samráði við dagskrárstjóra setti verkefnisstjóri leiklistar Útvarpsleikhúsinu þessi markmið til að vinna eftir í náinni framtíð.

Útvarpsleikhúsið:

- Frumflytji eigi færri en 10 verk á ári.
- A.m.k. 80% frumfluttra verka í Útvarpsleikhúsinu séu íslensk.
- Gæti þess að kynjaskipting leikstjóra og leikskálda sé sem jöfnust, þannig að hlutur hvors kyns verði ekki undir 40%. Gæti að sem mestri aldursdreifingu listamanna við verkefni leikhússins.
- Taki sem oftast þátt í samkeppnum, eins og Norrænu útvarpsleikhúsverðlaununum og Prix Europa, og stefni að því að vinna slíkar keppnir með afburðaverkum sínum.
- Efni reglulega til námskeiðahalds fyrir listamenn og listnemendur til að efla áhuga þeirra og þekkingu á útvarpsleiklist, sem og hlustenda, hvar sem því verður við komið.
- Stofni til samstarfs við aðra aðila, stofnanir, félög og einstaklinga, hvenær sem færi gefst.
- Setji sér að vekja athygli á verkum sínum sem víðast.
- Flytji reglulega verk úr elsta hluta safns síns og komi því á hlaðvarp til að auðvelda almenningi aðgang, þegar höfundarréttur leyfir.
- Standi fyrir útgáfu efnis, á vegum RÚV eða í samstarfi við aðra, sem hlustendur geta hlaðið niður og/eða með útgáfu á diskum.

## TÓNLIST

Tónlist er mikilvægur hluti af dagskrá Rásar 1. Á rekstrarárinu var hlutur tónlistar um þriðjungur af dagskrá Rásar 1 milli 6:30 og 00:10.

Sígild tónlist var í öndvegi í þáttum sem voru á dagskrá eftir hádegi á virkum dögum en á meðal umsjónarmanna voru Arndís Björk Ásgeirsdóttir, Ólöf Sigursveinsdóttir, Una Margrét Jónsdóttir, Halla Steinunn Stefánsdóttir, Ingibjörg Eyþórsdóttir og Margrét Sigurðardóttir.

Áfram voru fastir liðir þar sem fjallað var um og leikin tónlist af öllum gerðum og úr öllum áttum. Má þar nefna heimstónlistarþátt Sigríðar Stephensen, *Til allra átta*, *Tríó*, þátt Magnúsar R. Einarssonar, *Fimm fjórðu*, djassþátt Lönu Kolbrúnar Eddudóttur, *Gullfiskinn*, þátt Péturs Grétarssonar og framhald af þáttaröð Randvers Þorlákssonar um sögu söngleikjanna. Í þætti Lönu Kolbrúnar Eddudóttur, *Litlu flugunni*, er áhersla lögð á eldra efni, tónlist fyrri tíma og viðtöl, bæði efni úr safni útvarpsins sem og ýmislegt sem RÚV berst frá hlustendum. Oft liggur þetta efni undir skemmdum og er mikið samstarf haft við Hrein Valdimarsson á bandverkstæði RÚV, sem afritar og hljóðhreinsar eins og hægt er, m.a. gamlar lakkplötur. Reynt er eftir föngum að taka viðtöl við þá listamenn sem enn eru til frásagnar og njóta þessir þættir mikilla vinsælda meðal útvarpshlustenda. Meðal efnis í *Litlu flugunni* voru fágætar og óútgefnar upptökur með Sigfúsi Halldórssyni, Tólfta september og Öskubuskum, alls fjórir þættir, tveir þættir um Oddgeir Kristjánsson tónskáld úr Eyjum, þegar 100 ár voru liðin frá fæðingu hans, afmælisþáttur um Helenu Eyjólfsdóttur sjötuga, og þættir til minningar um Ingimar Eydal og Óðin Valdimarsson sem báðir hefðu orðið 75 ára veturinn 2011–2012. Fjallað var um Bessa Bjarnason og rifjuð upp barnaleikrit og -söngvar í hans flutningi, og Magnús Pétursson píanóleikara með upprifjun á morgunleikfimi hans og Valdimars Örnólfssonar úr útvarpsdagskrá á öldinni sem leið. Haustið 2011 voru nokkrir þættir *Litlu flugunnar* tileinkaðir þáttum





sem voru á dagskrá útvarpsins 50 árum fyrr (haust 1961): *Á frívaktinni*, *Óskalögum sjúklinga* og *Danslögum á laugardagskvöldi*. Þar var stuðst við tónlistarskýrslur þáttanna, fengnar frá Trausta Jónssyni veðurfræðingi.

Af nýjum þáttaröðum má nefna þætti Hermanns Stefánssonar um þjóðsöngva um víða veröld, þætti Kristínar Bjarkar Kristjánsdóttur *Hnapparatið*, þáttaraðir Gísla Magnússonar um rússneska rokktónlist annars vegar og íslenska og rússneska kórsöngva hins vegar, þætti Jóns Sigurðar Eyjólfssonar um gríska tónlist, þáttaraðir Sigrúnar Erlu Sigurðardóttur um arabískar sönggyðjur annars vegar og tangótónlist hins vegar og þáttaröð Vernharðs Linnets, *Sveiflan sem sigraði heiminn*, þar sem fjallað var um helstu stórsveitir millistríðsáranna.

Karlakórinn Þrestir í Hafnarfirði átti 100 ára afmæli 19. febrúar. Í tilefni af því söng kórinn síðasta lag fyrir fréttir í beinni útsendingu á Rás 1 næsta dag, lagið „Hafnarfjörður“ eftir Friðrik Bjarnason, stofnanda kórsins. Stjórnandi Þrasta er Jón Kristinn Cortez. Síðasta lag fyrir fréttir hefur einu sinni áður verið í beinni útsendingu, það var 2011, þegar Karlakór Reykjavíkur söng lagið „Ísland, Ísland, eg vil syngja“, beint af torgi Útvarpshússins.

Ný tónlist var kynnt í þáttaröð þar sem leiknar voru hljóðritanir frá Alþjóðlega tónskáldaþinginu. Þar hittast fulltrúar útvarpsstöðva frá öllum heimshornum, kynna tónverk frá sínu heimalandi og skiptast á upptökum af nýjum tónverkum. Þess má geta að framlag RÚV, verk Maríu Huldar Markan Sigfúsdóttur, „Sofandi pendúll“, hlaut



# RÁS 1




sérstaka viðurkenningu en tónskáldasjóður Ríkisútvarpsins hefur styrkt þátttöku RÚV á þinginu undanfarin ár. Þátturinn *Ópus* í umsjón Ingibjargar Eyþórsdóttur hélt áfram göngu sinni. Oftast er íslensk samtímatónlist þar í brennidepli og einnig fá tónlistarhátíðir gott rými í þættinum, s.s. Myrkir músíkdagar og Norrænir músíkdagar og annað það sem efst er á baugi í nýrri tónlist hverju sinni.
Fjölmarga heimildarþætti er tengdust tónlist var einnig að finna í dagskrá Rásar 1. Róberts Abrahams Ottóssonar var minnst á uppstigningardag, 17. maí þegar 100 ár voru frá fæðingu hans, 150 ára fæðingarafmælis franska tónskáldsins Claudes Debussy var minnst í hátíðardagskrá, gerður var þáttur í tilefni sjötugsafmælis Hafliða Hallgrímssonar tónskálds, Elísabet Indra Ragnarsdóttir brá upp mynd af Biophiliuheimi Bjarkar Guðmundsdóttur í þætti á nýársdag og Jónatan Garðarsson minntist Ólafs Þórðarsonar tónlistarmanns. Halla Steinunn Stefánsdóttir fjallaði um einkasamkvæmi kvenna í Frakklandi á 17. og 18. öld í páskadagskránni, Ingibjörg Eyþórsdóttir gerði þátt um stofuorgelið, alþýðuhljóðfæri Íslendinga á 20. öld, Una Margrét Jónsdóttir fjallaði um söngva um ógn kjarnorkusprengjunnar frá tíma kalda stríðsins og Víðsjá gerði þemaþætti um tónskáld og fjallaði um Franz Liszt í tilefni 200 ára afmælis hans í október. Una Margrét Jónsdóttir fjallaði um danska söngleikjahefð á 19. öld og áhrif hennar á íslenska leiklist í þáttaröðinni *Leiksýning í Rósenborgargarði*, en mörg þessara leikrita voru geysivinsæl hér á landi í upphafi íslenskrar leiklistarsögu og fram á 20. öld.
Tónlistin er líka félagi og skemmtun. Fjölmargir þættir miða að því að skapa þægilega nærveru með góðri tónlist sem oft heyrist ekki annars staðar og má þar nefna þætti eins og *Morgunstund með KK* þar sem Kristján Kristjánsson leikur tónlist af ýmsu tagi alla virka morgna, *Óskalögin*, óskalagaþátt hlustenda, sem Helgi Pétursson hefur umsjón með, *Stefnumót* Svanhildar Jakobsdóttur og *Skurðgröfuna*, þáttaröð Samúels Jóns Samúelssonar á laugardagskvöldum.

***Erlent samstarf***

Samstarf RÚV við Samband evrópskra útvarpsstöðva (EBU) er þýðingarmikill þáttur í starfi tónlistardeildar og hafa hlustendur notið þessa samstarfs í reglulegum útsendingum. RÚV og íslenskt tónlistarlíf hafa með þessu samstarfi verið virkir þátttakendur í frjóu samfélagi evrópsks tónlistarlífs því hljóðritanir RÚV standa öðrum Evrópuútvarpsstöðvum til boða auk þess sem RÚV hefur tekið þátt í alþjóðlegum samsendingum til milljóna hlustenda um allan heim, til dæmis á árlegum tónleikadögum EBU.
Útvarpað var beint daglangt frá jólatónleikadegi EBU 18. desember.

Í þetta sinn var framlag RÚV til jólatónleikadagsins útsending frá tónleikum kammerkórsins Carminu í Kristskirkju þar sem flutt var trúarleg tónlist úr íslenskum sönghandritum frá 15., 16., og 17. öld, bæði í upprunalegri mynd og í nýjum raddsetningum íslenskra tónskálda. RÚV útvarpaði einnig frá tónleikadegi EBU til heiðurs Franz Liszt 23. október en þá voru haldnir tónleikar víða um Evrópu til að minnast þess að 200 ár voru liðin frá fæðingu tónskáldsins.

RÚV tók í fyrsta sinn þátt í tveimur tónleikaröðum EBU, annars vegar svokallaðri „A la carte“ tónleikaröð þar sem aðildarstöðvarnar bjóða sína bestu tónleika og hins vegar Sumartónleikum EBU, sem eru hljóðritanir frá sumartónlistarhátíðum. Þetta var sérlega ánægjulegt með tilliti til þess að mikil samkeppni ríkir meðal aðildarstöðvanna um að koma tónleikum sínum að í þessar raðir. Í „A la carte“ varð fyrir valinu tónleikaupptaka RÚV frá opnunartónleikum fyrsta starfsárs Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu þar sem Víkingur Heiðar Ólafsson lék einleik undir stjórn Vladimirs Ashkenazys. Í sumartónleikaröðina voru það hljóðritanir frá Listahátíð í Reykjavík og hinni nýju sumartónlistarhátíð Víkings Heiðars Ólafssonar, Reykjavík Midsummer Music.

Í júlí og ágúst bauð Rás 1 hlustendum sínum að slást í hóp tónleikagesta á hinum fjölmörgu tónlistarhátíðum sem haldnar eru víða í Evrópu á sumrin. Á meðal hátíða sem útvarpað var frá að þessu sinni má nefna Listahátíðina í Björgvin, Schumannhátíðina í Düsseldorf, Lugano-hátíðina í Sviss, Varna-tónlistarhátíðina í Búlgaríu, Robeco-hátíðina í Amsterdam, Musica Mundi kammertónlistarhátíðina í Belgíu, Aix-en-Provence hátíðina í Frakklandi, Ceský Krumlov tónlistarhátíðina í Tékklandi,
Verbier-hátíðina í Sviss og síðast en ekki síst frá einni frægustu tónlistarhátíð heims, Proms, sumartónlistarhátíð Breska útvarpsins. Meðal þeirra sem þar komu fram má nefna hljómsveitir breska útvarpsins og kóra, píanóleikarana Kirill Gerstein og Nelson Freire, Kronos-kvartettinn og hljómsveitarstjórana Sakari Oraomo, Simon Rattle, Roger Norrington og Osmo Vänskä.

Tónleikaröðinni *Endurómi úr Evrópu* var útvarpað kl. 19–20 þrjá daga vikunnar. Þar var flutt tónlist af ýmsu tagi frá tónleikum og tónlistarhátíðum víðs vegar um Evrópu. Annan hvern mánuð voru laugardagskvöldin helguð óperum, en þá var útvarpað frá völdum sýningum í helstu óperuhúsum heims, og má þá nefna sérstaklega sýningar Metropolitan óperunnar í New York sem voru í beinni útsendingu. Mikið samstarf er einnig við tónlistardeildir ríkisútvarpsstöðva annars staðar á Norðurlöndunum og við Eystrasalt. Stöðvarnar skiptast á hljóðritunum frá jazztónleikum og standa sameiginlega að tónleikaröð



# RÁS 1



sem boðin er til EBU, „Nordic-Baltic Concert Series“, þar sem hver stöð leggur til eina sinfóníska tónleika. Framlag RÚV var hljóðritun frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem Ilan Volkov stjórnaði sinfóníu eftir Johannes Brahms og nýju verki eftir Önnu Þorvaldsdóttur, og Sæunn Þorsteinsdóttir lék einleik í sellókonserti eftir Henri Dutilleux. Tónlistardeildin tók einnig þátt í samstarfsverkefninu „Nordic-Baltic Women Composers Project 2012“ þar sem hver þjóðanna átta sendi inn hljóðrit af verkum eftir tvö af sínum helstu kventónskáldum, einu sögulegu og einu ungu og var þetta hugsað til útsendingar á alþjóðlega kvennadeginum 8. mars. Framlag RÚV voru hljóðritanir af verkunum Eldi eftir Jórunni Viðar og flautukonsertinum Flutter eftir Þuríði Jónsdóttur. Einnig



má nefna að norræna tónlistarhátíðin Norrænir músíkdagar (Nordic Music Days), sem er elsta nútímatónlistarhátíð heims, var haldin í Hörpu í Reykjavík dagana 6.–9. október. RÚV hljóðritaði alla tónleika hátíðarinnar en þar komu fram 160 listamenn og flutt var tónlist eftir á sjötta tug norrænna tónskálda.

Einn mikilvægasti þátturinn í starfi tónlistardeildar og RÚV alls er hljóðritun á tónlist. Með beinum útsendingum frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands gegnir Rás 1 lykilatriði við miðlun tónlistar til allra landsmanna. Útsendingar frá viðburðum eins og sýningum Íslensku óperunnar (sem í ár voru tvær og í fyrsta sinn úr Hörpu), Jazzhátíð og Listahátíð í Reykjavík eru einnig mikilvægir liðir í dagskránni, sem og vikulegar útsendingar í sunnudagsþættinum *Úr tónlistarlífinu* þar sem leiknar eru tónleikahljóðritanir frá því sem hæst ber í tónlistarlífinu hverju sinni. Á meðal tónleika sem útvarpað var frá á síðasta ári




má, auk þess sem þegar hefur verið minnst á, nefna tónleika þeirra Mariu João Pirez píanóleikara og Maxims Vengerovs fiðluleikara í Hörpu og tónleika fyrstu gestahljómsveitarinnar sem lék í Hörpu, Sinfóníuhljómsveitar Gautaborgar undir stjórn Gustavos Dudamels. Einnig má nefna tónleika Mótettukórs Hallgrímskirkju, tónleika Kammersveitar Reykjavíkur, tónleika frá tónlistarhátíðunum í Skálholti og Reykholti, tónleika úr tónleikaröðinni Tíbrá, tónleika Kammermúsíkklúbbsins, aðventutónleika kammerkórsins Schola cantorum, tónleika Tríós Reykjavíkur, tónleika Elektra ensemble, tónleikahljóðritanir frá Þjóðlagahátíðinni á Siglufirði og úr hádegistónleikaröðinni Klassík í hádeginu. Einnig var útvarpað frá tónlistarhátíð Tónskáldafélags Íslands, Myrkum músíkdögum, en hátíðin var sett með tónleikum sem fram fóru í Útvarpshúsinu og sendir voru út beint, og frá Tectonics, nýrri samtímatónlistarhátíð Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem haldin var í mars. RÚV hefur einnig verið í samstarfi við tónlistarhátíðina Við Djúpið undanfarin ár. Hátíðin átti 10 ára afmæli í sumar og að þessu sinni var lokatónleikunum útvarpað beint frá Hömrum á Ísafirði, auk þess sem flestir tónleikar hátíðarinnar voru hljóðritaðir.

RÚV stendur einnig fyrir stúdíóupptökum sem hafa verið skrautfjöður í hátíðardagskránni, sérstaklega um jól og páska. Á meðal fastra liða er jólalag RÚV sem pantað er árlega hjá íslensku tónskáldi, en jólalag ársins 2011 var „Enn fagnar heimur“ eftir Daníel Bjarnason í flutningi Schola cantorum. Af öðrum stúdíóupptökum sem RÚV stóð fyrir og útvarpað var í hátíðardagskrá má nefna hljóðritun á sellósónötum eftir Joseph Bodin Boismortier og Jean-Baptiste Barrière í flutningi sellóleikaranna Steinunnar Arnbjargar Stefánsdóttur og Mathurin Matharels, og Guðrúnar Óskarsdóttur semballeikara, hljóðritun á sellókonserti Dvoráks sem Sæunn Þorsteinsdóttir lék með Sinfóníuhljómsveit Íslands og hljóðritun á sönglögum Jóns Leifs við ljóð Jónasar Hallgrímssonar með Hamrahlíðarkórnum undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur.

***Jazztónlist***

Framlag til Northern Jazz tónleikaraðarinnar, samstarfsverkefnis Norðurlandanna og Eystrasaltsþjóðanna, var hljóðritun með kvintetti trompetleikarans Ara Braga Kárasonar, frá Menningarhátíð Seltjarnarness, 2. október 2011. Ari Bragi var fyrr á árinu valinn „bjartasta vonin“ á Íslensku tónlistarverðlaununum.

Samstarf RÚV og Jazzhátíðar Reykjavíkur (áður RúRek) hefur staðið frá upphafi hátíðarinnar, í rúma tvo áratugi, og jafnan hefur fjöldi tónleika verið hljóðritaður eða sendur út beint á Rás 1. Ýmsir tónleikar voru að venju hljóðritaðir á Jazzhátíð, síðsumars 2012 í Hörpu, m.a. með kvartetti norska píanóleikarans Tord Gustavsen, íslenska K-tríóinu, norrænum kvartetti Andrésar Þórs Gunnlaugssonar, norska tríóinu Splashgirl og New York sveitinni Melismetiq með Ara Braga Kárasyni. Af öðrum jazztónleikum sem voru hljóðritaðir á vegum Rásar 1 klúbbnum Múlanum, 20 ára afmælistónleika Stórsveitar Reykjavíkur og Glenn Miller tónleika sömu sveitar með ýmsum íslenskum söngvurum. Einnig tónleikar ADHD, tríós Sunnu Gunnlaugsdóttur, tríós Sebastians Studnitzky trompetleikara úr Mezzoforte og Stórsveit Samúels Jóns Samúelssonar, á eins dags jazzhátíðinni „Lyginni líkast“ 1. apríl 2012 í Hörpu, og Íslandsheimsókn European Jazz Orchestra í maí 2012.

# RÁS 2




## RÁS 2

Hlustun á Rás 2 var nokkuð stöðug á tímabilinu og útvarpsstöðin heldur áfram að vinna undir slagorðum á borð við „fyrst og fremst í íslenskri tónlist“ og „fyrst og fremst í lifandi tónlist“. Rásin gegnir enn veigamiklu hlutverki við að kynna ungt og efnilegt íslenskt tónlistarfólk og fjölmargir tónlistarmenn hafa stigið sín fyrstu skref í samstarfi við Rás 2 undanfarin ár. Auðvelt er að halda því fram að Rás 2 sé ein af veigameiri stoðum tónlistarlífsins í landinu. Starfsmenn eru sem fyrr opnir fyrir ólíkum tónlistarstefnum og óþekktu tónlistarfólki, auk þess sem samstarf við eldri og reyndari tónlistarmenn og hljómsveitir er einnig með besta móti. Riflega 50% af tónlistinni sem hljómaði á Rás 2 var íslensk. Meðal samstarfsverkefna sem tengjast íslenskri tónlist má nefna að Rás 2 tók þátt í Íslenska tónlistarsumrinu 2012 með margvíslegum hætti. Auk þess hljóðritaði Rás 2 og/eða sendi beint út frá fjölda tónlistarviðburða.

Aukið vægi samfélagsmiðla á netinu krefst þess að starfsmenn séu iðnir við að búa til grípandi þáttafærslur á vef eða í hlaðvarpi RÚV og duglegir að deila þeim á miðla á borð við Facebook, YouTube, Twitter o.fl. og má því segja að starf dagskrárgerðarmannsins hafi breyst töluvert undanfarin ár. Það er ekki lengur nóg að koma vel undirbúinn til leiks og skila góðri útsendingu á hljóðvarpsrásinni, því eftirvinnslan skiptir ekki síður máli fyrir þann gífurlega fjölda hlustenda sem kýs að hlusta og/eða skoða eftir að útsendingartíma lýkur.

### *Daglegir þættir*

Líkt og undanfarin ár lagði Rás 2 áherslu á beinar útsendingar í daglegum þáttum. Rás 2 er auðvitað ekki aðeins tónlistarútvarp og til einföldunar má segja að hún sé tónlistar-, frétta- og íþróttaútvarp þar sem samfélagsmál, upplýsinga- og öryggishlutverk skipa veigamikinn sess. Fréttastofa RÚV hefur yfirumsjón með *Morgunútvarpinu* á Rás 2 alla virka daga, *Síðdegisútvarpinu* og *Speglinum* eftir kvöldfréttir, auk þess sem flestum fréttatímum Fréttastofu var útvarpað samhliða á Rás 1 og Rás 2. *Morgunútvarpið* á Rás 2 var undir stjórn Guðmundar Pálssonar, Margrétar Marteinsdóttur og Þórðar Helga Þórðarsonar. Guðfinnur Sigurvinsson, Hallgrímur Thorsteinsson og Linda Blöndal höfðu umsjón með *Síðdegisútvarpinu*. Í þessum þáttum er farið yfir fréttir á mannamáli og rýnt í mikilvægustu og skemmtilegustu þjóðmálin. Í hverri viku er fjallað ítarlega um fréttir af innlendum og

erlendum vettvangi með reyndustu fréttamönnum RÚV heima og erlendis. Einnig er fjallað um menningu, vísindi og íþróttir í báðum þáttum.

Útvarpsþátturinn *Virkir morgnar* var á dagskrá alla virka morgna. Umsjónarmenn voru Andri Freyr Viðarsson og Guðrún Dís Emilsdóttir og er óhætt að segja að þau hafi slegið í gegn með sínu líflega og frjálslega fasi, því hlustun á þessum tíma jókst jafnt og þétt á tímabilinu. Meðal fastra dagskrárliða *Virkra morgna* má nefna mánudagsdrottningarviðtalið, flóamarkaðinn, bókabardagann, spurningakeppni stéttanna og föstudagsuppgjörið, að ógleymdum fjölmörgum heimsóknum tónlistarmanna sem tóku lagið í beinni útsendingu úr Stúdíói 1 í Efstaleiti.

*Poppland* á Rás 2 var áfram á dagskrá eftir hádegisfréttir alla virka daga í umsjá Matthíasar Más Magnússonar og Ólafs Páls Gunnarssonar. Meðal dagskrárliða í *Popplandi* voru plata vikunnar, kvikmyndaumfjöllun, nýjustu fréttir af Elvis og tunglinu, nýjasta tækni og vísindi, einu sinni var og vikulegur lifandi flutningur tónlistarmanna í Stúdíói 12. Síðastnefndi dagskrárliðurinn var einnig fluttur á YouTube á tímabilinu. Útvarpsútsendingin var jafnframt fest á mynd og hljóð og mynd klippt saman fyrir þennan vinsæla samfélagsmiðil og útkomunni var deilt í þáttafærslum á vefnum www.ruv.is. Þessi nýbreytni vakti mikla lukku hjá fjölmörgum hlustendum Rásar 2. Í *Popplandi*, sem hefur verið óslitið á dagskrá Rásar 2 frá 1998, eru líka sagðar fréttir úr tónlistarlífinu sem hvergi annars staðar koma fram í dagskrám RÚV og eru einnig settar á vefinn.

Alla virka daga er dagskráin að degi til í beinni útsendingu en það tryggir meðal annars að rjúfa má dagskrá fyrirvaralaust ef koma þarf áríðandi skilaboðum til þjóðarinnar. Öryggishlutverkið taka starfsmenn Rásar 2 mjög alvarlega og eiga gott samstarf við Fréttastofu RÚV. Íþróttaviðburðum voru einnig gerð góð skil með lýsingum í útvarpi. Gildir þetta um beinar lýsingar á mikilvægum landsleikjum og innlendum kappleikjum hvers konar. Til að mynda voru beinar útsendingar frá úrslitakeppni Evrópumótsins í handbolta karla í Serbíu áberandi í upphafi ársins og frá Ólympíuleikunum í Lundúnum síðasta sumar.

Á virkum dögum byggist dagskrá Rásar 2 á framlagi tólf fastra starfsmanna. Dagskrá sem send er út á kvöldin og um helgar er hins vegar að stórum hluta unnin af utanhússfólki sem tekur að sér einstaka dagskrárliði.



# RÁS 2



***Kvöld- og helgarþættir***

Felix Bergsson og Margrét Blöndal sameinuðu krafta sína á laugardagsmorgnum undir nafninu *Bergsson & Blöndal*. Margrét sendi út frá Akureyri en Felix var stundum í Efstaleiti og stundum einhvers staðar allt annars staðar í heiminum. Meðal fastra liða á tímabilinu var topp 10 listinn, þar sem umsjónarmenn skoðuðu allt milli himins og jarðar og fengu hlustendur til að hjálpa sér við að gera skemmtilega lista. *Helgarvaktin*, með Heiðu Ólafsdóttur og Ævari Þór Benediktssyni, var á dagskrá á laugardögum eftir hádegisfréttir en í byrjun sumars kom Daníel Geir Moritz í stað Ævars, en hann bar þá titilinn Fyndnasti maður Íslands. Góðir gestir, mannlífið í landinu og blönduð tónlist fyrir alla hlustendur Rásar 2 var í boði á *Helgarvaktinni*. *Vinsældalisti Rásar 2* hélt sínu striki síðdegis á laugardögum en hann var í umsjá Sighvats Jónssonar.

*Sirrý* var áfram á dagskrá á sunnudagsmorgnum. Efnistökin hjá Sigríði Arnardóttur voru að vanda ljúf og létt með jákvæðni að leiðarljósi. Meðal efnis var bein lína, þar sem hlustendur gátu tjáð sig um málefni líðandi stundar. Guðni Már Henningsson stóð vaktina eftir hádegi á sunnudögum. Vilhelm Anton Jónsson stýrði spurninga- og skemmtiþættinum *Nei hættu nú alveg* síðdegis á sunnudögum og *Rokkland* Ólafs Páls Gunnarssonar var sem fyrr á dagskrá á sunnudögum eftir síðdegisfréttir.



Meðal kvöldþátta á tímabilinu má nefna *Hið opinbera* í umsjá Ágústs Bogasonar sem lagði áherslu á nýja íslenska tónlist á sunnudagskvöldum og *Auglit* Guðna Más Henningssonar var á dagskrá á þriðjudagskvöldum. *Hlustið og þér munið heyra* í umsjá Ásgeirs Eyþórssonar var á dagskrá á miðvikudagskvöldum og þar var lögð áhersla á nýja tónlist, jafnt íslenska sem erlenda, auk þess sem þar heyrðust reglulega tónleikaupptökur víðs vegar að úr heiminum. Þá var Rás 2 með íþróttaþátt tvisvar í viku, *Sportrásina*, í umsjá Þórðar Helga Þórðarsonar, Dodda litla. Fylgst var með öllum helstu íþróttaviðburðum líðandi stundar og íþróttafólki var boðið í spjall auk þess sem flutt var létt tónlist og lýsingar frá kappleikjum.

Á föstudagskvöldum var *Plötuskápurinn* í umsjá Gunnlaugs Sigfússonar, Halldórs Inga Andréssonar og Sigurðar Sverrissonar á dagskrá. Þeir eru allir reyndir blaða- og útvarpsmenn sem hafa fjallað um tónlist í áratugi en sneru aftur til dagskrárgerðar í útvarpi eftir nokkurra ára hlé. Matthías Már Magnússon

spilaði svo rokk og ról af öllum stærðum og gerðum í þættinum *Luftgítar* á laugardagskvöldum.

*Popppressa* Andreu Jónsdóttur var á dagskrá eftir tíufréttir á miðvikudagskvöldum. Í þættinum er fylgst með alls konar tónlistarfólki á öllum aldri og því gerð skil í tali og tónum, auk þess sem Andrea gluggar í erlenda og innlenda tónlistarpressu. Seint á mánudags- og fimmtudagskvöldum voru á dagskrá klukkutímalangir sérhæfðir tónlistarþættir sem mæltust vel fyrir hjá fjölmörgum hlustendum. Þorsteinn Hreggviðsson stjórnaði *Streymi* á mánudagskvöldum eftir tíufréttir og þar var tekið á því helsta sem var að frétta á tónlistarbloggum alnetsins. Daníel Ólafsson sá svo um *Haförninn* seint á mánudagskvöldum, þar sem hip-hop- og rapptónlist voru gerð góð skil.

Á fimmtudagskvöldum eftir tíufréttir var *Skúrinn* á dagskrá í umsjá Gunnars Gunnarssonar og Ragnars G. Gunnarssonar. Þar voru ungar og efnilegar íslenskar hljómsveitir sóttar heim, eða þeim boðið í Útvarpshúsið til upptöku á nýju efni. Meðal hljómsveita sem stigið hafa sín fyrstu skref í *Skúrnum* má nefna Of Monsters & Men og 1860. Sigvaldi Ástríðarson spilaði svo þungarokk seint á fimmtudagskvöldum í þættinum *Dordingli*.

Sú nýbreytni var tekin upp á tímabilinu að bjóða upp á klukkutíma langan tónlistarþátt með ljúfri og þægilegri tónlist eftir miðnætti fjóra daga vikunnar. Þátturinn, sem nefnist *Inn í nóttina*, var í umsjá Huldu G. Geirsdóttur og mæltist mjög vel fyrir hjá hlustendum Rásar 2. Ásgeir Eyþórsson og Heiða Ólafsdóttir brúuðu bilið í stuttum tónlistarþáttum, *Milli frétta*, um helgar. *Næturvakt* Guðna Más Henningssonar og Inga Þórs Ingibergssonar stytti hlustendum stundir á föstudags- og laugardagskvöldum frá 22 til klukkan 2 eftir miðnætti.

Skemmtiþátturinn *Gestir út um allt* hélt áfram í beinni útsendingu af stóra sviðinu í menningarhúsinu Hofi á Akureyri og var á dagskrá síðasta sunnudag í mánuði. Margrét Blöndal og Felix Bergsson tóku á móti gestum ásamt dúettinum Hannesi og Helga og hljómsveit Hjörleifs Jónssonar. Frábærir listamenn komu í heimsókn og áhorfendur fylltu salinn í Hofi og tóku virkan þátt í gleðinni.

*Dansþáttur þjóðarinnar*, *Party Zone*, er ekki lengur sendur út í hefðbundinni dagskrá en hægt er að nálgast upptökur af þáttunum á vef RÚV. Þar kemur nýr þáttur inn öll laugardagskvöld auk þess sem hægt er að hlaða þáttunum niður af hlaðvarpi RÚV. Þessi nýbreytni gæti verið upphafið að Rás 3, en Party Zone er fyrsti þátturinn í sögu RÚV sem eingöngu er á netinu.

### *Tónleikaupptökur og samstarf við tónlistarmenn*

Rás 2 hljóðritaði fjölmarga tónleika á tímabilinu og var í samstarfi við fjölda íslenskra tónlistarmanna og hljómsveita, jafnt á höfuðborgarsvæðinu sem á ferðum margra þeirra um landið.

Stórtónleikar Rásar 2 á Menningarnótt voru, eins og undanfarin ár, einn allra stærsti viðburður ársins á Rás 2. *Tónaflóð* Rásar 2 var haldið í samstarfi við Reykjavíkurborg, Exton og Vodafone við Arnarhól. Þar stigu á stokk Eivör Pálsdóttir, KK Band, Retro Stefson og Jónas Sigurðsson & Ritvélar framtíðarinnar. Mikill mannfjöldi safnaðist saman á Arnarhóli og naut *Tónaflóðs*, auk þess sem góð hlustun mældist á Rás 2 þetta kvöld, eins og endranær á Menningarnótt. Tónleikarnir voru einnig í beinni útsendingu í sjónvarpinu.

Tónleikaupptökur Rásar 2 voru fjölmargar og fjölbreyttar. Meðal þeirra má nefna jólatónleika með KK & Ellen, Þorláksmessutónleika Rásar 2 með Baggalúti og afmælistónleika Svanfríðar í Austurbæ, að ógleymdri tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves 2011 þar sem tónleikar á fimmta tugar flytjenda voru hljóðritaðir. Þar á meðal voru tónleikar Sinead O'Connor í Fríkirkjunni, Beach House í Listasafni Reykjavíkur og Johns Grant, Mugisonar og Of Monsters & Men í Hörpu.

Beinar útsendingar frá tónleikum og tónlistarviðburðum voru áberandi eins og endranær. Hér má nefna úrslit Músíktilrauna 2012, Mugison í Hörpu 22. desember, Akureyrarvöku í tilefni af 150 ára afmæli Akureyrarbæjar í ágúst (200.000 naglbítar, Baraflokkurinn, Skriðjöklar, Hvanndalsbræður og Dægurlagapönkhljómsveitin Húfa), Ljósanótt í Reykjanesbæ (Jónas Sigurðsson, Eldar, Tilbury, Gálan og Moses Hightower), Aldrei fór ég suður, um páskana (Mugison, Retro Stefson, Skálmöld, HAM, Reykjavík, Snorri Helgason, Páll Óskar og Sunnukórinn, Svavar Knútur, Dúkkulísur o.fl.) Bræðsluna 2012 á Borgarfirði eystra (Mugison, Fjallabræður, Valgeir Guðjónsson, The Lovely Lion og

# RÁS 2

Contalgen Funeral), KK Band í Vagninum á Flateyri, Baggalútur í Hörpu á Listahátíð (með sjónvarpinu) o.fl.

Meðal annarra tónleika og tónlistarviðburða sem Rás 2 studdi við og/eða hljóðritaði má nefna tónleikaröðina Fuglabúrið (Snorri Helga & Helgi Pé, Valgeir Guðjónsson & Jón Jónsson, Pétur Ben & Ellen Kristjáns o.fl.), Af fingrum fram (Björgvin Gíslason, Magnús Kjartansson, Magnús & Jóhann, Páll Óskar, Ellen Kristjánsdóttir, Eivör Pálsdóttir o.fl.), afmælistónleika Quarashi á Nasa, Bryan Ferry í Hörpu (Mandela dagar í Reykjavík), Wacken Metal Battle hljómsveitakeppnina, Músmos í Álafosskvos, Freddy Mercury heiðurstónleika í Hörpu, Jólatónleika Sigurðar Guðmundssonar í Háskólabíói, John Grant í Austurbæ, Stórsveit Reykjavíkur og Gáttaþef í Háskólabíói, Veislufjör á ferð um landið (Snorri Helgason, Mr. Silla og Hugleikur Dagsson) og Partýþokuna (Prins Póló, Ojba Rasta, FM Belfast, Sin Fang, Borko, Mammút, Jónas Sigurðsson o.fl.) svo nokkrir séu nefndir.



## NÝSKÖPUN, KEPPNI OG SAMSTARF

Rás 2 hefur verið samstarfsaðili Iceland Airwaves frá upphafi og alls hljóðritað yfir 400 tónleika á hátíðinni frá því hún var fyrst haldin. Upptökunum hefur verið útvarpað í heild eða að hluta í tónleikaþáttum í kvölddagskrá Rásar 2 undanfarin ár auk þess sem stök lög frá þessum tónleikum sem öðrum eru skemmtilegt krydd í hina ýmsu þætti. Völdum upptökum hefur Rásin dreift til aðildarstöðva Sambands evrópskra útvarpsstöðva (EBU) í gegnum dreifikerfi EBU og þannig komið íslenskri tónlist til milljóna útvarpshlustenda víða um heiminn. Árið 2012 varð engin breyting þar á og tónleikar 10 hljómsveita/listamanna sem Rás 2 hljóðritaði á Airwaves 2011 voru boðnir aðildarstöðvum EBU í ágúst.

Músíktilraunir eru fastur liður í tilveru Rásar 2. Þær voru að vanda sendar út beint eins og verið hefur ár hvert frá 1992. Að þessu sinni sigraði hljómsveitin RetRoBot, en 2010 bar hljómsveitin Of Monsters And Men sigur úr býtum og sú sveit er nú ein af vinsælustu hljómsveitunum í



dægurlagaheiminum. Músíktilraunir eru mikilvægur vettvangur fyrir ungt tónlistarfólk og Rás 2 gegnir þýðingarmiklu hlutverki við að koma þessum hópi á framfæri en útvarpsþátturinn *Skúrinn* var í góðu sambandi við keppendur, fyrir og eftir keppnina.

Samstarf Rásar 2 og Innlendrar dagskrárdeildar sjónvarps var töluvert á tímabilinu. Lögin í *Söngvakeppni Sjónvarpsins* voru kynnt á Rás 2 áður en þau voru flutt í sjónvarpinu. Fyrstu keppnirnar í spurningaþættinum *Gettu betur* voru sendar út á Rás 2 en fóru síðan yfir í sjónvarpið þegar átta liða úrslitin hófust. Rás 2 átti einnig gott samstarf við *Hljómskálann* og *Popppunkt* á RÚV.

Jólalagakeppni Rásar 2 var á sínum stað fyrir jólin 2011 og þar sigraði hljómsveitin White Signal sem skipuð er kornungu og efnilegu tónlistarfólki. Að vanda völdu hlustendur og starfsmenn Rásar 2 bestu íslensku og erlendu plötur ársins 2011.



# SJÓNVARP



Markvisst er áfram unnið að því að auka hlutdeild innlends efnis í sjónvarpinu kl. 19:00–23:00 en sá tími er kallaður kjörtími. Sem fyrr er höfuðáhersla lögð á vetrardagskrána, þ.e. tímabilið frá september til maí. Á dagskrá sumarsins voru tveir stórir íþróttaviðburðir ráðandi, EM í knattspyrnu karla og Ólympíuleikarnir. Af íslenskum sumarþáttaröðum má nefna *Flikk-flakk*, *Gulli byggir*, *Gómsæta Ísland*, *Popppunktur* og *Andri á flandri*. Markaðshlutdeild sjónvarps var að meðaltali 62,7% á kjörútsendingartíma sem er aukning um 3% á milli ára.

Yfir vetrarmánuðina voru frumsýndar margar íslenskar heimildarmyndir, Edduverðlaunamyndin *Andlit norðursins*, *Jón og séra Jón*, *Bakgarðurinn (Backyard)*, *Óskin*, *Skjaldborg* og *Leyndardómar eldfjallsins.* Leikin íslensk sjónvarpsþáttaröð, *Kexvexmiðjan*, var frumsýnd, sem og upptaka frá leikverkinu *Fólkinu í kjallaranum*. Einnig voru frumsýndar íslenskar stuttmyndir, kvikmyndir í fullri lengd og sýnt beint frá tónleikum. Af skemmtiþáttum má nefna *Dans dans dans*, *Hljómskálann* og *Ísþjóðina með Ragnhildi Steinunni.* *Kastljós* var á dagskrá allt árið að frátöldu löngu sumarleyfi. Aðrir þættir sem hafa fest sig í sessi í dagskrá sjónvarpsins síðastliðin ár, sneru aftur í september. Má þar nefna Edduverðlaunaþættina *Silfur Egils*, *Kiljuna* og *Útsvar*.

*Söngvakeppni Sjónvarpins*, *Gettu betur*, *Popppunktur*, *Stundin okkar* og *Alla leið* áttu sinn fasta sess í dagskránni. *Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva* var haldin í Bakú í Aserbaídsjan í maí. Sigurvegararnir í *Söngvakeppni Sjónvarpsins*, Greta Salome og Jónsi með lagið Never forget eftir Gretu Salome, kepptu fyrir Íslands hönd og hafnaði lagið í 20. sæti.

Áhorfendur kunnu vel að meta lengda dagskrá um jól og páska árið áður og var ákveðið að hafa sama fyrirkomulag þetta rekstrarár. Frá mánudeginum 19. desember hófst dagskráin á hádegi og var samfelld allan daginn til miðvikudagsins 4. janúar. Sjálfa hátíðisdagana hófst dagskráin að venju kl. 8:00 með barnaefni. Dagskráin í vikunni fyrir páska hófst á barnaefni kl. 8:00 alla daga frá mánudeginum 2. apríl.

Framboð á barna- og unglingaefni jókst lítillega á milli ára eða um 25 klst. og var ríflega 11% af heildarútsendingartíma eða um 583 klst. Meðal innlends efnis má nefna *Stundina*

*okkar* sem hóf á tímabilinu sitt fertugasta og sjötta starfsár. Áfram var lögð áhersla á talsetningu barnaefnis en með vönduðu talsettu barnaefni er yngstu áhorfendunum gert hátt undir höfði. Barnaefnið kemur m.a. úr smiðju Walts Disney en það er sýnt á sunnudagsmorgnum í *Disneystundinni*. Notaðar eru um það bil 15–20 leikraddir að meðaltali í hvern 24 mínútna talsettan þátt en fjöldi radda segir oft til um hversu metnaðarfull dagskrárgerðin er.

Á rekstrarárinu voru 706 klukkustundir af sjónvarpsefni textaðar á síðu 888 í Textavarpinu. Þar af voru 303 klst. af frumsýndu efni og 403 klst. af endursýndu. Frumflutt textað efni jókst um 55 klst. á milli rekstrarára en það er rúmlega 22% aukning. Áfram verður haldið að veita heyrnarskertum og heyrnarlausum greiðan aðgang að dagskrá sjónvarps.

## FLOKKUN EFNIS

Útsendingartími í sjónvarpi nam samtals 4.270 klst. eða að meðaltali um 11,7 klst. á dag. Fækkað hefur um 120 klst. á milli ára en hafa ber í huga að á árinu voru íþróttaviðburðir einnig sendir beint út á aukarás. Þannig voru 8,5 klst. frá EM í knattspyrnu karla sendar út á aukarásinni, 143 klst. frá Ólympíuleikunum, 78 klst. frá Ólympíumóti fatlaðra og um 20 klst. frá öðrum íþróttaviðburðum s.s. tennis og landsleikjum í handknattleik og knattspyrnu. Samtals voru sendar út um 205 klst. á aukarásinni. Í raun jókst heildarútsendingartími á milli ára um 130 klst. Helgardagskrá sjónvarps var að venju lengri en á virkum dögum. Sjónvarpsdagkráin er flokkuð eftir uppruna og tegund samkvæmt skilgreiningu Sambands evrópskra sjónvarpsstöðva (EBU).

Af heildardagskrá var innlent efni 46% og erlent efni 54%. Hlutur innlends efnis af heild minnkar á milli ára en á sama tíma jókst innlent efni á kjörtíma um 2,8% en mestu munar þar um innlenda þætti og útsendingar frá stórviðburðum. Til dæmis voru þáttaraðirnar *Popppunktur*, *Andri á flandri* og *Gulli byggir* sýndir á sumarmánuðum. Á tímabilinu var innlent efni á kjörtíma 56,1% og erlent efni 43,9%.

Að Íslandi meðtöldu er megnið af dagskrá sjónvarps, ríflega 73%, af evrópskum uppruna, 25% eru frá Bandaríkjunum og 1,9% frá öðrum löndum. Efni frá Bandaríkjunum hefur aukist á milli ára en skýringin er að á árinu hófust aftur sýningar á *Leiðarljósi*.

## SKIPTING DAGSKRÁREFNIS RÚV Á REKSTRARÁRINU




*Evrópskt efni var í hávegum haft á nýliðnu rekstrarári. Að íslensku efni meðtöldu nam það 73,1% af útsendu efni og hefur minnkað lítillega, eða um 1% á milli ára.*

# SJÓNVARP



## EDDUVERÐLAUNIN

Edduverðlaunin voru afhent laugardaginn 18. febrúar í Gamla bíói og uppskera RÚV þetta árið var býsna góð.

RÚV átti allar fimm tilnefningarnar í flokknum Frétta- eða viðtalsþáttur ársins. Tilnefndir voru þættirnir *Guðrún Ebba*, *Gyrðir Elíasson*, *Kastljós*, *Landinn* og *Silfur Egils* og hlaut *Landinn* Edduverðlaunin annað árið í röð.

Þáttaröðin *Hljómskálinn* sem Stjörnusambandsstöðin framleiddi fyrir RÚV hlaut Edduverðlaun í flokknum Menningar- eða lífsstílsþáttur ársins. Einnig voru tilnefndar í þeim flokki þáttaraðirnar *Andri á flandri*, *Átta raddir*, *Djöflaeyjan* og *Kiljan* sem allar voru sýndar á RÚV.

*Áramótamót Hljómskálans*, sem RÚV framleiddi, fékk Edduverðlaunin sem skemmtiþáttur ársins en í þeim flokki voru einnig tilnefndir þættirnir *Dans dans dans*, sem Saga film framleiddi, og *Popppunktur*. Ragna Fossberg tók við verðlaunum fyrir gervi ársins í þriðja sinn, að þessu sinni fyrir *Áramótaskaupið*.

Sjónvarpsmaður ársins var valinn Jóhannes Kr. Kristjánsson en einnig voru tilnefnd þau Bogi Ágústsson, Egill Helgason, Gísli Einarsson og Þóra Arnórsdóttir sem öll starfa hjá RÚV. Sú síðastnefnda hlaut einnig áhorfendaverðlaun ársins.

*Andlit norðursins*, sem Saga film framleiddi og sýnd var á RÚV á jóladag, var valin heimildarmynd ársins.

Af öðrum tilnefningum má nefna að leikna þáttaröðin *Tími nornarinnar*, sem Pegasus framleiddi fyrir RÚV, var tilnefnd í flokknum Leikið sjónvarpsefni og *Stundin okkar* og *Jólastundin* fengu tilnefningu í flokknum Barnaefni ársins.

Auk þessa hlutu tilnefningar heimildarmyndir, kvikmyndir og stuttmyndir sem RÚV hefur fest kaup á. Það voru heimildarmyndirnar *Bakka-Baldur*, *Jón og séra Jón* og *Roðlaust og beinlaust* og kvikmyndirnar *Á annan veg*, *Borgríki* og *Eldfjall*, en sú síðastnefnda hlaut Edduna, og stuttmyndirnar *Skaði* og *Lítill geimfari* og hlaut sú fyrrnefnda Edduna.

## NÝJAR ÞÁTTARAÐIR

*Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni* hóf göngu sína fimmtudaginn 1. september. Í þáttunum, sem voru átta talsins, var skyggnst inn í líf ungra og áhugaverðra Íslendinga. Viðmælendur Ragnhildar voru Þorvaldur Davíð Kristjánsson leikari, Helga Margrét Þorsteinsdóttir frjálsíþróttakona, Daníel Bjarnason tónskáld, Gunnar Nelson bardagakappi, Aníta Briem leikkona, Mundi vondi hönnuður, María Birta Bjarnadóttir athafnakona og Saga Sigurðardóttir ljósmyndari. Dagskrárgerð annaðist Eiríkur Ingi Böðvarsson.



## SKIPTING Á ÚTSENDU EFNI EFTIR SVÆÐUM




## SKIPTING Á ÚTSENDU EFNI EFTIR FLOKKUM




*Hljómskálinn* tók við á fimmtudögum í lok október. Umsjón hafði Sigtryggur Baldursson og honum til halds og trausts voru Guðmundur Kristinn Jónsson og Bragi Valdimar Skúlason sem skutu ýmsum fróðleik að áhorfendum milli tónlistaratriða. Viðfangsefni þáttanna var íslensk tónlist og í fyrsta þættinum, sem var lengri en hinir, var fjallað um Íslensku tónlistarverðlaunin. Í þáttunum litu dagsins ljós margar tónlistarperlur sem urðu til í samstarfi tónlistarmanna sem unnu nýtt efni fyrir þættina. Ólíkum tónlistarmönnum var stillt upp saman og útkoman kom gjarnan á óvart. Sem dæmi má nefna samstarf Magnúsar Þórs Sigmundssonar og Jónasar Sigurðssonar, FM Belfast og Jóhanns Helgasonar og hljómsveitarinnar Valdimars og Magnúsar Eiríkssonar. Afraksturinn var gefinn út á hljómdiski. Viðhafnarútgáfur voru gerðar af þáttunum, *Páskaeggjahræra Hljómskálans* og *Áramótamót Hljómskálans*, sem vöktu einnig athygli og *Áramótamótið* hlaut Edduverðlaun sem skemmtiþáttur ársins.

Í mars mætti útvarpsmaðurinn Andri Freyr Viðarsson aftur til leiks í nýrri sjö þátta seríu sem fékk heitið *Andraland*. Andri flandraði um Reykjavík, skoðaði áhugaverða staði, hitti skemmtilegt fólk og lenti í ýmsu klandri. Hann hitti t.d. safnara, útigangsmenn og listamenn, dansaði, fór á nördasamkomu og íshokkíleik. Framleiðandi þáttanna var Stórveldið.

Ný íslensk dansþáttaröð hóf göngu sína í lok október og fékk nafnið *Dans dans dans*. Keppt var í dansi og voru allar tegundir og dansstílar leyfileg í keppninni s.s. samkvæmisdansar, ballett, stepp, nútímadans, „streetdance“ og allt þar á milli. Einstaklingar og hópar gátu tekið þátt í keppninni en aldurstakmark var 16 ár. Prufur voru haldnar í Laugardalshöll og komust þrjátíu dansatriði í undanúrslitaþættina. Í úrslitaþættinum kepptu tíu atriði um verðlaunaféð, eina milljón króna. Dómnefnd skipuðu Katrín Hall, listrænn stjórnandi Íslenska dansflokksins, Karen Björk Björgvinsdóttir, danskennari og heimsmeistari í samkvæmisdönsum og Gunnar Helgason, leikari og leikstjóri, og þau fengu til sín gestadómara í hverjum þætti. Atkvæði dómnefndar giltu til jafns við atkvæði áhorfenda í símkosningu. Sigurvegari varð Berglind Ýr Karlsdóttir sem dansaði nútímadans. Þættirnir voru í beinni útsendingu frá Korputorgi og voru áhorfendur í sal. Kynnir var Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir, Þór Freysson stjórnaði útsendingu og Saga film framleiddi. Á föstudögum voru keppendur næsta þáttar kynntir til leiks og eins voru sýndir stuttir þættir með þeim dönsum sem komust áfram. Að keppni lokinni fengu áhorfendur að skyggnast baksviðs í upprifjunarþættinum *Dansað á bak við tjöldin*. Auk þess voru þættirnir sendir út á vefnum ásamt ítarefni sem tekið var upp þá daga sem keppnin var í beinni útsendingu.

# SJÓNVARP



## ÍSLENSKAR BÍÓMYNDIR OG STUTTMYNDIR

***Bíómyndir***

Í desember voru sýndar þrjár íslenskar kvikmyndir, *Desember* eftir Hilmar Oddsson, *Vaxandi tungl* sem Lýður Árnason leikstýrði og á annan dag jóla var sýnd kvikmyndin *Gauragangur* í leikstjórn Gunnars Björns Guðmundssonar. *Reykjavík Rotterdam* eftir Óskar Jónasson var á dagskrá í apríl.

Kvikmyndin sígilda, *79 af stöðinni*, frá 1962, eftir sögu Indriða G. Þorsteinssonar í leikstjórn Eriks Balling var á dagskrá á föstudaginn langa og *Mamma Gógó* eftir Friðrik Þór Friðriksson var sýnd á páskadag. Í báðum kvikmyndunum eru Kristbjörg Kjeld og Gunnar Eyjólfsson í aðalhlutverkum.

Í *Kviksjá* hélt Sigríður Pétursdóttir áfram að kynna áhorfendum íslenskar bíómyndir og ræða við aðstandendur þeirra. *Okkar eigin Ósló* eftir Reyni Lyngdal og *Húsið* eftir Egil Eðvarðsson voru sýndar í júní. Í júlí voru sýndar myndirnar *Paradox* eftir Sigurð Skúlason, *Skilaboð til Söndru* eftir Kristínu Bergþóru Pálsdóttur, *Benjamín dúfa* sem Gísli Snær Erlingsson leikstýrði og *Stella í orlofi* eftir Þórhildi Þorleifsdóttur. *Börn náttúrunnar* eftir Friðrik Þór Friðriksson var á dagskrá í ágúst.

Af endursýndum íslenskum kvikmyndum má nefna myndir eins og *Með allt á hreinu*, *Góða hjartað* og *Jóhannes*.

***Stuttmyndir***

Frumsýndar voru stuttmyndirnar *Verði þér að góðu* eftir Helenu Stefánsdóttur, *Eyja* eftir Dögg Mósesdóttur, *Anna* eftir Helenu Stefánsdóttur, *Konfektkassinn* eftir Guðrúnu Ragnarsdóttur, *Hótel Jörð* eftir Baldvin Z og *Huliðsfjall* eftir Óskar Þór Axelsson. Auk þess voru stuttmyndir nemenda í Kvikmyndaskólanum sýndar í þættinum *Kviksjá: Stuttmyndir Kvikmyndaskólans*.

Undir merkjum *Kviksjár* var í september sýnd stuttmyndin *Skröltormar* en áður ræddi Sigríður Pétursdóttir við leikstjórann, Hafstein Gunnar Sigurðsson. Einnig voru stuttmyndir Ísoldar Uggadóttur *Góðir gestir*, *Njálsgata* og *Hrein*, sýndar í febrúar og Sigríður ræddi áður við leikstjórann.

Endursýndar voru stuttmyndir Rúnars Rúnarssonar, *Síðasti bærinn*, *Smáfuglar* og *Anna*, einnig *Naglinn* og *Takk fyrir hjálpið*.

## SUMARDAGSKRÁ

Dagskrá sumarsins bar keim af því að tveir stórir íþróttaviðburðir áttu sér stað, EM í knattspyrnu karla og Ólympíuleikarnir og breyttist því sýningartími margra þátta



þ.m.t. aðalfréttatíminn sem færðist til kl. 18:00.

*Leitin að stórlaxinum* var þriggja þátta röð þar sem tvíburabræðurnir Ásmundur og Gunnar Helgasynir fóru í Laxá í Aðaldal, Jöklu, Breiðdalsá og Hofsá, í leit að stórlaxi í þeim tilgangi að komast í 20 punda klúbbinn og gekk á ýmsu. Þættirnir voru á dagskrá á miðvikudögum í maí. Framleiðandi var Vertigo.

Kastljós fór í tólf vikna sumarfrí frá miðjum júní til ágústloka og á meðan var áhorfendum boðið upp á nýjar þáttaraðir frá sjálfstæðum framleiðendum auk íslenskra kvikmynda og stuttmynda.

Mikil gróska er í gerð stuttmynda og á mánudagskvöldum í júlí og ágúst var á dagskrá þátturinn *Kviksjá: Stuttmyndir Kvikmyndaskólans* í umsjá Sigríðar Pétursdóttur. Þar voru sýndar valdar stuttmyndir eftir nemendur Kvikmyndaskóla Íslands en áður kynnti Sigríður myndirnar. Þættirnir voru alls níu og sýndar voru sautján myndir. Sýning myndanna er liður í samstarfi RÚV og Kvikmyndaskóla Íslands.

*Gulli byggir*, sem sló í gegn sumarið 2011, var á dagskrá á ný en nú á þriðjudagskvöldum. Sýndir voru átta þættir sem höfðu undirtitilinn *Í Undirheimum*. Leikarinn og húsasmiðurinn Gunnlaugur Helgason kenndi áhorfendum rétt handtök við flísalagningu, viðhald og breytingar á gömlum húsum. Krummafilms framleiddi þættina. *Gómsæta Ísland* var á dagskrá á fimmtudögum í júlí og ágúst, átta þættir í umsjón Völundar Snæs Völundarsonar sem ferðaðist um landið og hitti fólk sem sinnir ræktun, bústörfum eða hverju öðru sem viðkemur mat. Á hverjum stað voru eldaðir gómsætir réttir úr afurðum af staðnum. Þættirnir hafa verið sýndir víða erlendis og notið vinsælda. Framleiðandi þáttanna var Gunnar Konráðsson.



Á fimmtudögum í júlí var einnig á dagskrá þáttaröð sem fékk heitið *Flikk – flakk*. Á tveimur dögum réðust íbúar Vestmannaeyja og Hornafjarðar í umfangsmiklar framkvæmdir í samstarfi við snjalla hönnuði í því skyni að hressa upp á ásýnd bæjanna. Íbúarnir máluðu, smíðuðu, gróðursettu og hreinsuðu bæinn sinn og gömul hús fengu nýtt hlutverk. Í lok framkvæmdanna var slegið upp veislu á staðnum. Þættirnir voru fjórir, tveir á hvorum stað. Hönnuðir voru Dagný Bjarnadóttir, Egill Egilsson og Örn Smári Gíslason. Umsjón með þáttunum höfðu Guðrún Dís Emilsdóttir og Þórhallur Gunnarsson sem einnig samdi handrit og lagði grunn að þáttunum, en dagskrárgerð og stjórn upptöku annaðist Sigurður Jakobsson.

Ný sex þátta röð af *Með okkar augum*, hófst miðvikudaginn 4. júlí og var að þessu sinni á dagskrá eftir sjö-

# SJÓNVARP



fréttir. Í þáttunum skoðaði fólk með þroskahömlun málefni líðandi stundar með sínum augum og spurði þeirra spurninga sem því eru hugleiknar. Elín Sveinsdóttir sá um dagskrárgerð en þættirnir voru framleiddir í samstarfi við Þroskahjálp.

## SAMFÉLAGSUMFJÖLLUN OG MÁLEFNI LÍÐANDI STUNDAR

*Kastljós* var á dagskrá alla virka daga en vegna útsendinga frá EM í knattspyrnu karla og Ólympíuleikunum fór þátturinn í tólf vikna frí, frá miðjum júní til ágústloka. Í þættinum voru tekin fyrir málefni líðandi stundar, fjallað um menningu, listir og dægurmál hvers konar. Helstu fréttir samfélagsins á hverjum tíma voru til umfjöllunar, bæði með fréttaskýringum og viðtölum. Nokkur fréttamál voru áberandi í þættinum á árinu, s.s. viðamikil umfjöllun um leyniskýrslu um fjárhags- og bókhaldskerfi ríkisins. Þá var sýnd ítarleg frásögn Eiríks Inga Jóhannssonar sem komst einn af úr hörmulegu sjóslysi við Noregsstrendur. Ritstjóri var Sigmar Guðmundsson og umsjónarmenn auk hans voru Þóra Arnórsdóttir, Brynja Þorgeirsdóttir, Helgi Seljan, Jóhannes Kr. Kristjánsson, Margrét Erla Maack og Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir. Dagskrárgerð önnuðust Egill Eðvarðsson, Benedikt Ketilsson og Sigurður Jakobsson. Úrval úr Kastljósþáttum vikunnar var á dagskrá á laugardögum fyrir fréttir. *Ljóskastarinn*, þrír þættir með völdum tónlistarupptökum úr Kastljósi, var á dagskrá í júlí og ágúst.

*Silfur Egils* var í beinni útsendingu í hádeginu á sunnudögum í umsjón





Egils Helgasonar. Í þættinum voru rædd málefni líðandi stundar, fjallað um pólitík, dægurmál og það sem efst er á baugi hverju sinni, auk ítarlegri viðtala við innlenda og erlenda gesti. Þar má til dæmis nefna Paul Krugman, Nóbelsverðlaunahafa í hagfræði og einn áhrifamesta dálkahöfund í heimi, David Miliband, fyrrverandi utanríkisráðherra Bretlands, Noam Chomsky, Sigrúnu Davíðsdóttur, Paul Collier, Gylfa Magnússon, Thom Hartmann, Jón Daníelsson, Robert Wade, Eirík Bergmann Einarsson og Robert David Putnam auk alþingismanna og annarra.

Tveir þættir í þáttaröðinni *Hvert stefnir Ísland?* voru sýndir á árinu. Í febrúar var þáttur um embætti forseta Íslands og í desember var þáttur um nýtt frumvarp að Stjórnarskrá Íslands. Umsjón með þáttunum höfðu Þórhallur Gunnarsson og Páll Skúlason en dagskrárgerð annaðist Björn Emilsson.

Ávarp Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra var á gamlársdag og ávarp forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar, var á nýársdag.

*Söngvakeppni Sjónvarpsins* hófst um miðjan janúar. Fimmtán ný íslensk lög eftir sextán höfunda tóku þátt í keppninni þetta árið. Undankeppnin fór fram í beinni útsendingu í sjónvarpssal undir stjórn Helga Jóhannessonar. Fimm lög voru kynnt til leiks í hverjum þriggja undanúrslitaþátta og tvö þeirra voru valin í úrslit af áhorfendum með símkosningu og dómnefnd sem hafði helmings vægi á móti símkosningu. Kynnir að þessu sinni var Brynja Þorgeirsdóttir. Fyrir úrslitaþáttinn voru öll lögin rifjuð upp í sérstökum þætti. Úrslitaþáttur keppninnar var glæsilegur því úrslitin fóru fram í beinni útsendingu frá Eldborgarsal Hörpu laugardaginn 11. febrúar og gátu áhorfendur keypt sér miða á úrslitin. Miðaverði var stillt í hóf og seldust þeir upp á örskömmum tíma. Sjö lög kepptu til úrslita en auk laganna sex sem komust upp úr undankeppninni bætti dómnefnd við einu lagi. Kynnar í Hörpu voru Brynja Þorgeirsdóttir og Páll Óskar Hjálmtýsson. Lagið Mundu eftir mér, í flutningi Gretu Salome og Jónsa, bar sigur úr býtum. Bæði lag og texti voru eftir Gretu Salome Stefánsdóttur. Útsendingum stjórnaði Helgi Jóhannesson.

Nýir spekingar mættu til leiks í þáttunum *Alla leið* og hituðu þjóðina upp fyrir *Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva*. Þetta voru Hera Björk Þórhallsdóttir, Eiríkur Hauksson, Matthías Matthíasson og Valgerður Guðnadóttir. Spáð var í keppendur, framkomu, klæðnað og hvaða lög væru líkleg til sigurs. Sér til aðstoðar höfðu þau meðlimi íslenska Eurovision-klúbbsins, FÁSES, sem voru áhorfendur í myndveri.

*Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva* var að þessu sinni haldin í Bakú í Aserbaídsjan. Undankeppni fór fram 22. og 24. maí og úrslitin 26. maí. Fyrir Íslands hönd kepptu þau Greta Salome og Jónsi með lagið Never forget eftir Gretu Salome en lagið hafnaði í 20. sæti. Hrafnhildur Halldórsdóttir lýsti keppninni beint frá Bakú og Matthías Matthíasson tilkynnti stigagjöf Íslendinga. Ítarlega var fjallað um keppnina á RÚV, m.a. í sérstökum þætti, *Leiðin til Bakú*, sem sýndur var á sunnudags-

# SJÓNVARP

kvöldi áður en keppnin hófst, auk umfjöllunar um keppnina í Kastljósi og fréttum sem og á Rás 2.

## SPURNINGAÞÆTTIR

*Útsvar*, spurningakeppni milli sveitarfélaganna, hóf aftur göngu sína á föstudögum í byrjun september og var þetta fimmta ár þáttaraðarinnar á dagskrá Sjónvarpsins. Þátturinn var á dagskrá fram í miðjan febrúar en vék þá fyrir *Gettu betur*. *Útsvar* hófst svo aftur og fóru leikar þannig að í úrslitaþættinum kepptu lið Fljótsdalshéraðs og Grindavíkur sem vann með 72 stigum gegn 55. Umsjón með þættinum hafði Sigmar Guðmundsson ásamt Þóru Arnórsdóttur og Brynju Þorgeirsdóttur en Brynja leysti Þóru af í síðustu þremur þáttunum. Spurningahöfundur var Ólafur Bjarni Guðnason.

*Gettu betur*, hin æsispennandi spurningakeppni framhaldsskólanema, var á dagskrá á föstudagskvöldum og tók við af Útsvari sem fór í frí á meðan. Þær breytingar voru gerðar á fyrirkomulaginu að starf stigavarðar var lagt niður en í staðinn voru dómarar og spurningahöfundar tveir, þau Örn Úlfar Sævarsson og Þórhildur Ólafsdóttir sem kom ný til leiks. Edda Hermannsdóttir var sem fyrr spyrill. Úrslitin fóru fram í beinni útsendingu frá Háskólabíói þar sem lið Menntaskólans í Reykjavík vann lið Kvennaskólans í æsispennandi keppni með eins stigs mun, 23 stigum gegn 22. Umsjón með keppninni hafði Andrés Indriðason og útsendingarstjórn annaðist Helgi Jóhannesson. Andrés hefur haft umsjón með og stjórnað útsendingu á *Gettu betur* mörg undanfarin ár en lét af því starfi í lok ársins og þakkar RÚV honum fyrir vel unnin störf á þessum vettvangi.

Í desember var tekinn upp og sýndur sérstakur *Jólapopppunktur* þar sem hljómsveitin Baggalútur og Frostrósir kepptu sín á milli. Lið Frostrósa skipuðu Karl Olgeir Olgeirsson, Margrét Eir Hjartardóttir og Friðrik Ómar Hjörleifsson. Lið Baggalúts skipuðu Karl Sigurðsson, Bragi Valdimar Skúlason og Guðmundur Pálsson. Lið Frostrósa vann með 44 stigum gegn 32 stigum Baggalúts.

Ný þáttaröð af *Popppunkti* hóf göngu sína föstudaginn 6. júlí og var að þessu sinni með nokkuð breyttu sniði þar sem fulltrúar hinna ýmsu starfsstétta öttu kappi í poppþrautum. Þættirnir voru átta og í úrslitaþættinum báru fulltrúar lífsskoðunarfólks sigurorð af fulltrúum stóriðjunnar með 42 stigum á móti 40. Í sigurliðinu voru Davíð Þór Jónsson, Hilmar Örn Hilmarsson og Valgarður Guðjónsson. Þættirnir voru í umsjón þeirra Dr. Gunna og Felix Bergssonar og stjórn upptöku önnuðust Benedikt N. A. Ketilsson og Helgi Jóhannesson.

## BEINAR ÚTSENDINGAR

Á árinu var sent beint út frá ýmsum viðburðum og má þar nefna stórtónleika Rásar 2, *Tónaflóð*, á Arnarhóli á Menningarnótt og var það í annað sinn sem tónleikarnir voru sýndir í beinni útsendingu. Fram komu m.a. Eivør Pálsdóttir, Retro Stefsson, KK Band og Jónas Sigurðsson & Ritvélar framtíðarinnar. Kynnar voru Felix Bergsson og Guðrún Dís Emilsdóttir en útsendingu stjórnaði Eggert Gunnarsson.

*Söngkeppni framhaldsskólanna* var aftur á dagskrá eftir nokkurt hlé. Að þessu sinni annaðist Saga film keppnina og dagskrárgerðina. Þrjátíu og tveir skólar hófu keppni og voru lög og keppendur kynnt á netinu þar sem áhorfendur gátu greitt atkvæði á móti atkvæðum dómnefndar. Úrslitin fóru fram í beinni útsendingu frá Vodafonehöllinni 21. apríl og voru tólf skólar í úrslitum. Sigurvegari var Tækniskólinn sem valinn var með






símkosningu og giltu atkvæði áhorfenda helming á móti atkvæðum dómnefndar. Kynnar voru Vilhelm Anton Jónsson og Guðrún Dís Emilsdóttir. Í maí var sýndur þátturinn *Í fyrsta sæti er ...* sem fjallaði um sigurvegarana og keppnina.

Mugison, tónlistarmaðurinn ástsæli, bauð þjóðinni á tónleika í Hörpu og bætti svo um betur því sjónvarpað var beint frá tónleikunum sem haldnir voru 22. desember og fengu mikið áhorf. Stjórn útsendingar annaðist Björn Emilsson.

Að venju var sýnt beint frá *Hátíðarstund á Austurvelli* og *Ávarpi forsætisráðherra*, Jóhönnu Sigurðardóttur, að morgni þjóðhátíðardags Íslendinga.

Séra Agnes M. Sigurðardóttir tók við embætti biskups Þjóðkirkjunnar og var sjónvarpað beint frá vígsluathöfninni sem fram fór í Hallgrímskirkju 24. júní. Útsendingunni stjórnaði Jón Egill Bergþórsson. Á þjóðhátíðardaginn var á dagskrá þátturinn *Séra frú Agnes* þar sem Sigurlaug M. Jónasdóttir ræddi við nýkjörinn biskup.

## HEIMILDARMYNDIR

Fjöldi vandaðra íslenskra heimildar- og fræðslumynda var á dagskrá á sunnudagskvöldum. Flestar þeirra eru framleiddar af sjálfstæðum framleiðendum og má þar nefna myndir eins og Edduverðlaunamyndina *Andlit norðursins*, *Jón og séra Jón*, *Bakgarðinn (Backyard)*, *Höllina*, *Thors sögu*, *Land míns föður*, *Ömmu Lo-Fi*, *Bláa naglann*, *Bakka-Baldur*, *Laxness og svarta listann*, *Lónbúann*, *Að syngja fyrir heiminn*, *Frá þjóð til þjóðar*, *Ker full af bleki*, *Heima*, *Hrein og bein – sögur úr íslensku samfélagi*, *Hljóðgöngu*, *Óskina*, *Skjaldborg* og *Leyndardóma eldfjallsins* sem fékk Emmy verðlaun fyrir kvikmyndatöku auk fleiri mynda. *Átjánda öldin með Pétri Gunnarssyni* var fjögurra þátta röð þar sem rifjuð var upp öldin sem trúlega var ein sú versta í sögu Íslendinga. Framleiðandi var Reykjavík films.

RÚV framleiddi einnig þætti og myndir sem sýnd voru á árinu. Þar á meðal voru þátturinn *Snúið líf Elvu* sem Brynja Þorgeirsdóttir og Egill Eðvarðsson gerðu og fjallar um Elvu Dögg Gunnarsdóttur sem glímir við Tourette-heilkennið og mynd um *Gyrði Elíasson* rithöfund, handhafa bókmenntaverðlauna Norðurlanda-



# SJÓNVARP

ráðs 2011, sem Ragnheiður Thorsteinsson og Egill Helgason gerðu. Viðtalsþáttur Þórhalls Gunnarssonar, þar sem *Guðrún Ebba* Ólafsdóttir sagði sögu sína, vakti athygli og umtal.
Í þættinum *Súkkulaði* fylgdu Sigurlaug M. Jónasdóttir og Janus Bragi Jakobsson Ásgeiri Sandholt eftir á heimsmeistaramóti í súkkulaðikúnst í París.
Í safni RÚV er að finna mikið efni og á árinu vann Andrés Indriðason þætti sem byggðu á gömlu efni úr safni. Gerðir voru þættir um Thor Vilhjálmsson rithöfund, Sigfús Halldórsson tónskáld, tónlistarmennina Hauk Morthens, Ingimar Eydal, Ólaf Þórðarson og Pétur Wigelund Kristjánsson, söngkonuna Guðrúnu Á. Símonar og Jónas Jónasson útvarpsmann.
Af öðrum fræðslu- og heimildarmyndum sem sýndar voru má nefna: *Sjötíu lítil hjörtu*, *Þjórsárdalur*, *Björgun og barátta – vs. Óðinn í 50 ár*, *Hvað í ósköpunum ertu að gera hérna*, *Anna Elísabet?*, *Fjölskyldusaga af landsmóti*, *Þeir fiska sem róa* og *Leggðu systrum þínum lið*.



## LISTAHÁTÍÐ

Sjónvarpið sýndi á rekstrarárinu upptökur frá Listahátíð í Reykjavík 2011 og teknir voru upp viðburðir á Listahátíð 2012 sem sýndir verða á komandi ári.
Gott samstarf RÚV við Listahátíð í Reykjavík hélt áfram og segja má að það hafi tekið á sig nýja mynd með tónleikum *Hljómskálans*. Sigtryggur Baldursson, Guðmundur Kristinn Jónsson og Bragi Valdimar Skúlason blésu til tónlistarveislu í Eldborgarsal Hörpu sem sýnd var í beinni útsendingu 2. júní. Þar komu fram fjölmargir tónlistarmenn sem fluttu ný lög og samstarfsverkefni úr Hljómskálaþáttum vetrarins. Sviðs-





myndin sem gerð hafði verið fyrir *Áramótamót Hljómskálans* var flutt í Hörpu og mikil stemning var á tónleikunum. Fram komu, meðal annarra, Valdimar Guðmundsson, Unnsteinn Manuel Stefánsson, Sæbjörn Egill Sæbjörnsson, Ragnhildur Gísladóttir, Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, Jimi Tenor, Megas, Magnús Þór Sigmundsson, Pálmi Gunnarsson, Óttarr Proppé, Jónas Sigurðsson, Björn Jörundur Friðbjörnsson, Ágústa Eva Erlendsdóttir og hljómsveitin Baggalútur. Útsendingu stjórnaði Helgi Jóhannesson.

Á nýársdag var sýnd upptaka frá tónleikum stórtenórsins Jonasar Kaufmann á Listahátíð 2011. Tónleikarnir fóru fram í Eldborgarsal Hörpu 21. maí og þar flutti Jonas ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands lög eftir Verdi, Puccini, Bizet, Wagner og fleiri tónskáld.

Í janúar var á dagskrá þáttaröðin *Tónspor*. Árið áður setti Listahátíð upp sýningu í Tjarnarbíói í samstarfi við RÚV og bar hún yfirskriftina Sex pör. Sjónvarpið tók sýninguna upp og úr henni voru unnir sex hálftíma langir þættir þar sem komu saman sex tónskáld og sex danshöfundar sem fengu til sín dansara til að túlka verkin og fylgst var með ferlinu frá byrjun. Umsjón með þáttunum hafði Jónas Sen og dagskrárgerð annaðist Jón Egill Bergþórsson.

Í febrúar var sýnd upptaka frá tónleikum með spænsku hljómsveitinni Ojos de brujo í Hörpu á Listahátíð 2011. Sveitin er frá Barcelona og leikur kraftmikla tónlist sem er bræðingur úr hip-hop, flamenkótónlist, rúmbu, reggíi og danstónlist. Steinunn Þórhallsdóttir tók viðtal við sveitina sem sýnt var á undan tónleikunum. Upptöku stjórnaði Björn Emilsson.

Fyrsta maí var sýnd upptaka frá tónleikum Ólafar Arnalds og Skúla Sverrissonar í Hörpu á Listahátíð 2011. Samstarf Ólafar og Skúla hófst 2005 en Skúli hefur aðallega starfað í Bandaríkjunum. Ásamt þeim komu fram Eyvind Kang, Amedeo Pace, Hildur Ingveldardóttir Guðnadóttir, Kjartan Sveinsson, María Huld Markan, Róbert Reynisson, Daníel Bjarnason, Matthías Hemstock og Ragnar Kjartansson. Upptöku stjórnaði Björn Emilsson.

Í byrjun maí var sýndur sérstakur kynningarþáttur um dagskrá Listahátíðar sem hófst 18. maí, kynnir var Brynja Þorgeirsdóttir.

Á Listahátíð 2012 voru teknir upp í Hörpu tónleikar spænsku söngkonunnar Buiku. Myndlist skipaði stóran sess á Listahátíð að vanda og sjónvarpið tók upp myndlistarsýningar víðs vegar um borgina. Í vinnslu er



# SJÓNVARP

þáttur um samstarf myndlistarmanna á Listahátíð sem hefur fengið heitið *1+1=3* og eru þar m.a. skoðuð margfeldisáhrif í samstarfi. Umsjón með þættinum hefur Markús Þór Andrésson og um dagskrárgerð sér Ragnheiður Thorsteinsson. Þættirnir verða sýndir veturinn 2013–2014.

## TÓNLIST

Tónlist af ýmsum toga skipaði stóran sess í sjónvarpsdagskránni þetta rekstrarárið.

Í september var sýnd upptaka frá tónleikum í Austurbæ, *MS GRM*, með þeim Gylfa Ægissyni, Rúnari Þór og Megasi. Framleiðandi var Ryk ehf.

*Við styðjum Færeyjar!* var yfirskrift tónleika til styrktar björgunarsveitunum í Færeyjum. Upptaka frá tónleikunum var sýnd 14. desember en tónleikarnir voru haldnir í Hörpu. Fram komu Friðrik Ómar og Jógvan Hansen ásamt Ragnheiði Gröndal, KK og Ellen, Helga Björnssyni og Stúlknakór Reykjavíkur. Stjórn upptöku annaðist Helgi Jóhannesson.

*Fyrir þá sem minna mega sín*, upptaka frá árlegum styrktartónleikum Hvítasunnusafnaðarins Fíladelfíu, var á dagskrá á aðfangadagskvöld. Fram komu einsöngvarar og kór kirkjunnar undir stjórn Óskars Einarssonar en sérstakir gestasöngvarar voru Bjarni Arason og Jóhanna Guðrún Jónsdóttir.

*Páll Óskar* skemmti áhorfendum á annan dag jóla en þá var sýnd upptaka frá stórtónleikum hans með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborgarsal Hörpu. Framleiðandi var Saga film.

Á næstsíðasta degi ársins var blásið til tónlistarveislu í myndveri Sjónvarpsins. Þangað buðu þeir félagarnir Sigtryggur Baldursson, Guðmundur Kristinn Jónsson og Bragi Valdimar Skúlason úrvali tónlistarmanna á *Áramótamót Hljómskálans*. Úr þessu varð mikil gleði þar sem valinkunnir tónlistarmenn kvöddu árið með söng og hljóðfæraslætti. Fram komu m.a. hljómsveitirnar Baggalútur og Moses Hightower, tónlistarmennirnir Prinspóló, Valdimar Guðmundsson, Unnsteinn Manuel Stefánsson, Sigríður Thorlacius, Ellen Kristjánsdóttir og Andrea Gylfadóttir. Þar mátti sjá Megas syngja bakraddir hjá Ladda í laginu Búkollu og Jakob Frímann Magnússon fór á kostum í lokalaginu. Afraksturinn varð Edduverðlaun sem skemmtiþáttur ársins. Dagskrárgerð annaðist Helgi Jóhannesson.

Á gamlárskvöld að loknu *Áramótaskaupi* var á dagskrá *Trompetería í Hallgrímskirkju*. Þar fluttu Hörður Áskelsson orgelleikari, Eggert Pálsson páku- og slagverksleikari og trompetleikararnir Eiríkur Örn Páls-





son, Ásgeir H. Steingrímsson og Einar Jónsson Fanfari eftir Zelenka, sónötur eftir Pezel, Rondeau eftir Mouret, konsert eftir Vivaldi og fleiri verk. Upptakan var gerð í Hallgrímskirkju og stjórn upptöku annaðist Helgi Jóhannesson.

Miðvikudaginn 11. janúar sýndi sjónvarpið upptöku frá *Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands* sem fram fóru í Hörpu 7. maí. Einsöngvari var Sigrún Hjálmtýsdóttir og stjórnandi Willy Büchler. Flutt var sígild Vínartónlist, meðal annars Dónárvalsinn sívinsæli eftir valsakónginn Johann Strauss yngri. Upptöku stjórnaði Helgi Jóhannesson.

*Spilaðu lag fyrir mig*, afmælistónleikar Valgeirs Guðjónssonar í Hörpu, voru á dagskrá tvö laugardagskvöld í febrúar. Ásamt Valgeiri komu m.a. fram félagar hans úr Stuðmönnum og fleiri góðir gestir og fluttu lög hans. Upptökustjórn annaðist Egill Eðvarðsson.

Sjónvarpið og Salurinn í Kópavogi höfðu með sér samstarf um upptökur frá tónleikum í Salnum. Í desember var á dagskrá *Um gleðileg jól*, upptaka frá jólatónleikum söngkonunnar Regínu Óskar og í mars var sýnd upptaka frá tónleikum sem báru heitið *Lögin hennar mömmu*. Þar fluttu Raggi Bjarna, Hera Björk og Bjarni Baldvinsson ásamt hljómsveit gamlar perlur frá 6. og 7. áratug síðustu aldar. Upptökum stjórnaði Björn Emilsson.

Í apríl var sýnd upptaka frá tónleikum ástralska gítarsnillingsins *Tommys Emmanuels* í Háskólabíói í janúar 2011. Stjórn upptöku annaðist Björn Emilsson.

Fyrri hluti upptöku frá tónleikum *Karlakórsins Þrasta* í Hörpu var sýndur í maí og á sjómannadaginn var sýnd upptaka frá minningartónleikum um Oddgeir Kristjánsson, *Bjartar vonir vakna*.

*Músíktilraunir 2012* voru teknar upp og verða sýndar á næsta rekstrarári.

*Norrænir músíkdagar* voru haldnir í Reykjavík í október og Sjónvarpið sýndi í desember þátt um hátíðina þar sem leitað var svara við spurningunni um hvað væri norrænt við norræna tónlist. Umsjón með þættinum hafði Arndís Björk Ásgeirsdóttir og dagskrárgerð annaðist Jón Egill Bergþórsson.

*Þetta er lífið*, upptaka frá skemmtidagskrá með leikkonunni Charlotte Bøving og Pálma Sigurhjartarsyni píanóleikara í Iðnó, var sýnd á skírdag. Þar fjallaði Charlotte um lífið og tilveruna af einlægni og spjallaði við áhorfendur á íslensku á milli þess sem hún söng á dönsku, kvæði eftir Benny Andersen, Tove Ditlevsen og fleiri. Egill Eðvarðsson stjórnaði upptöku.

## ÝMSIR ÞÆTTIR

Nýr menningarþáttur, *Djöflaeyjan*, hóf göngu sína 20. september. Þátturinn var á dagskrá á þriðjudagskvöldum út aprílmánuð. Í þáttunum var umfjöllun um leiklist, kvikmyndir og myndlist með upplýsandi og gagnrýnum hætti og víða komið við.




Fjallað var um kvikmyndir og kvikmyndagerð frá ýmsum sjónarhornum t.d. um notkun vatns og rigningar í kvikmyndum, um kvikmyndaplaköt, brellur, sprengjur og kvikmyndatónlist. Leikmyndahönnun, uppsetning einstakra leikverka og ferill leikara voru skoðuð. Umfjöllun um myndlist og myndlistarmenn átti fastan sess í þáttunum og einnig var fjallað um íslenskar heimildarmyndir og kvikmyndir. Umsjónarmenn þáttarins voru Þórhallur Gunnarsson, Sigríður Pétursdóttir, Vera Sölvadóttir og Guðmundur Oddur Magnússon. Um leikhúsgagnrýni sáu Símon Birgisson og María Kristjándsóttir. Dagskrárgerð annaðist Guðmundur Atli Pétursson og honum til aðstoðar var Birna Ósk Hansdóttir.

Bókmenntaþátturinn *Kiljan* hóf fimmta starfsár sitt í umsjón Egils Helgasonar og var á dagskrá á miðvikudagskvöldum. Að vanda voru bókaútgáfunni gerð góð skil með gagnrýni og umfjöllun og ásamt Agli sáu þau Kolbrún Bergþórsdóttir og Páll Baldvin Baldvinsson um bókarýni. Einnig var fjallað um ýmislegt sem tengist bókum, rithöfundum og bókagerð. Leitað var fanga víða, allt frá Flateyri til Frankfurt og fjallað var ítarlega um bókasýninguna þar sem og Bókmenntahátíð í Reykjavík. Meðal gesta í þáttunum má nefna Einar Kárason, Arnald Indriðason, Jussi Adler-Olsen og Nawal El Saadawi. Um dagskrárgerð sá Ragnheiður Thorsteinsson.

*Hönnunarkeppnin* í umsjón Sigurðar H. Richter er árlegur þáttur og var hann á dagskrá í lok nóvember. Véla- og iðnaðarverkfræðinemar við Háskóla Íslands standa að keppninni en við hönnun búnaðarins þarf að viðhafa útsjónarsemi, nákvæmni og hraða.

*Fjársjóður framtíðar* var þriggja þátta röð sem fjallaði um fjölbreyttar rannsóknir vísindamanna við Háskóla Íslands og var á dagskrá í nóvember. Framleiðandi var Kukl í samvinnu við Háskóla Íslands. Í október var einnig sýnd í sjónvarpinu upptaka frá samnefndri hátíðardagskrá sem flutt var á 100 ára afmælishátíð háskólans. Framleiðandi var Saga film.

*Aftansöngur jóla* var á sínum stað á aðfangadagskvöld, að þessu sinni í Dómkirkjunni þar sem nýr biskup, Agnes M. Sigurðardóttir, predikaði og þjónaði fyrir altari.

## MATREIÐSLUÞÆTTIR

Þrjár íslenskar matreiðsluþáttaraðir voru á dagskrá á tímabilinu. Í desember var á dagskrá ný fjögurra þátta röð



sem fékk heitið *Allt upp á einn disk*. Í þáttunum leiddi Sveinn Kjartansson áhorfendur um ævintýraslóðir bragðlaukanna og fékk til sín góða gesti. Matreiddir voru réttir til að hafa á hátíðarborðum jafnt sem til fagnaðar hversdags. Dagskrárgerð annaðist Janus Bragi Jakobsson.
Yesmine Olsson hélt áfram að töfra fram indverska og arabíska rétti í þáttunum *Framandi og freistandi*. Að þessu sinni voru þættirnir níu, sýndir á fimmtudagskvöldum í janúar-mars. Framleiðandi var Bókaútgáfan Brekka.
Matreiðsluþáttaröðin *Gómsæta Ísland*, í umsjón Völundar Snæs Völundarsonar var á dagskrá á fimmtudögum í júlí og ágúst. Í þáttunum er farið landshorna á milli og heilsað upp á fólk sem sinnir ræktun, bústörfum eða hverju því sem viðkemur mat. Dagskrárgerð annaðist Gunnar Konráðsson.

## BARNAEFNI

*Stundin okkar* byrjaði, eins og áður eftir sumarfrí, fyrsta sunnudag í október og hóf þá sitt fertugasta og sjötta starfsár, að þessu sinni með nýjum aðalpersónum. Áhorfendur fengu að kynnast Sunnu Karítas Oktavíu Torfhildi Tildurrófu Aðaldal sem oftast er kölluð Skotta. Hún býr í Álfheimum ásamt Rósenberg sem er virðulegt heldra skoffín. Þau lentu í ýmsum ævintýrum og fengust við margvísleg verkefni. Nýr umsjónarmaður *Stundarinnar okkar* var Margrét Sverrisdóttir og handritshöfundur ásamt henni Oddur Bjarni Þorkelsson. Dagskrárgerð annaðist Eggert Gunnarsson. Stuttir þættir með Brynhildi Björnsdóttur og Kristínu Evu Þórhallsdóttur úr morgunsjónvarpinu þar sem þær tóku til í geymslunni í gamla skólanum sínum voru klipptir saman í lengri þætti og sýndir síðdegis á fimmtudögum í september undir heitinu *Geymslan*. Nýtt efni var tekið upp og sýnt á sama tíma í júlí og ágúst.
Á jóladag var frumsýnd íslensk heimildarmynd fyrir börn, *Ísklifrarinn*, eftir Ægi J. Guðmundsson og Lindu Ásgeirsdóttur. Myndin var hluti af samstarfi RÚV innan EBU og segir frá Guðmundi Hafstein, 10 ára gömlum dreng, sem æfir klifur. Draumur hans er að reyna sig á alvöru klettum og í myndinni fær hann tækifæri til þess.

## LEIKIÐ EFNI

*Kexvexmiðjan*, ný leikin gamanþáttaröð, hóf göngu sína laugardaginn 24. september. Þættirnir voru sex og sýndir á laugardagskvöldum að loknum fréttum. Þættirnir voru byggðir upp af stuttum atriðum þar sem gert var grín að flestu sem mannlegri náttúru er viðkomandi. Leikstjóri var Gísli Rúnar Jónsson, sem jafnframt var handritshöfundur



# SJÓNVARP



ásamt Carolu Köhler. Leikarar í þáttunum voru Andrea Jónsdóttir, Hallgrímur Ólafsson, Kristín Þóra Haraldsdóttir og Þröstur Leó Gunnarsson. Framleiðandi þáttanna var Röntgenmyndir ehf.

Á annan dag páska var sýnd upptaka RÚV á leikverkinu *Fólkið í kjallaranum*. Verkið er byggt á samnefndri bók Auðar Jónsdóttur og fjallar um Klöru og Svenna sem búa í Hlíðunum. Lífið virðist brosa við þeim en kvöld eitt breytist allt. Leikgerðin er eftir Ólaf Egilsson og leikstjóri var Kristín Eysteindóttir. Leikendur voru Ilmur Kristjánsdóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Elma Lísa Gunnarsdóttir, Kristín Þóra Haraldsdóttir, Þröstur Leó Gunnarsson, Sigrún Edda Björnsdóttir, Jóhann Sigurðarson, Hallgrímur Ólafsson og Birgitta Birgisdóttir. Stjórn upptöku annaðist Egill Eðvarðsson.

Áramótaskaup ársins 2011 var, í þriðja sinn, í leikstjórn Gunnars B. Guðmundssonar og handritshöfundar ásamt honum voru Anna Svava Knútsdóttir, Sævar Sigurgeirsson, Hjálmar Hjálmarsson, Örn Úlfar Sævarsson og Baldvin Z. Í *Skaupinu* létu menn ekki meðvirknina flækjast fyrir sér, menn og málefni liðins árs voru tekin fyrir á hraðan og harðan máta og víða var dansað á línunni. Fylgst var með ferðalagi ríkisstjórnarinnar um malarvegi landsins og margir af þekktustu leikurum þjóðarinnar komu fram í gervi þjóðþekktra persóna sem og fólksins í landinu. Skaupið var að venju endursýnt fyrsta laugardag í janúar auk þess að vera aðgengilegt á vef RÚV.

## ENDURSÝNINGAR Á ÍSLENSKU EFNI

Auk fastra endursýninga má nefna að endursýndir voru þættirnir *Aðför að lögum* sem fjölluðu um Guðmundar- og Geirfinnsmálin svokölluðu og þáttur um leiðtogafundinn í Höfða.

## ERLENT EFNI

***Leiðarljós***

Leiðarljós var á sínum stað í dagskránni síðdegis og voru frumsýndir fjórir þættir vikulega, frá mánudegi til fimmtudags. Síðdegis á föstudögum og laugardögum voru þættir vikunnar endursýndir, tveir þættir






hvorn dag. Leiðarljós fór í frí frá og með 4. júlí en síðustu þættirnir voru á dagskrá í lok ágúst. Við tóku þættirnir Herstöðvarlíf (Army Wives) og voru frumsýndir fjórir þættir á viku, frá mánudegi til fimmtudags. Hlé var gert á útsendingum á Herstöðvarlífi á meðan sýnt var frá Ólympíuleikunum en útsendingar hófust aftur 12. ágúst. Síðdegis á föstudögum, frá 13. júlí, voru endursýndir íslenskir þættir um Flosa Ólafsson, Ólaf Gauk, Thor Vilhjálmsson, Reyni Pétur, Jónas Jónasson og Guðrúnu Á. Símonar.

***Leikið efni á sunnudagskvöldum***

Á sunnudagskvöldum hefur undanfarin ár verið boðið upp á vandaða leikna myndaflokka víða að og svo var einnig í ár. Norrænar þáttaraðir hafa notið mikilla vinsælda og dönsku spennuþættirnir *Lífverðirnir (Livvagterne)* voru engin undantekning þar á. Sýningar á seinni hluta þáttaraðarinnar hófust í september. Þættirnir hlutu Emmy-verðlaunin og handritshöfundarnir, Mai Brostrøm og Peter Thorsboe, eru þeir sömu og skrifuðu *Örninn (Ørnen)* og *Liðsaukann (Rejseholdet)*. Að lokinni sýningu *Lífvarðanna* tók við ný röð af *Downton Abbey*, breskri þáttaröð með úrvalsleikurum, sem er áhorfendum að góðu kunn. Þættirnir gerast í fyrri heimsstyrjöldinni og segja frá Crawley-fjölskyldunni og þjónustufólki hennar. Í janúar hófust sýningar á *Höllinni (Borgen)*, tuttugu þátta dönskum myndaflokki um valdataflið í dönskum stjórnmálum. Þættirnir nutu mikilla vinsælda hér eins og annars staðar á Norðurlöndunum og eru jafnvel taldir hafa haft áhrif á dönsk stjórnmál. Í júlí og ágúst voru á dagskrá bresku þættirnir *Loforðið (The Promise)*, um stúlku sem fer til Palestínu og Ísraels í fótspor afa síns og *Glæstar vonir (Great Expectations)*, þriggja þátta myndaflokkur byggður á sögu eftir Charles Dickens. *Berlínarsaga (Die Weissensee Saga)*, þýskur myndaflokkur sem gerist í Austur-Berlín á níunda áratug síðustu aldar, var á dagskrá í ágúst og sýningar hófust á *Harry & Charles*, margverðlaunaðri norskri framhaldsmynd í þremur þáttum um Karl Danaprins og Maud prinsessu af Wales.

Sunnudagsbíómyndin hefur fest sig í sessi í dagskránni en undir hennar merkjum eru gjarnan sýndar vandaðar kvikmyndir frá fjölbreyttum menningarsvæðum. Þetta árið voru myndirnar frá Þýskalandi, Frakklandi, Kína, Danmörku, Ástralíu, Brasilíu, Argentínu, Mexíkó, Ítalíu, Kanada, Ungverjalandi, Sviss, Bretlandi og Bandaríkjunum. Má þar nefna myndir eins og *Hús hinna fljúgandi hnífa*, *Skassið tamið*, *Hótel Rúanda*, *Ástin á tímum kólerunnar*, *Tígurinn og snjórinn*, *Kabarett*, *Höfuðlausa konan* og *Baader Meinhof gengið*.

Af öðru efni á sunnudagskvöldum má nefna tónleika í minningu fórnarlambanna í Útey sem voru á dagskrá 22. júlí, ári eftir að voðaverkin voru framin.

# SJÓNVARP



***Heimildarmyndir og náttúrulífsþættir***

Meðal sérstöðu RÚV eru sýningar á vönduðum erlendum heimildarmyndum og náttúrulífsþáttum sem hafa til margra ára verið á dagskrá á mánudagskvöldum. Frá BBC voru sýndar þáttaraðir sem vöktu verðskuldaða athygli, eins og *Maður og jörð (Human planet)*, átta þættir sem fjölluðu um samband manns og náttúru, *Undur sólkerfisins (Wonders of the Solar System)* þar sem nýjustu kvikmyndatækni var beitt til að sýna náttúruundur í geimnum, *Hvítabirnir – njósnari á ísnum*, *Mannslíkaminn (Inside the Human Body)*, *Heimskautin köldu (Frozen Planet)*, sex þátta röð um ísveröld Norðurheimskautsins og Suðurskautslandsins, *Sigdalurinn mikli – hjarta Afríku (The Great Rift – Africa´s Wild Heart)*, þriggja þátta röð um sigdalinn mikla í Austur-Afríku, *Ferð að miðju jarðar (Journey to the Center of the Planet)*, mynd í tveimur hlutum um eldfjöll og undur hafsbotnsins og *Sérðu það sem ég sé? (Do You See What I See?)*, um litaskynjun fólks. Á eftir mörgum þessara myndaflokka voru sýndir stuttir þættir um gerð þáttanna þar sem áhorfendur fengu að skyggnast á bak við tjöldin á tökustað og sjá þá tækni sem var beitt og þrautseigju sem þurfti til að ná myndefni sem oft og tíðum var ótrúlegt að skyldi nást. Breski leikarinn Stephen Fry sagði frá tungumálum heimsins í þáttaröðinni *Heimur orðanna (Planet Word)* og David Attenborough fór um heimskautasvæðin og rannsakaði áhrif hlýnandi loftslags á fólk og dýralíf í þættinum *Heimskautin köldu – á þunnum ís (Frozen Planet – On Thin Ice)*.

Vandaðar heimildarmyndir voru einnig á dagskrá á miðvikudagskvöldum eins og undanfarin ár. Myndirnar voru af ýmsum toga, fjölluðu um listir, menningu, vísindi, sögu, mannlíf og efnahagslíf. Myndirnar *Óhefðbundnar lækningar (The Sience of Healing)*, *Óskarsverðlaunamyndin Innherjarán (Inside Job)*, um alþjóðlegu fjármálakreppuna og *Matur (Food Inc.)*, um matvælaframleiðslu stórfyrirtækja, vöktu umtal og athygli. Nokkrar myndir fjölluðu um þekkta listamenn og goðsagnir á sínu sviði s.s. myndirnar *Vúdúbarnið Jimi Hendrix*, *Stones í útlegð*, *Af himnum ofan*, mynd um írsku rokkhljómsveitina U2, *Christian Dior í nærmynd*, *Marilyn Monroe*, *Elizabeth Taylor og Grace Kelly*. Af öðrum myndum má nefna *Evruhrunið mikla*, *Blóðbað í Noregi*, *Bretland*, *Gaddafi og pyntingarnar* og sænsku verðlaunamyndina *Vonarhöfn (Hoppets hamn)* um




fólk sem komst lífs af úr fangabúðum nasista og fékk hæli í Svíþjóð.

***Norrænt efni af ýmsu tagi***

Dönsku matreiðsluþættirnir *Hið ljúfa líf (Det søde liv)*, *Önnumatur (Anne mad)* og *Við bakaraofninn (Camilla Plum: Boller af stål)* voru á dagskrá á sunnudögum. Einnig dönsku þáttaraðirnar *Basl er búskapur (Bonderøven)*, *Draumagarðar* og *Innlit til arkitekta*. Á mánudögum fyrir fréttir voru á dagskrá sænsku þættirnir *Doktor Ása* og *Frá Svíþjóð til himins*, norsku þættirnir *Ekki gera þetta heima* og dönsku þættirnir *Óvænt heimsókn*. Í júní voru *Hin útvöldu (De udvalgte)* á dagskrá, dönsk mynd í tveimur hlutum um umsækjendur um nám í Konunglega danska listdansskólanum og dönsku fræðsluþættirnir *Tilraunin (Eksperimentet)* voru sýndir í júlí. Einnig voru sýndir nokkrir þættir úr norsku þáttaröðinni Bokprogrammet m.a. *Nýjar kvennasögur*, *Hvað er góður endir?* og þáttur um norrænar glæpasögur, danskur þáttur um leikstjórann Bille August, sænska heimildarmyndin *Konurnar í Túnis* og danska þáttaröðin *Í stríð við fitupúkann. Bestu bækur Norðurlanda*, saga bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs var á dagskrá í nóvember og einnig sænsk mynd um nokkrar af konum söngvaskáldsins Corneliusar Vreeswijks. Norskur þáttur, *Barátta gegn spillingu*, um baráttu Evu Joly gegn spillingu, var sýndur í janúar og sænskur fréttaskýringaþáttur, *Hvað gengur að Grikkjum?* var á dagskrá í maí. *Kalt kapphlaup*, fjögurra þátta norskur heimildarmyndaflokkur um auðlindir og landamæri á norðurskautssvæðinu var á dagskrá í maí og júní.

Leikið norrænt efni var ekki eingöngu á dagskrá á sunnudögum. Danska spennuþáttaröðin *Liðsaukinn (Rejseholdet)*, sem hlaut dönsku sjónvarpsverðlaunin og Emmy-verðlaun, var á dagskrá á mánudagskvöldum frá maí og fram í ágúst. Á þriðjudögum í desember var sænska þáttaröðin *Millenium* á dagskrá, sex þættir byggðir á metsölubókum eftir Stieg Larsson um hörkutólið Lisbet Salander og Mikael Blomkvist og í janúar byrjaði norska spennuþáttaröðin *Dulnefni Hunter*, sex þátta röð um baráttu lögreglunnar við glæpagengi. Sænsk-dönsku þættirnir *Brúin (Broen)* hófu göngu sína í lok ágúst og sænski myndaflokkurinn *Líf vina vorra (Våra vänners liv)*, var á dagskrá í júlí og ágúst. Myndaflokkurinn, sem var valinn besti leikni myndaflokkurinn í Svíþjóð 2011, fjallaði um fjóra vini og dramatíkina í einkalífi þeirra.



# SJÓNVARP



***Matreiðsluþættir***

Auk norrænu matreiðsluþáttanna *Önnumatur*, *Hið ljúfa líf*, *Við bakaraofninn* og *Hið sæta sumarlíf* voru sýndir bresku matreiðsluþættirnir *Góði kokkurinn (The Good Cook)*, sex þátta röð þar sem Simon Hopkinson eldaði girnilega rétti af ýmsum toga, og listakokkurinn Nigella Lawson mætti aftur til leiks í þrettán þátta röð, *Nigella í eldhúsinu*, þar sem hún eldaði dýrindis krásir og heillaði áhorfendur. *Kryddleiðin (The Spice Trail)* var vönduð bresk þáttaröð sem fjallaði um dýrmætustu krydd heimsins, sögu þeirra og notkun.

***Spennuþættir og annað leikið efni***

Vandaðir leiknir spennuþættir hafa fest sig í sessi í dagskrá sjónvarpsins á þriðjudags- og fimmtudagskvöldum. Bresku spennuþættirnir *Njósnadeildin (Spooks)*, bandarísku þættirnir *Glæpahneigð (Criminal Minds)* og bresku þættirnir um *Luther* áttu sér fastan áhorfendahóp. Ný bandarísk spennuþáttaröð, *Detroit 1-8-7*, sem gerist á morðdeild lögreglunnar í Detroit, hóf göngu sína í ágúst. Einnig má nefna þáttaraðirnar *Einkaspæjarann (Case Histories)*, *Sönnunargögn (Body of Proof)*, bandaríska þáttaröð um meinafræðinginn Megan Hunt, *Hafinn yfir grun*: *Rauða dalían* og *Banvænn ásetningur (Above Suspicion)* og *Ráðgátuna (Case Sensitive: The Point of Rescue)*, breska sakamálamynd í tveimur hlutum.

Sýningar á áttundu og síðustu þáttaröðinni af *Aðþrengdum eiginkonum*



*(Desperate Housewives)* hófust í desember en framleiðslu þáttanna hefur verið hætt. Í janúar hófust sýningar á breska myndaflokknum *Ævintýri Merlíns*, sem fjallar um æskuævintýri galdrakarlsins fræga. Þættirnir nutu vinsælda sem fjölskylduefni og voru á dagskrá á laugardagskvöldum að loknum fréttum.

Leikið erlent efni var víða í dagskránni, þættir eins og *Stundin (The Hour)*, breskur myndaflokkur um njósnir í kalda stríðinu, bandarísku þáttaraðirnar *Hefnd (Revenge)* og *Castle*. *Réttur er settur (Raising the Bar)*, *Krabbinn (The Big C)*, *Óvættir í mannslíki (Being Human)*, *Kviðdómurinn (The Jury)*, *Kingdom lögmaður*, *Bræður og systur*, *Læknamiðstöðin (Private Practice)* og lögreglukonurnar *Scott og Bailey* mættu aftur til leiks.

*Litbrigði lífsins (Lark Rise to Candleford)*, breskur myndaflokkur frá BBC sem fjallaði um lífið í tveimur sveitaþorpum, var á dagskrá í júlí og ágúst. Leikna breska þáttaröðin *2012 (Twenty Twelve)* fjallaði um fólkið sem skipulagði Ólympíuleikana í London og *Ástarlíf (Love Life)* var bresk mynd í þremur hlutum.

### *Gamanþættir*

Ýmsir leiknir gamanþættir voru sýndir á árinu eins og bresku þáttaraðirnar *Laus og liðugur (Gary Unmarried)*, *Svona á ekki að lifa (How Not to Live Your Life)*, *Fjórmenningarnir (The Inbetweeners)*, *Tildurrófur (Absolutely Fabulous)*, bandarísku þættirnir um *Melissu og Joey* og *Nýgræðinga (Scrubs)* og áströlsku þættirnir *Hvunndagshetjur (We Can Be Heroes)*. *Frú Brown (Mrs. Brown´s Boys)*, bresk-írsk gamanþáttaröð um kjaftfora húsmóður í Dublin sem leikin er af karlleikaranum Brendan O´Carroll og breska leikkonan *Tracy Ullman (State of the Union)* lét móðan mása.

### *Bíómyndir um helgar*

Fjöldi erlendra kvikmynda var sýndur um helgar. Á föstudags- og laugardagskvöldum voru að jafnaði sýndar þrjár myndir hvort kvöld og voru fyrri tvær myndirnar frumsýndar. Því lætur nærri að frumsýndar hafi verið hátt á annað þúsund myndir um helgar ef sunnudagsbíómyndin er meðtalin. Fyrri frumsýnda mynd föstudagskvöldsins var gjarnan mynd við hæfi flestra aldurshópa og síðan tók við sakamálamynd.

Meðal frumsýndra kvikmynda um helgar eru myndir eins og *Njósnakrakkar 2*, *101 dalmatíuhundur*, *Prinsinn af Persíu*, *Focker-fjölskyldan*, *Náttúruöflin (Forces of Nature)*, *South Pacific*, *Star Treck*, *ET*, *Prinsinn og ég*, *Morgunverðarklúbburinn (Breakfast Club)*, *Míla af mánaskini*, *Hreinn umfram allt (The Importance of Being Earnest)*, *Hundar í háloftum*, *Bónorðið*, *Fyrirtækið (The Firm)*, *Skrímsli gegn*



# SJÓNVARP



*geimverum (Monsters Vs. Aliens)*, *Járnmaðurinn (Iron Man)*, *Fundið fé (Snabba Cash)*, *W*, um ævi og forsetatíð George W. Bush, *Bréf til Júlíu*, *Játningar leigumorðingja*, *Sögur frá Narníu*, *Bandarískur bófaforingi (American Gangster)*, *Ástarsorg (Forgetting Sara Marshall)*, *Brokeback-fjall*, *Gengin í New York (Gangs of New York)*, *Hr. Bean fer í fríið*, *Svarta dalían*, *Lísa í Undralandi*, *Harðjaxlinn (True Grit)*, *Köngulóarmaðurinn III*, *Á fleygiferð að Nornafjalli (Race to Witch Mountain)* og *Steinaldarmennirnir (The Flintstones in Viva Rock Vegas)*.

Seinni frumsýnda myndin á föstudagskvöldum var oft sakamálamynd, til skiptis myndir um sænska rannsóknarlögreglumanninn *Wallander*, hina bresku *Banks* yfirfulltrúa, lögreglufulltrúann *Barnaby* sem ræður morðgátur í þorpinu Midsomer, *Lewis* lögreglufulltrúa í Oxford og *Sherlock* Holmes í nútímanum og dönsku myndirnar um *Dráparann*, um leit lögreglunnar að raðmorðingja.

***Barnaefni***

Sýningar hófust 1. desember á *Sáttmálanum (Pagten)*, leiknu dönsku jóladagatali, talsettu á íslensku, um tólf ára strák og jafnöldru hans af álfaættum og leit þeirra að ísnorninni ógurlegu. Þessir hálftíma löngu þættir voru sýndir á hverjum degi fram að jólum og var þetta í þriðja sinn sem RÚV réðst í að láta talsetja erlent jóladagatal.

*Disneystundin* var á dagskrá á sunnudagsmorgnum með *Finnboga og Felix (Phineas and Ferb)* og *Gló mögnuðu (Kim Possible)* og margverðlaunaðir þættir á borð við *Sæfara (Octonauts)*, *Herramenn (Mr. Men Show)*, *Hrútinn Hrein (Shaun the Sheep)* og *Teit (Timmy Time)* voru sýndir við góðan orðstír. RÚV er leiðandi í sýningum á talsettu barnaefni hér á landi og frumsýndi 12.762 mínútur eða ríflega 212 klst. af talsettu erlendu barnaefni á þessu fjárhagsári sem er svipað og árið áður.

# FRÉTTAÞJÓNUSTA



## FRÉTTAÞJÓNUSTA

Fjórða starfsár Fréttastofu RÚV, eftir að fréttastofur útvarps og sjónvarps voru sameinaðar, var að sönnu viðburðaríkt. Þó má segja að árið hafi að mörgu leyti reynst fréttastofunni léttara í skauti en fyrri ár, bæði vegna þess að hún er reynslunni ríkari eftir sviptingar undanfarinna ára, en einnig vegna þess að ekki reyndist þörf á að virkja almannavarnaáætlun fréttastofunnar á starfsárinu. Starfsmenn fréttastofunnar stóðu sem fyrr frammi fyrir þeirri áskorun að flytja þjóðinni áreiðanlegar fréttir af átakamálum á innlendum og erlendum vettvangi, hagkerfinu, stjórnmálum, menningu og atvinnulífinu, og vekja um leið athygli á bjartari hliðum samfélagsins.

Því er ekki að leyna að niðurskurður og fjárhagslegt aðhald síðustu ára hefur leitt af sér aukið álag á starfsfólk, auk þess sem ýmis áhugaverð verkefni bíða úrlausnar. Skipulag starfseminnar er stöðugt í mótun. Sú breyting varð undir lok rekstrarársins að Rakel Þorbergsdóttir bættist í hóp varafréttastjóra, sem bera þungann af daglegri verkstjórn. Þættirnir *Spegillinn*, *Morgunútvarpið*, *Síðdegisútvarpið* og *Vikulokin* voru líkt og síðustu ár allir í umsjón Fréttastofunnar.

### *Veffréttir efldar*

Grundvallarbreyting varð á starfsháttum fréttastofunnar með tilkomu svokallaðs vaktborðs í október 2011. Ákveðið var að flytja marga af öflugustu fréttamönnum fréttastofunnar á vaktborðið til að sinna sérstaklega fréttum á vef RÚV og í stutta útvarpsfréttatíma. Vaktborðinu var ekki síst ætlað að gera endurnýjaðan vef RÚV að einum öflugasta og áreiðanlegasta fréttavef landsins, og aðgreina fréttastreymi dagsins á innlendum og erlendum vettvangi frá dýpri fréttaumfjöllun í útvarpi og sjónvarpi. Um leið var fréttamönnum fækkað á innlendum og erlendum vöktum. Áfram er gerð sú krafa til allra fréttamanna að þeir geti flutt fréttir á vefnum og sinni honum ekki síður en stórum fréttatímum á ljósvakanum. Vaktstjóri veffrétta er Lára Ómarsdóttir.

Meðal þeirra atburða sem fréttastofa beindi sjónum að á starfsárinu voru háværmótmæli við setningu Alþingis í október, þar sem ráðist var að þingmönnum. Fréttaritarinn Jón Björgvinsson veitti þjóðinni einstæða innsýn í fall einræðisstjórnar Gaddafis í Líbýu í lok október, og um miðjan desember varð ljóst að Eftirlitsstofnun EFTA hygðist stefna Íslandi fyrir EFTA-dómstólinn vegna neyðarlaganna. Fréttaflutningur í upphafi ársins 2012 einkenndist af neytenda-

# FRÉTTAÞJÓNUSTA

málum, þar sem ljóst var að eftirliti var mjög ábótavant. Bar þar hæst of hátt hlutfall kadmíums í innfluttum áburði, iðnaðarsalt sem notað hafði verið í matvæli, og gallaða brjóstapúða sem græddir höfðu verið í tugi íslenskra kvenna. Í febrúar kom út svört skýrsla um fjárfestingar lífeyrissjóðanna fyrir hrun, dómstólar dæmdu erlend gengislán ólögleg og átök um fiskveiðikvóta og önnur auðlindamál voru ofarlega á baugi.

***Landsdómsmálið***

Eitt stærsta fréttamál starfsársins var vafalítið Landsdómur, sem kveðinn var upp 23. apríl yfir Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, og svo forsetakosningarnar 30. júní. Dagana 5. til 16. mars 2012 fór fram í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu aðalmeðferð í landsdómsmálinu nr. 3/2011: Alþingi gegn Geir Hilmari Haarde. Tekin var skýrsla af ákærða og 40 vitnum. Í framhaldi af skýrslutökum flutti Sigríður J. Friðjónsdóttir, saksóknari Alþingis, málið af hálfu ákæruvaldsins og skipaður verjandi Geirs, Andri Árnason hæstaréttarlögmaður, af hans hálfu. Fréttastofa RÚV fékk ekki heimild til að senda beint út frá Landsdómi í útvarpi eða sjónvarpi, þrátt fyrir þrábeiðnir um það, en notaði þess í stað samskiptasíðuna Twitter til að halda úti stöðugum fréttastraumi frá réttarhöldunum. Þá daga sem réttarhöldin stóðu yfir voru sendir út aukafréttatímar í sjónvarpinu, þar sem fjallað var um vitnisburð þeirra sem komu fyrir dóminn, og málflutning verjanda og saksóknara Alþingis. Heimild fékkst svo til að senda beint út frá því þegar dómur var kveðinn upp 23. apríl, og var það gert.

***Forsetakosningar***

Strax á nýársdag hófust vangaveltur um hvort Ólafur Ragnar Grímsson hygðist gefa kost á sér til endurkjörs sem forseti Íslands. Margir túlkuðu nýársræðu hans á þann veg að hann ætlaði hverfa úr embætti. Aðrir töldu óvarlegt að leggja þannig út af ræðunni. Það gerðist síðan 4. mars að Ólafur Ragnar tilkynnti að hann gæfi kost á sér til endurkjörs til embættis forseta Íslands. Þá þegar hafði RÚV hafið undirbúning umfjöllunar sinnar um forsetakosningarnar.

Þegar Þóra Arnórsdóttir, aðstoðarritstjóri Kastljóss, tilkynnti um framboð sitt 4. apríl, var ljóst að RÚV var komið í óvenjulega stöðu við umfjöllun um kosningarnar. Ekki aðeins voru aðrir starfsmenn Kastljóss þar með útilokaðir frá því að fjalla um aðdraganda kosninganna, heldur starfaði Svavar Halldórsson, sambýlismaður Þóru, sem fréttamaður á Fréttastofu RÚV. Úr varð að bæði Þóra og sambýlismaður hennar tóku sér launalaust leyfi fram yfir kosningar, og starfsmenn fréttastofunnar fjölluðu um aðdraganda kosninganna án þess að starfsmenn Kastljóss og innlendrar dagskrárdeildar kæmu þar nálægt.

Aðstæðurnar styrktu kosningaritstjórnina enn frekar í þeirri grundvallarafstöðu að allir frambjóðendur sætu við sama borð, og fengju sömu tækifæri til að koma sér og stefnumálum sínum á framfæri við kjósendur, hvort sem væri í fréttum, sérstökum kosningaþáttum, eða á vefsíðu RÚV um forsetakosningarnar. Sumir frambjóðendanna tortryggðu þó hlutlægni ritstjórnarinnar, og svo fór að RÚV réð forseta lagadeildar Háskóla Íslands til að gera úttekt á því hvort starfsmenn RÚV væru vanhæfir til að fjalla um kosningar, þar sem samstarfsmaður þeirra væri í framboði. Álit hans var afdráttarlaust á þá leið að starfsmenn RÚV gætu fjallað um framboð samstarfsmanna sinna, svo lengi sem þeir síðarnefndu væru í launalausu leyfi og sambandið hvorki





náið né persónulegt.

Skipuleg umfjöllun RÚV um forsetakosningarnar var á þann veg, að rætt var við hvern frambjóðanda fyrir sig í Morgunútvarpinu á Rás 2, og síðan rætt um boðskap hans við álitsgjafa í Síðdegisútvarpinu. Í sjónvarpinu voru sendir út tveir umræðuþættir, sem allir frambjóðendur tóku þátt í, en auk þess var fjallað um hvern frambjóðanda í sérstökum kynningarþætti. Frambjóðendunum var fylgt eftir í kosningabaráttunni hluta úr degi, og síðan var rætt við þá í sjónvarpssal um helstu stefnumál þeirra. Botninn var loks sleginn í umfjölluninni með kosningavökum í útvarpi og sjónvarpi að kvöldi kjördags, 30. júní, og fram á morgun 1. júlí.

Könnun Capacents Gallups sem gerð var að forsetakosningunum afstöðnum sýndi að 39,4% voru ánægð með umfjöllun RÚV í tengslum við forsetakosningarnar 30. júní, flestir, eða 46,6 %, sögðust hvorki ánægðir né óánægðir, en 14,1% sagðist óánægt.



# FRÉTTAÞJÓNUSTA

***Viðurkenningar***

Jón Björgvinsson fréttaritari hefur lengi verið mikilvægur hlekkur í fréttaþjónustu RÚV. Hann hefur farið víða, verið á vettvangi heimsfréttanna og sagt tíðindi af háskaslóðum. Því var fagnaðarefni að Jón hlyti viðurkenningu Blaðamannafélags Íslands sem blaðamaður ársins 2011 fyrir fréttaflutning af vettvangi uppreisna gegn alræðisstjórnum í Norður-Afríku.

Þjóðlífsþátturinn *Landinn* hlaut Eddu-verðlaunin í annað sinn 2012, í flokknum Frétta- eða viðtalsþáttur ársins. Þá voru ritstjóri þáttarins, Gísli Einarsson, og Bogi Ágústsson, fréttamaður og þulur, tilnefndir til verðlaunanna sem sjónvarpsmenn ársins, ásamt þremur samstarfsmönnum af Innlendri dagskrárdeild.

***Landinn***

*Landinn* hóf göngu sína 3. október 2010. Á rekstrarárinu, frá 1. september 2011 til 17. júní 2012, var sendur út 41 þáttur. Af fjárhagsástæðum var ákveðið að *Landinn* færi í sumarfrí frá miðjum júní fram í október. Hluti starfsfólksins vann önnur störf á fréttastofunni en jafnframt var efni safnað til fullvinnslu á komandi vetri.

Í þessum 41 þætti voru 242 innslög sem fjölluðu um allt milli himins og jarðar. Sérstök áhersla hefur verið lögð á nýsköpun, umhverfismál, menningu og mannlíf vítt og breitt um landið. Það er reyndar nokkuð útbreiddur misskilningur að Landinn fjalli eingöngu um landsbyggðina. Staðreyndin er sú að höfuðborgarsvæðinu hefur verið vel sinnt. Skipting innslaga í *Landanum* á tímabilinu 1. september 2011 til 17. júní 2012 lítur svona út:

| Landshluti | Fjöldi innslaga |
|---|---|
| Vesturland | 25 |
| Vestfirðir | 23 |
| Suðurnes | 5 |
| Höfuðborgarsvæðið | 41 |
| Suðurland | 45 |
| Austurland | 35 |
| Norðurland eystra | 43 |
| Norðurland vestra | 18 |
| Óstaðsett | 7 |
| **SAMTALS** | **242** |



Viðmælendur *Landans* á rekstrarárinu voru 542, fólk á öllum aldri, og í aðeins örfáum tilfellum hefur sama fólkið komið fram í fleiri en einum þætti.

Viðbrögð áhorfenda hafa verið mikil og jákvæð allan þann tíma sem *Landinn* hefur verið á dagskrá. Áhorf hefur sömuleiðis verið framar vonum. Mest fór það í 38,4% en meðaltalið á þessu tímabili er 29,6%. Fimm sinnum var *Landinn* í efsta sæti yfir áhorf, 11 sinnum í öðru sæti og sjö sinnum í þriðja sæti.

Í haust er ráðgert að gefa út fjóra DVD-diska með efni úr *Landanum*, einn úr hverjum landsfjórðungi, merktir Norður-Landinn, Austur-Landinn, Suður-Landinn og Vestur-Landinn. Á diskunum eru 96 innslög. Með þessari útgáfu er reynt að koma til móts við fjölmarga aðdáendur þáttarins.

## ÍÞRÓTTIR

Eðli íþróttanna er að ekkert er fast í hendi. Við vitum ekki hvaða lið verða í beinni útsendingu á RÚV á HM í knattspyrnu 2014 og við vitum ekki hvort íslenska handboltalandsliðið kemst á Ólympíuleikana í Rio de Janeiro 2016. Við vitum hins vegar að fjórða hvert ár er annasamt í íþróttaheiminum í Evrópu. Það ár ber Ólympíuleikana, EM í knattspyrnu karla og EM í handbolta karla upp á sama almanaksár. Árið 2012 var einmitt þetta ár og bar starfsemi íþróttadeildar og dagskrá sjónvarpsins þess sannarlega merki.

Eftirtektarvert er að fjölmiðill, ekki stærri en RÚV, geti skilað þessum verkefnum með slíkum sóma sem raun ber vitni. Til samanburðar má




geta þess að NBC sjónvarpsstöðin í Bandaríkjunum var með 3.000 starfsmenn á Ólympíuleikunum í Lundúnum og sendi út um 5.000 klukkustundir. Til gamans má benda á að ef starfsmenn RÚV hefðu afkastað álíka miklu hefðu verið sendar út níu klukkustundir af efni í stað u.þ.b. 300. Allir sem komu að þessum útsendingum frá Lundúnum, tæknifólk, íþróttafréttamenn, skipuleggjendur og aðrir eiga heiður skilinn fyrir vel unnin störf.

Íþróttir voru fyrirferðarmiklar í dagskrá RÚV á rekstrarárinu. Til viðbótar við fyrrgreind stórmót var HM í íshokkí og HM í frjálsum íþróttum einnig á dagskrá RÚV. Við þessar aðstæður er óhjákvæmilegt að einhverjar óánægjuraddir heyrist. Áhorfstölur benda þó til að RÚV sé á réttri leið með að bjóða upp á þetta efni. Ólympíuleikarnir 2012 voru sendir út á aukarás og er það í fyrsta sinn sem svo er gert. Ólympíurásin sló í gegn og gerði RÚV kleift að sinna Ólympíuleikunum betur en nokkurn tímann áður.

Þátturinn *360 gráður* hóf göngu sína og sló í gegn, bæði hjá fólkinu heima í stofu og íþróttahreyfingunni. Í þættinum er fjallað um íþróttagreinar sem alla jafna fá ekki mikla athygli, á óhefðbundinn hátt. Jafnframt er fjallað um efni sem ratar síður inn í hefðbundna íþróttaþætti, eins og t.d. almenningsíþróttir og næringu.

*Íþróttaannállinn* var í fyrsta sinn sýndur í fjórum þáttum í desember 2011, í stað eins langs þáttar á gamlársdag. Þetta nýja fyrirkomulag reyndist afskaplega vel og mun fleiri fylgdust með upprifjun íþróttaársins en áður. *Skólahreysti* hélt sínu striki og við blasir að ungt fólk gerir fleira en að hanga í tölvum. *Skólahreysti* er komið í útrás og fór í fyrsta skipti fram í Finnlandi á árinu. Sýnt var frá keppninni í finnska ríkissjónvarpinu



# FRÉTTAÞJÓNUSTA




og lítur út fyrir að fleiri lönd ætli að sigla í kjölfarið. Þátturinn *Golf á Íslandi*, sem lagði áherslu á keppnisgolf, lauk göngu sinni á RÚV og við tók þátturinn *Golfið* með fjölbreytta umfjöllun um golf fyrir golfiðkendur. Þessi breyting þótti rökrétt þar sem golfíþróttin hefur hvað flesta iðkendur allra íþrótta á landinu en aðeins lítill hluti þeirra stundar keppnisgolf. Íslenska hestinum var vel sinnt á RÚV á rekstrarárinu. Sérstakir þættir um meistaradeildina í hestaíþróttum voru á dagskrá í vetur auk beinna útsendinga frá Landsmóti hestamanna í Víðidal og Íslandsmóti í hestaíþróttum á Vindheimamelum, auk þess sem þættirnir um ístöltsmót vetrarins eru orðnir fastir liðir í dagskrá RÚV.

Landsliðin áttu sinn stóra sess á RÚV eins og áður. Velgengni kvennalandsliðanna í handbolta og fótbolta hélt áfram og ný kynslóð ungra knattspyrnumanna kom fram á Evrópumeistaramóti karlalandsliða skipuðum leikmönnum 21 árs og yngri. Strákarnir okkar, íslenska handboltalandsliðið, stóð sig vel á EM og Ólympíuleikunum og karlalandsliðið í körfubolta hóf aftur þátttöku í alþjóðlegum keppnum og allt var þetta í beinni útsendingu á RÚV. Íslenska knattspyrnan, þ.e. deild og bikar, var í lokaðri dagskrá í ár. Þetta var ný staða, engir þættir voru á RÚV um íslenska fótboltann, hvorki kvenna- né karlaknattspyrnu. Íslenski boltinn var þó áfram á dagskrá, nú að vetri til og fjallaði um íslenskan handbolta og körfubolta. Einnig voru þættir á dagskrá RÚV um íslensku motocross mótaröðina, helstu kraftakeppnirnar, eins og sterkasta fatlaða mann heims, sterkustu konu Íslands, Vestfjarðavíkinginn o.fl. Einnig voru gerðir þættir um smáþjóðaleikana, bikarmótið í frjálsum íþróttum, unglinga- og 50+ landsmót UMFÍ, Íslandsglímuna og Reykjavíkurleikana. Vetraríþróttum voru gerð skil með þætti um skíðamót Íslands og AK Extreme vetrarhátíðina.

Íslandsmótið og bikarkeppnin í handbolta og bikarkeppnin í körfubolta og blaki, karla og kvenna, voru í beinni útsendingu á RÚV sem og Meistaramót Íslands í badminton, Íslandsmótið í hópfimleikum, íshokkí, ballskák í tímahraki og atskák. Á heildina litið var íþróttaárið í sjónvarpi viðburðaríkt og fjölbreytt og afar vel heppnað og þar fengu innlendir viðburðir og erlend stórmót að njóta sín.

Stærri íþróttaviðburðir voru sendir beint út á sérstakri aukarás. Þannig voru 8,5 klst. frá EM í knattspyrnu karla sendar út á aukarásinni, 143 klst. frá Ólympíuleikunum, 78 klst. frá Ólympíumóti fatlaðra og um 20 klst. frá öðrum íþróttaviðburðum s.s. tennis og landsleikir í handknattleik og knattspyrnu. Samtals var sent út í um 250 klst. á aukarásinni.

# ÖNNUR STARFSEMI

## SAFNAMÁL

Safnadeild styður við starfsemi RÚV með fjölbreyttum safnkosti sem er gríðarlega mikið notaður í dagskrárgerð. Einnig er þónokkuð gestkvæmt á safninu, t.d. koma menntaskólanemar til að undirbúa sig fyrir *Gettu betur* og kvikmyndagerðarmenn í rannsóknarvinnu. Útlán á safninu eru þó aðeins til starfsmanna RÚV. Á tímabilinu voru lánuð út um 34.000 eintök eða 6% fleiri en tímabilið á undan. Meginástæðan er aukin útlán hljómdiska þar sem þeir eru lánaðir út á meðan verið er að afrita þá og hljóðsetja í safnakerfið (Kistu).

Safnadeild er staðsett á 1. og 2. hæð Útvarpshússins. Geymslur eru á 1. hæð fyrir bókasafn, sjónvarps- og útvarpsefni og stúdíó 7 þar sem tæknimaður hefur vinnustöð. Bókasafnið er hluti safnkostsins sem einnig er ætlað að styrkja RÚV við að sinna hlutverki sínu og ná settum markmiðum. Með skilgreindri aðfangastefnu verða nauðsynleg gögn aðgengileg notendum og viðhald safnkosts verður í samræmi við eftirspurn og þarfir notenda. Aukið aðgengi og hagræðing næst með því að allar bækur í eigu RÚV verði skráðar í safn, óháð staðsetningu. Helstu efnisflokkar í safninu eru handbækur, bækur um íslenskt mál, sögu lands og þjóðar og ljóð, auk ævisagna og ættartalna.

Yfirfærsla og skráning á eldra efni yfir í nýtt safnakerfi, Kistu, tekur langan tíma og mjakast áfram. Útvarpsefni er að mestu komið í Kistu fyrir utan efni í spjaldskrá. Íslenskt sjónvarpsefni er í eldra kerfi auk spjaldskrár. Gerður var listi yfir rúmlega fjögur þúsund einnar tommu bönd. Hreinsun á fréttafilmum lauk í Kvikmyndasafni og er efnið tilbúið til yfirfærslu í Danmörku þegar fjárhagur leyfir.

Í sumar tók safnadeild í þriðja sinn þátt í átaksverkefni Vinnumálastofnunar og ríkisins fyrir námsmenn og atvinnuleitendur. Unnt var að ráða tvo starfsmenn í tvo mánuði til ýmissa starfa sem fólust m.a. í að afrita tónlist af geisladiskum og undirbúa afritun hljóðbanda. Tveir starfmenn til viðbótar voru ráðnir á vegum Vinnumálastofnunar. Þeir hafa unnið við afritun og skráningu tónlistarefnis í Kistu og skráningu á sjónvarpsefni úr Feng yfir í Garm. Einn starfsmaður var ráðinn í sumarafleysingar.

Öll íslensk tónlist á geisladiskum sem RÚV á í safni sínu hefur nú verið afrituð í safnakerfið til mikillar hagræðingar fyrir alla dagskrárgerð. Tónlist er skráð og afrituð jafnóðum í kerfið. Unnið er að afritun erlendrar tónlistar á geisladiskum.

Safnadeild tekur virkan þátt í samstarfi safnastjóra útvarps- og sjónvarpsstöðva á Norðurlöndunum. Markmið samstarfsins er m.a. að samræma upplýsingar og samnýta þær.



# ÖNNUR STARFSEMI

Hópur starfsmanna frá söfnunum vinnur að því að staðla skráningu upplýsinga (MetaData) m.a. til þess að auðvelda samnýtingu.

## MANNAUÐSMÁL

***Innri vefur***

Nýr innri vefur var tekinn í notkun í byrjun árs. Hópur starfsmanna vann að því að skilgreina markmið vefsins, undirbúa þarfagreiningu og byggja vefinn upp samkvæmt því. Markmiðið með vefnum er að auka upplýsingaflæði, stuðla að miðlun þekkingar og styrkja ímynd RÚV sem einn vinnustaður. Stefnt er að því að ávinningurinn verði betri yfirsýn starfsmanna yfir starfsemi RÚV, skilvirkari vinnubrögð og meiri samvinna milli deilda.

***Starfsmannasamtöl***

Boðið var upp á hálfsdags námskeið fyrir stjórnendur um framkvæmd starfsmannasamtala og sömuleiðis stóð starfsfólki til boða að sækja námskeið um tilgang og markmið samtalanna. Á vordögum hafði öllu starfsfólki RÚV gefist kostur á að fara í starfsmannasamtal hjá næsta yfirmanni. Í samtölunum er sérstök áhersla lögð á að greina tækifæri til starfsþróunar og í lok samtalsins ganga starfsmaður og stjórnandi sameiginlega frá starfsþróunaráætlun þar sem horft er eitt ár fram í tímann. Áætlunin byggir á sameiginlegri greiningu sem aðilar hafa komið sér saman um að leiði til betri árangurs í starfi.

***Fræðsludagskrá***

Áðurnefndar starfsþróunaráætlanir lágu til grundvallar fræðsludagskrá sem var kynnt um mitt sumar. Úrval auglýstra námskeiða byggði á greiningu á sameiginlegri fræðsluþörf starfsfólks. Á haustmánuðum 2012 verður boðið upp á námskeið um einelti á vinnustað, skyndihjálp, tímastjórnun, stafsetningu og framsögn, mynd- og efnisvinnslu fyrir vef og undirstöðuatriði í töku- og fréttamennsku (videojournalism).

***Jafnréttisáætlun***

Byrjað var að vinna samkvæmt nýrri jafnréttisáætlun sem samþykkt var sumarið 2011. Áætlunin var kynnt á fundi með stjórnendum, mótuð var áætlun um viðbrögð við einelti og áreitni á vinnstaðnum, gerð var könnun á launamun kynjanna og stuðst við mælingar í vinnustaðagreiningu á einstökum þáttum eins og jafnréttisáætlun kveður á um.

***Vinnustaðagreining***

Vinnustaðagreining sem samanstóð af 45 fullyrðingum var lögð fyrir alla starfsmenn í lok október. Könnunin náði til 327 starfsmanna, alls bárust 239 svör og var svarhlutfallið því 73%. Þegar niðurstöðurnar lágu fyrir voru þær ræddar innan hverrar deildar og farið yfir hvar úrbóta væri þörf. Tilgangur könnunar sem þessarar er m.a. að fá fram viðhorf starfsmanna til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarhátta. Niðurstöðurnar gefa stjórnendum vísbendingar um stöðuna í starfsmannamálum sem geta nýst til endurbóta á starfsumhverfinu.

## MÁLFAR

Nýr málfarsráðunautur var ráðinn til starfa 30. september. Málfarsráðunautur vann náið með fréttastofu og sá um yfirlestur hádegis-





frétta og málfarsráðgjöf. Stuttir vikulegir málfarsfundir voru haldnir á undan fréttafundum og nýir jafnt sem gamalreyndir fréttamenn fengu leiðbeiningar og tilsögn í framsögn og flutningi. Auk málfarsráðunautar eru fjórir íslenskufræðingar í hlutastarfi við yfirlestur síðdegis- og kvöldfrétta á fréttastofu og heldur ráðunauturinn utan um störf þeirra. Sumarið 2012 hófust vikulegir málfarsfundir með íþróttadeild. Málfarsráðunautur sinnti jafnframt almennri málfarsráðgjöf, m.a. með pistlum á innri vef RÚV og yfirlestri útvarps- og sjónvarpshandrita og vefefnis auk þess að taka við kvörtunum og ábendingum frá hlustendum.

Málfarsráðunautur tók sæti sem fulltrúi RÚV í Íslenskri málnefnd og var í framhaldi af því kjörinn í stjórn málnefndarinnar. Ráðunauturinn sótti málþing norrænna málnefnda í Ósló í ágúst 2012 og hélt þar fyrirlestur um textun og talsetningu á barnaefni í íslensku sjónvarpi og kom auk þess fram í *Språkteigen*, tungumálaþætti í norska útvarpinu, NRK, sem fjallaði sérstaklega um málþingið.

Í júlí 2012 átti hann fund með sænskumælandi málfarsráðunauti finnska ríkisútvarpsins, YLE, og báru þeir saman bækur sínar og hyggja á frekari samskipti og samstarf. Málfarsráðunautur lagði, ásamt dagskrárstjóra Rásar 1, drög að nýjum þætti um íslenskt mál fyrir vetrardagskrá komandi rekstrarárs á Rás 1.

## TÁKNMÁLSTÚLKUN OG TEXTUN

Þjónusta við heyrnarlausa og heyrnarskerta er í stöðugri endurskoðun. Á tímabilinu var textun á síðu 888 í Textavarpinu aukin um 22% eða úr 248 klst. í 303 klst. af frumfluttu íslensku dagskrárefni. Sem fyrr flytur RÚV heyrnarlausum daglega sjónvarpsfréttir á táknmáli. Allir landsmenn hafa aðgang að fréttum og upplýsingum á vef RÚV, í Textavarpinu og í þriðju kynslóðar farsímum en auk þess hafa heyrnarskertir aðgang að upplýsingasíðum um málefni sem tengjast þeim.



# ÖNNUR STARFSEMI

## FJÖLÞJÓÐLEGT SAMFÉLAG

RÚV leggur metnað sinn í að gera fjölþjóðlegu samfélagi á Íslandi góð skil og á um það verkefni samstarf við Fjölmenningarsetrið. Reynt er eftir megni að sinna þörfum íbúa frá öðrum löndum, t.d. með fréttum og upplýsingum á erlendum tungumálum. Áfram var í Textavarpinu boðið upp á fréttir á pólsku og serbókróatísku.

## MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL

### *Vinsælasta sjónvarpsefnið*

Áramótaskaup RÚV var vinsælasti dagskrárliðurinn á rekstrarárinu, en meðaláhorfið mældist 86%. Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva var í öðru sæti og Söngvakeppni Sjónvarpsins í því þriðja. Landsleikir í handbolta fengu einnig mjög mikið áhorf á tímabilinu. Beinar útsendingar frá EM karla í handbolta í janúar 2012 og leikir karlalandsliðs Íslands í handbolta á Ólympíuleikunum í Lundúnum drógu um eða yfir helming landsmanna að skjánum. Af hefðbundnum dagskrárliðum RÚV voru *Útsvar*, *Andraland*, *Dans dans dans* og *Landinn* mjög vinsælir.

### *Vinsælasta útvarpsefnið*

Líkt og undanfarin ár var vinsælasta útvarpsefnið útsending Rásar 1 frá *Guðsþjónustu í Dómkirkjunni* á aðfangadagskvöld. Vinsælasti dagskrárliður Rásar 2 á rekstrarárinu var *Síðdegisútvarpið*, en útsendingar frétta á samtengdum rásum fá þó enn sem fyrr mesta hlustun einstakra dagskrárliða.

### *Þróun áhorfs*

Áhorf á RÚV reyndist mun meira á rekstrarárinu en árið á undan. Hlutdeild í áhorfi jókst úr 51% í 56% á milli ára. Rétt er þó að taka fram að áhorf á EM í knattspyrnu karla og Ólympíuleikana í London hefur mikil áhrif á heildaráhorf tímabilsins.

### *Þróun hlustunar*

Rás 1 og Rás 2 hafa átt undir högg að sækja í hlustunarmælingum undanfarin ár. Rás 2 jók þó markaðshlutdeild sína um rúmt 1% á milli ára, en að sama skapi minnkaði hlutdeild Rásar 1 um 1%.

### *Traust*

Engin mæling var gerð á árinu á trausti almennings til fjölmiðla.

### *Kynningar*

Mikið og gott starf var unnið í kynningarmálum á rekstrarárinu. Viðamestu breytingarnar á árinu voru að ímyndarmál og kynningarmál Rásar 1 og 2 jukust verulega að magni og

MYNDIN SÝNIR HLUTDEILD RÚV Í HEILDARÁHORFI ÞESSARA SJÓNVARPSSTÖÐVA




MYNDIN SÝNIR HLUTDEILD RÁSAR 1 OG RÁSAR 2 Í HEILDARHLUSTUN ÞESSARA ÚTVARPSSTÖÐVA




## KYNNINGAR RÚV

| Ár | Fjöldi | Sekúndur | Mínútur á ári | Klst. á ári | Fjöldi á dag | Sek. á dag | Mínútur á dag |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2010 - 11 | 10.458 | 549.441 | 9.157 | 153 | 29 | 1.505 | 25 |
| 2011 - 12 | 11.605 | 613.731 | 102.229 | 170 | 32 | 1.681 | 28 |

gæðum. Að meðaltali var kynningarefni 28 mínútur á dag á RÚV og er það 11% aukning frá árinu áður.

***Kynnisferðir***

Um 40 hópar frá skólum, fyrirtækjum og stofnunum heimsóttu RÚV á árinu og kynntu sér starfsemina. Áhugi fyrir heimsóknum hefur aukist frá ári til árs.

***Auglýsingar***

Árið var gjöfult á þessum vettvangi. Þó dró úr heildarmagni auglýsinga í miðlum RÚV á árinu en verð hækkaði verulega. Verð leikinna auglýsinga á RÚV hækkaði að meðaltali um 22,5% á sama tíma og verð leikinna auglýsinga á Rás 2 hækkaði að meðaltali um 18,1%.

## TÆKNIMÁL

Á tímabilinu gerðist margt markvert í tæknimálum RÚV. Verkefnin sem ráðist hefur verið í einkennast í meginatriðum af þeim breytingum sem nú eiga sér stað í tæknilegu umhverfi útvarps- og sjónvarpsstöðva hérlendis sem erlendis. Hliðrænar tæknilausnir víkja fyrir stafrænum og er vinna við þær breytingar langt komin.

Mynd- og hljóðbönd eru víkjandi sem upptöku- og geymslumiðlar. Í staðinn eru upptökur gerðar á tölvutæku skráarformi og efnið meðhöndlað og varðveitt sem slíkt.

Útvarpið hefur verið án segulbanda (tape-less) frá 2007 við innleiðingu „útvarpskerfis“ þegar upptaka, úrvinnsla, útsending og geymsla dagskrárefnis varð stafræn á skráarformi. Í framhaldi var ætlunin að endurnýja innviði (miðval, hljóðborð o.fl.) í stafrænni tækni.




Stafrænt sjónvarp með hefðbundinni upplausn (SD, með 575 láréttar línur) víkur nú fyrir svokölluðu háskerpusjónvarpi (HD, með 1080 láréttum línum). Þessi tæknibreyting kallar á endurnýjun tækni-innviða sjónvarpsins.

Vinna við endurnýjun á innviðum sjónvarps og útvarps hafa á tímabilinu tekið mið af framansögðu, en ljóst er að innleiðing þessarar nýju tækni mun krefjast umtalsverðra fjármuna á næstu árum. Unnið hefur verið að áætlunargerð þar sem leitast hefur verið við raða verkefnum í forgangsröð og áætla fjármagnsþörf.

Þörf fyrir endurnýjun á tæknibúnaði fyrir sjónvarp og útvarp hefur frá upphafi verið mjög ólínuleg ef svo má segja. Fram koma nýjungar sem kalla á mikla endurnýjun á tiltölulega stuttu tímabili, samanber litvæðinguna á sínum tíma. Þá þurftu sjónvarpsstöðvar og sjónvarpsáhorfendur að skipta út öllum búnaði á nokkrum árum. Á milli slíkra toppa er fjármagnsþörf til tæknimála aðallega tilkomin vegna endurnýjunar, slits og viðhalds. Nú má líkja ástandinu við umskiptin úr svarthvítu í lit. Skipta þarf nánast öllum tækjum sjónvarpsins út svo þau geti tekist á við háskerpu.



# ÖNNUR STARFSEMI



***Dreifikerfi***

Sjónvarpsdreifikerfi RÚV er hliðrænt kerfi ætlað fyrir 4:3 myndhlutfall og því löngu tímabært að endurnýja það svo áhorfendur geti notið þeirra mynd- og hljóðgæða sem nú eru í boði. Undirbúningur og útboð á tæknióháðri dreifingu á tveimur stafrænum sjónvarpsrásum fór fram á árinu. Útboðsaðferðin er svokallað samkeppnisútboð og á niðurstaða þess að liggja fyrir á næsta rekstrarári. Í útboðinu er horft til framtíðarþarfa sjónvarpsins með flutningi á tveimur dagskrám í háskerpu. Gert er ráð fyrir að nýja dreifingin verði komin um land allt 2014.

***Tilraunaútsendingar í háskerpu***

Samhliða gerð útboðsgagna vegna stafrænnar dreifingar sjónvarpsins í háskerpu var ráðist í endurnýjun og stækkun á útsendingarbúnaði sjónvarpsins. Sjónvarpið átti sýningarrétt á miklu efni frá stórum viðburðum s.s. EM í knattspyrnu karla, Ólympíuleikunum og *Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva* í háskerpu, sem gerði tilraunaútsendingar enn áhugaverðari. Eftir breytingarnar er hægt að senda út samtímis á þremur aðskildum rásum þar sem ein getur verið háskerpurás ásamt 5.1 hljóði. Svo þetta tækist þurfti að uppfæra tækjabúnað og leggja 300 nýja strengi samtals um 3.500 m að lengd. Tæknimenn RÚV nutu aðstoðar erlendra tæknimanna, frá fyrirtækinu sem upphaflega hannaði og setti upp útsendingarkerfið.

Framangreindar umbætur gerðu RÚV kleift að senda út efni, beint og upptekið, síðastliðið sumar frá Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, EM í knattspyrnu karla og Ólympíuleikunum í Lundúnum, samtímis á hefðbundnum dreifileiðum en að auki á tveimur tímabundnum leigurásum hjá Vodafone og Símanum, þar sem önnur sýndi háskerpumyndir.

***Myndmiðstöð (Mediacenter) sjónvarps***

Notkun skráa í stað myndbanda hefur kallað á breytingar á tækjakosti og vinnuferlum. Svokölluð myndbandadeild Sjónvarpsins hefur fengið nýtt og breytt hlutverk. Efni berst nú í æ ríkari mæli í formi skráa. Skráasniðin eru margvísleg, staðlar og gerðir fjölmargar og það krefst endurnýjunar tækja og nýrrar kunnáttu starfsmanna.

Komið hefur verið á fót svokallaðri myndmiðstöð. Þetta er miðlæg aðstaða til móttöku og innsetningar á efni til dagskrárgerðar eða útsendingar. Hlutverk myndmiðstöðvarinnar felst m.a. í því að breyta efni sem er á böndum í skrár, breyta um snið á skrám og koma efni áfram til vinnslu á miðlægan netþjón eða til útsendingar. Vinnslustöðvar hafa verið uppfærðar og hafa allar aðgang að miðlægu vinnsluefni. Auk þess að framangreind breyting gerir RÚV mögulegt að fást við efni á skráarformi er hún forsenda þess að hægt sé meðhöndla og fást við HD-efni. Sjónvarpið er að verða án segulbanda í vinnslu og útsendingu en safnaefni er enn um sinn á myndböndum.

***Örbylgjubíll***

Tækjakostur örbylgjubíls sjónvarpsins hefur verið endurnýjaður. Í bílnum er nýr HD myndveljari. Tvær myndavélar geta tengst bílnum um ljósleiðara, en fyrirhugað er að bíllinn verði fjögurra myndavéla eining. Örbylgjubúnaðurinn er stafrænn, frekar nýlegur og verður uppfærður síðar þannig að hann geti tekist á við HD myndir.

***Miðval útvarpsins***

Unnið er að endurnýjun miðvals (matrixa) útvarpsins. Það er forsenda þess að hægt verður að skipta um gömul og slitin hljóðborð í útvarpshljóðverunum. Vinna við þau útskipti er hafin en nýi tækjakosturinn er allur stafrænn. Þetta er stórt verkefni á okkar mælikvarða og hefur verið tímafrekt og nokkuð kostnaðarsamt. Kostnaðurinn er þó umtalsvert lægri en ráð var fyrir gert þar sem stór hluti búnaðarins fékkst keyptur lítið notaður frá TV2 í Danmörku. Á árinu var opnað tilraunahljóðver með búnaði frá TV2 og verður reynslan af notkun þess veganesti við endurnýjun hljóðveranna. Nokkrir erlendir aðilar hafa verið okkar mönnum til halds og trausts við undirbúning og framkvæmd verkefnisins.

***Lagfæringar á FM dreifikerfi***

Endurnýjun á stofnsendum í FM-dreifikerfum Rásar 1 og Rásar 2 hófst á árinu með útboði á Evrópska efnahagssvæðinu. Unnið er að mati tilboða.

***Safnakerfi RÚV***

Kistan, nýtt safnakerfi RÚV, hefur verið tekið í notkun fyrir útvarpið. Gögn úr gamla safnakerfinu voru flutt yfir í fyrra og vinna við að yfirfæra hljóð og vista með stafrænum hætti í kerfinu hefur gengið vel. Yfirfærsla á íslenskri tónlist hefur haft forgang sem og eldri þættir er valdir hafa verið til endurflutnings. Til stendur að færa sjónvarpssafnið einnig yfir í Kistuna svo kostir þess að eiga greiðan aðgang að stafrænum myndskeiðum munu einnig nýtast dagskrárgerð í sjónvarpi.

***Stór verkefni framundan***

Meðal næstu stóru verkefna má nefna, auk endurnýjunar á hljóðverum útvarpsins, að skipta þarf út hljóðborði, myndveljara og myndavélum í aðalstúdíói sjónvarpsins, myndveri A. Að öllum líkindum verður á



# ÖNNUR STARFSEMI




sama tíma skipt um svokallað miðval, sem eins og í útvarpinu er hjarta- og æðakerfi tækniinnviða sjónvarpsins. Upptöku- og útsendingarbíll þarfnast einnig endurnýjunar.

## VEFNOTKUN

***Ruv.is***

Samkvæmt samræmdri vefmælingu Modernus fjölgaði stökum notendum ruv.is talsvert milli rekstrarára. Einstakir notendur voru að meðaltali 128.210 á viku á rekstrarárinu 2011–2012 en sams konar mæling sýnir 106.184 notendur á viku rekstrarárið 2010–2011.

Í febrúar 2012 fékk ruv.is Íslensku vefverðlaunin sem veitt eru á vegum Samtaka vefiðnaðarins (SVEF). Þar var vefurinn valinn besti afþreyingar- og fréttavefurinn. Lokið var við að móta stefnu fyrir deildina og vefinn til 2016 og má lesa um hana í heildarstefnu RÚV sem gefin var út haustið 2012.

***Nýmiðlar***

Deildin Nýmiðlar hefur verið starfrækt frá 1. október 2011. Hún var fullmönnuð í núverandi mynd í lok árs 2011 og stórfelld uppfærsla á vefnum var sett í umferð í október 2011. Fyrstu mánuðirnir eftir uppfærsluna fóru, meðfram daglegum rekstri, í að bæta og þróa áfram þær breytingar sem í henni fólust. Stærsti þátturinn í því ferli var tæknilegt umhverfi vefstreymis og upptaka. Jafnvægi komst á þau mál á vormánuðum en þó þarf enn að bæta í þar sem miklar kröfur eru gerðar og aukast þær jafnt og þétt samhliða því sem neysla útvarps- og sjónvarpsefnis á netinu eykst. Það gagnamagn sem RÚV streymir á vefnum hefur margfaldast á síðustu árum.

Mikil tæknileg og hönnunarleg breyting fyrir notendur fólst í uppfærslunni 2011. Uppfærsla viðmótsins var þó löngu tímabær og tæknilegu breytingarnar nauðsynlegar til að skipta út úreltu streymikerfi sem farið var að standa ruv.is fyrir þrifum.

## ÝMIS MÁLEFNI

RÚV ber að gera dagskrána sem aðgengilegasta fyrir almenning. Því er lögð áhersla á að birta sífellt fleiri hluta hennar á vefnum www.ruv.is, svo sem í Sarpi og hlaðvarpi. Sjónvarpsþættir eru í auknum mæli birtir í VOD-þjónustum símafyrirtækjanna og innlendir þættir eru gefnir út á hljóð- og mynddiskum. Sent er út á netinu samhliða útsendingum í sjónvarpi og hljóðvarpi og viðbótarefni er oftar í boði á netinu. Það færist í vöxt að útsendingar séu einungis á netinu og má nefna að þátturinn *PartyZone*, sem áður var sendur út á Rás 2 er nú eingöngu sendur út á vef RÚV. Jafnframt verður algengara að brot úr dagskrá RÚV séu birt á samfélagsmiðlum á borð við Facebook, Twitter og YouTube. Þetta hefur í för með sér stóraukið aðgengi almennings að dagskrárefni RÚV.

Stærri íþróttaviðburðir voru sendir beint út á sérstakri aukarás í háskerpu. Þannig voru 8,5 klst. frá EM í knattspyrnu karla sendar út á aukarásinni, 143 klst. frá Ólympíuleikunum, 78 klst. frá Ólympíumóti fatlaðra og um 20 klst. frá öðrum íþróttaviðburðum s.s. tennis og landsleikjum í handknattleik og knattspyrnu. Samtals voru sendar út um 250 klst. á aukarásinni.

Tekjur og gjöld af útgáfu- og sölustarfsemi á vegum RÚV eru sérstaklega færð til bókar og þess gætt að tekjur standi undir viðbótarkostnaði.

Íslensk tónlist var að venju fyrirferðarmikil í miðlum RÚV. Ríflega helmingur, eða 51%, tónlistar sem leikin er á Rás 2 er innlendur. Hún er í flestum tilfellum hluti af annarri dagskrárgerð og er hennar getið í þeirri umfjöllun í stað þess að fjallað sé sérstaklega um hana í ársskýrslunni.

Stefnumótunarvinnu fyrir Ríkisútvarpið lauk að mestu og hefur félagið markað sér stefnu og framtíðarsýn fyrir tímabilið 2012–2016. Að verkefninu koma flestallir starfsmenn RÚV og ráðgert er að afraksturinn verði kynntur fyrir starfsmönnum í nóvember 2012. Fjölmargar undirstefnur hafa verið markaðar s.s. dagskrárstefnur allra miðla félagsins, ritstjórnarstefnur, mannauðsstefna og stefna í tæknimálum. Gera má ráð fyrir áherslubreytingum þegar niðurstaða þessarar vinnu liggur fyrir.

Stjórn RÚV fundar mánaðarlega. Þar eru málefni félagsins rædd, farið yfir hagtölur sem lúta að rekstri og útvarpsstjóri gerir grein fyrir helstu atriðum í starfsemi félagsins.



# LYKILTÖLUR TENGDAR DAGSKRÁ

| | Rekstrarárið 1.9.'11-31.8.'12 | Rekstrarárið 1.9.'10-31.8.'11 | Rekstrarárið 1.9.'09-31.8.'10 | Rekstrarárið 1.9.'08-31.8.'09 | Viðmið í þjónustu-samningi 24.5.'11 |
|---|---|---|---|---|---|
| **SJÓNVARP** | | | | | |
| Útsent innlent efni | 1.963 klst. | 2.185 klst. | 2.267 klst. | 1.986 klst. | - |
| Útsent erlent efni | 2.307 klst. | 2.205 klst. | 2.204 klst. | 2.466 klst. | - |
| **Heildarútsendingartími** | **4.270 klst.*** | **4.390 klst.** | **4.471 klst.** | **4.452 klst.** | **3.650klst.** |
| Meðalútsendingartími á dag | 11,7 klst. | 12 klst. | 12,2 klst. | 12,2 klst. | 10 klst. |
| | | | | | |
| Innlent efni | 46,0% | 49,8% | 50,7% | 44,6% | - |
| Erlent efni | 54,0% | 50,2% | 49,3% | 55,4% | - |
| **Samtals** | **100,0%** | **100,0%** | **100,0%** | **100,0%** | |
| | | | | | |
| Innlent efni á kjörtíma | 56,1% | 53,3% | 51,2% | 49,4% | 45%** |
| Erlent efni á kjörtíma | 43,9% | 46,7% | 48,8% | 50,6% | - |
| **Samtals** | **100,0%** | **100,0%** | **100,0%** | **100,0%** | |
| | | | | | |
| Ísland | 46,0% | 49,8% | 50,7% | 44,6% | - |
| Önnur Norðurlönd | 8,4% | 6,7% | 7,5% | 7,1% | 5% |
| **Norðurlönd alls** | **54,4%** | **56,5%** | **58,2%** | **51,7%** | **-** |
| Önnur Evrópulönd | 18,7% | 17,7% | 14,0% | 17,6% | - |
| **Evrópa alls** | **73,1%** | **74,2%** | **72,2%** | **69,3%** | **-** |
| N-Ameríka (Bandaríkin og Kanada) | 26,4% | 25,1% | 27,0% | 29,9% | - |
| Aðrar heimsálfur | 0,5% | 0,7% | 0,8% | 0,8% | - |
| **Samtals** | **100,0%** | **100,0%** | **100,0%** | **100,0%** | |
| | | | | | |
| Leikið efni | 34,8%*** | 30,8% | 34,4% | 37,5% | - |
| Skemmtiefni | 10,0% | 9,6% | 10,5% | 9,9% | - |
| Listir, menning og vísindi | 15,8% | 17,0% | 12,8% | 14,4% | - |
| Íþróttir | 13,8%**** | 12,8% | 18,7% | 10,4% | - |
| Fréttir og fréttatengt efni | 14,3% | 15,7% | 12,3% | 15,1% | - |
| Barna- og unglingaefni | 11,3% | 14,1% | 11,3% | 12,7% | - |
| **Samtals** | **100,0%** | **100,0%** | **100,0%** | **100,0%** | |
| | | | | | |
| Barna- og unglingaefni | 583 klst. | 568 klst. | 543 klst. | 569 klst | 550 klst. |
| | | | | | |
| Textun á síðu 888 (frumsýningar) | 303 klst. | 248 klst. | 184 klst. | 169 klst. | - |
| Textun á síðu 888 (endursýningar) | 403 klst. | 485 klst. | 326 klst. | 347 klst. | - |
| **Samtals** | **706 klst.** | **733 klst.** | **510 klst.** | **516 klst.** | |
| | | | | | |
| Táknmálsfréttir | Alla daga | Alla daga | Alla daga | Alla daga | Alla daga |
| Táknmálstúlkun á fréttum og fréttatengdu efni | - | - | - | 13 klst. | - |
| | | | | | |
| Nýsköpun og kaup á dagskrárefni | 245 m.kr. | 180 m.kr. | 98 m.kr. | 108 m.kr. | 148 m.kr. |
| Talsetning á barnaefni | 87 m.kr. | 76 m.kr. | 80 m.kr. | 67 m.kr. | 76 m.kr. |
| **Kaup á efni af sjálfstæðum framleiðendum** | **332 m.kr.** | **256 m.kr.** | **178 m.kr.** | **175 m.kr.** | **224 m.kr.******* |

** Á aukarásinni voru stórir íþróttaviðburðir sendir út beint í háskerpu. Samtals voru sendar út um 250 klst. og ef þeim er bætt við útsendingartíma á aðalrásinni var heildarútsendingartími í sjónvarpi 4.520 klst. **Við lok samningstímans er gert ráð fyrir að hlutfall innlends efnis á kjörtíma verði 65%. *** Leikið efni þar af íslenskt 4,9%. **** Hlutfallsleg skipting á íþróttum í sjónvarpi var eftirfarandi: handbolti 28%, fótbolti 21%, frjálsar 12%, sund 7%, körfubolti 6%, blak 5%, fimleikar 4%, golf 2%, hestar 2% og aðrar íþróttagreinar s.s. glíma, dans, badminton, íþróttir fatlaðra og hjólreiðar um 1% hver.*****4,2% af þjónustutekjum 2011, 5% árið 2012 eða á tímabilinu 147 m.kr. og 6% árið 2013 til loka árs 2015.*

| RÁS 1 | Rauntölur 1.9.'11-31.8'12 | Rauntölur 1.9.'10-31.8.'11 | Rauntölur 1.9.'09-31.8.'10 | Rauntölur 1.9.'08-31.8.'09 |
|---|---|---|---|---|
| Samfélags- og dægurmál | 799 klst. | 910 klst. | 925 klst. | 913 klst. |
| Skemmtiefni | 264 klst. | 244 klst. | 264 klst. | 262 klst. |
| Trúmál | 107 klst. | 104 klst. | 103 klst. | 106 klst. |
| Leikið efni | 63 klst. | 53 klst. | 37 klst. | 21 klst. |
| Vísinda- og fræðsluefni | 3.451 klst. | 3.468 klst. | 1.929 klst. | 1.613 klst. |
| Sígild / létt sígild tónlist | 2.153 klst. | 2.138 klst. | 3.727 klst. | 3.803 klst. |
| Dægurtónlist | 732 klst. | 638 klst. | 619 klst. | 527 klst. |
| Fréttir og fréttatengt efni | 929 klst. | 931 klst. | 903 klst. | 1.278 klst. |
| Auglýsingar | 274 klst. | 261 klst. | 241 klst. | 228 klst. |
| Kynningar | 12 klst. | 13 klst. | 12 klst. | 9 klst. |
| **SAMTALS** | **8.784 klst.** | **8.760 klst.** | **8.760 klst.** | **8.760 klst.** |
| Meðalúts. á sólarhring | 24 klst. | 24 klst. | 24 klst. | 24 klst. |

| RÁS 2* | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Samfélags- og dægurmál | 607 klst. | 845 klst. | 885 klst. | 930 klst. |
| Skemmtiefni | 325 klst. | 376 klst. | 258 klst. | 226 klst. |
| Trúmál | 0 klst. | 0 klst. | 0 klst. | 0 klst. |
| Leikið efni | 0 klst. | 0 klst. | 0 klst. | 2 klst. |
| Vísinda- og fræðsluefni | 10 klst. | 11 klst. | 8 klst. | 10 klst. |
| Sígild / létt sígild tónlist | 0 klst. | 0 klst. | 0 klst. | 1 klst. |
| Dægurtónlist | 5.702 klst. | 5.289 klst. | 5.524 klst. | 5.546 klst. |
| Fréttir og fréttatengt efni | 1.444 klst. | 1.571 klst. | 1.576 klst. | 1.573 klst. |
| Íþróttir | 281 klst.** | 258 klst. | 133 klst. | 96 klst. |
| Auglýsingar | 396 klst. | 390 klst. | 358 klst. | 366 klst. |
| Kynningar | 19 klst. | 20 klst. | 18 klst. | 10 klst. |
| **SAMTALS** | **8.784 klst.** | **8.760 klst.** | **8.760 klst.** | **8.760 klst.** |
| Meðalúts. á sólarhring | 24 klst. | 24 klst. | 24 klst. | 24 klst. |

**Á Rás 2 er 51% af fluttri tónlist íslensk.  **Hlutfallsleg skipting á íþróttum í útvarpi var eftirfarandi: Fótbolti 42%, handbolti 30%, körfubolti 24% og annað 4%.*

## KYNJAHLUTFALL

Kynjahlutfall viðmælenda í fréttum og fréttatengdum þáttum útvarps og sjónvarps var 63,4% karlar og 36,6% konur.

## RUV.IS

Samkvæmt samræmdri vefmælingu Modernus voru einstakir notendur að meðaltali 128.210 á viku. Áður útsent efni sem er aðgengilegt á vefnum skiptist þannig að frá Rás 1 eru 3.721 klst., frá Rás 2 eru 3.691 klst. og frá sjónvarpi 1.373 klst.

## DREIFIKERFI

Nær til 99,9% þjóðarinnar.

## KAUP AF SJÁLFSTÆÐUM FRAMLEIÐENDUM

Á tímabilinu 1. september 2011 – 31. ágúst 2012 varði Ríkisútvarpið alls 332 m.kr. án vsk. til kaupa á dagskrárefni af sjálfstæðum framleiðendum. Skipting efnis og lengd var eins og sjá má á meðfylgjandi töflum.

Fyrir utan talsetningu barnaefnis eru þetta samtals 57 titlar með mismörgum þáttum og lengd þátta er breytileg. Alls greiddi RÚV 245 m.kr. vegna framangreindra titla. Sumt af þessu efni er ósýnt og greiðsla fyrir suma þætti getur skipst á fleiri en eitt rekstrartímabil. Til talsetningar á barnaefni var varið 87 m.kr.

Einnig má nefna að auk þess að verja 332 m.kr. til kaupa á framleiddu efni leigði RÚV ýmis tæki og búnað af sjálfstæðum framleiðendum fyrir ríflega 10 m.kr. Jafnframt keypti RÚV þjónustu af einstaklingum sem tengjast kvikmyndagerð.

| Heimildarmyndir og heimildarþættir | Framleiðandi | Lengd |
|---|---|---|
| Þar sem himinn frýs við jörð | Hið mikla heimskautafélag ehf. | 00:59 |
| Fjölskyldusaga af Landsmóti | Landmark kvikmyndgerð ehf. | 00:52 |
| Hrein og bein | Krumma Films ehf. | 00:57 |
| Skjaldborg | Edisons lifandi ljósmyndir ehf. | 00:29 |
| Hvað í ósköpunum ertu að gera hérna, Anna Elísabet? | Lífsmynd ehf. | 00:37 |
| Aðför að lögum (2 þættir) | Veritas ehf. | 01:50 |
| Frá þjóð til þjóðar | Bergsól ehf. | 00:51 |
| Paradox | Mystery Ísland ehf. | 00:53 |
| Jón og séra Jón | Víðsýn ehf. | 01:29 |
| Að syngja fyrir heiminn | Kvik ehf. | 00:58 |
| Bakka-Baldur | Bakkabaldur ehf. | 01:00 |
| Blái naglinn | IRI ehf. | 00:46 |
| Amma Lo-Fi | Republik ehf. | 01:02 |
| 18. öldin með Pétri Gunnarssyni (4 þættir) | Reykjavík films ehf. | 02:12 |
| Lónbúinn - kraftaverkasaga | Markell ehf. | 00:43 |
| Leitin að stórlaxinum (3 þættir) | Mjölnir Loftmyndir | 01:21 |
| Thors saga | Ljósband ehf. | 01:29 |
| 7 ár | Ljósband ehf. | 01:03 |
| Leyndardómar eldfjallsins | Profilm ehf. | 00:50 |
| Amma | Gunnar Konráðsson | 00:40 |

| Kvikmyndir | | |
|---|---|---|
| Stella í orlofi | Umbi sf. | 01:23 |
| Stella í framboði | Umbi sf. | 01:23 |
| Skilaboð til Söndru | Umbi sf. | 01:22 |
| Benjamín dúfa | Baldur, kvikmyndagerð | 01:27 |
| Vaxandi tungl | Í einni sæng ehf. | 01:34 |
| Kurteist fólk | Poppoli ehf. | 01:31 |
| Borgríki | Poppoli ehf. | 01:22 |
| Eldfjall | Gemsar ehf. | 01:38 |
| Á annan veg | Mystery Ísland ehf. | 01:20 |
| Okkar eigin Osló | Ljósband ehf. | 01:34 |
| Desember | Ljósband ehf. | 01:27 |
| Hluti af Katalog "FÞF" | Friðrik Þór Friðriksson | |
| Reykjavik Whale Watching Massacre | Kvikmyndafélag Íslands ehf. | 01:26 |

| Leikin þáttaröð | Framleiðandi | [klst.:mín.] |
|---|---|---|
| Kexvexmiðjan (6 þættir) | Röntgenmyndir ehf. | 02:42 |
| **Menningar-, fræðslu- og skemmtiþættir** | | |
| Gulli byggir - Í undirheimum (8 þættir) | Krumma Films ehf. | 03:36 |
| Tónaflóð | Immi ehf. | 02:30 |
| Hljómskálinn | Stjörnusambandsstöðin ehf. | 02:15 |
| Fagur fiskur í sjó II (8 þættir) | Sagafilm ehf. | 03:20 |
| Eivör Pálsdóttir í Hörpu | Sagafilm ehf. | 01:15 |
| Framandi og freistandi með Yesmin (9 þættir) | Bókaútgáfan Brekka ehf. | 04:03 |
| Grillað (8 þættir) | Gunnar Konráðsson | 03:36 |
| Delicious Iceland (6 þættir) | Gunnar Konráðsson | 02:36 |
| Söngkeppni framhaldsskólanna | Sagafilm ehf. | 01:30 |
| Andraland (7 þættir) | Stórveldið ehf. | 03:09 |
| Andri á flandri í Vesturheimi (6 þættir) | Stórveldið ehf. | 03:30 |
| Hrefna Sætran Grillar (6 þættir) | Stórveldið ehf. | 02:42 |
| Dans dans dans (9 þættir) | Sagafilm ehf. | 09:00 |
| **Stuttmyndir** | | |
| Lítill geimfari | Ergis ehf. | 00:18 |
| Útrás Reykjavík | Pegasus ehf. | 00:20 |
| Stuttmyndadagar í Reykjavík | Kvikmyndafélag Íslands ehf. | |
| - Mission to Mars | | 00:15 |
| - Grafir og bein | | 00:16 |
| - Undying Love | | 00:12 |
| Clean | Númer 9 ehf. | 00:11 |
| Harmsaga | Ljósband ehf. | 00:13 |
| Anna | Undraland Kvikmyndir ehf. | 00:35 |
| Bon Appetit | Undraland Kvikmyndir ehf. | 00:15 |
| **Handritsþróun** | | |
| Hraunið | Pegasus ehf. | |
| Hullinn | Son ehf. | |
| Flateyjargátan | Reykjavík films ehf. | |
| **Íþróttir** | | |
| Landsleikur í knattspyrnu | Sagafilm ehf. | 02:00 |
| **Talsetning á barnaefni** | Stúdíó Sýrland | |

# Ríkisútvarpið ohf.

Ársreikningur

## 1.9.2011 - 31.8.2012

Ríkisútvarpið ohf.
Efstaleiti 1
150 Reykjavík
kt. 600307-0450

# Ríkisútvarpið ohf.

## Ársreikningur

## 1.9.2011 - 31.8.2012

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun óháðra endurskoðenda | 75 |
| Skýrsla stjórnar og framkvæmdarstjóra | 76 |
| Yfirlit um heildarafkomu | 77 |
| Efnahagsreikningur | 78 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 79 |
| Yfirlit um eigið fé | 80 |
| Skýringar | 81 -94 |

# Áritun óháðra endurskoðenda

**Til stjórnar Ríkisútvarpsins ohf.**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ríkisútvarpsins ohf. fyrir reikningsárið 1. september 2011 til 31. ágúst 2012 í umboði Ríkisendurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit yfir heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um eigið fé, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðenda**
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Ríkisútvarpsins ohf. á reikningsárinu 1. september 2011 til 31. ágúst 2012, efnahag þess 31. ágúst 2012 og breytingu á handbæru fé á reikningsárinu 1. september 2011 til 31. ágúst 2012, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Kópavogur, 29. desember 2012.

Deloitte ehf.

Birkir Leósson
endurskoðandi

Signý Magnúsdóttir
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdarstjóra

Aðalstarfsemi Ríkisútvarpsins ohf. er útvarpsþjónusta í almannaþágu, svo sem hljóðvarps og sjónvarps.

Tap Ríkisútvarpsins ohf. á reikningstímabilinu nam kr. 85.369.414 sem er í samræmi við áætlanir félagsins. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 5.571.205.584, bókfært eigið fé í lok reikningstímabilsins er kr. 651.395.509 og eiginfjárhlutfall félagsins er 11,69%.

Í lok reikningstímabilsins var einn hluthafi í félaginu eins og við stofnun þess, en félagið er í eigu íslenska ríkisins.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Ríkisútvarpsins ohf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok reikningstímabilsins, rekstrarárangri reikningstímabilsins og fjárhagslegri þróun á reikningstímabilinu.

Stjórn Ríkisútvarpsins ohf. leitast við að viðhalda og fylgja góðum stjórnunarháttum. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar og verksvið er skilgreint. Þar er m.a. að finna reglur um fundarsköp, reglur um þagnarskyldu og fleira. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Kjararáð ákveður kjör framkvæmdarstjóra. Skipuð hefur verið endurskoðunarnefnd í samræmi við kröfur laga um ársreikninga. Haldnir voru 13 stjórnarfundir á reikningstímabilinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Ríkisútvarpsins ohf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir reikningstímabilið með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. desember 2012

Björg Eva Erlendsdóttir
Stjórnarformaður

Margrét Frímannsdóttir

Halldór Guðmundsson

Magnús Stefánsson

Magnús Geir Þórðarson

**Framkvæmdastjóri**

Páll Magnússon

# Yfirlit um heildarafkomu fyrir reikningstímabilið 1.9.2011 - 31.8.2012

| | Skýr. | 1.9.2011 - 31.8.2012 | 1.9.2010 - 31.8.2011 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 4 | 5.325.547.106 | 4.983.182.274 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Dagskrár- og framleiðslukostnaður | | (3.970.566.832) | (3.505.541.407) |
| Dreifi - og sölukostnaður | 4 | (465.783.143) | (428.944.982) |
| Sameiginlegur rekstur og stjórnun | 4 | (547.306.808) | (495.351.517) |
| Afskriftir | 8,9 | (178.253.080) | (177.456.682) |
| | | (5.161.909.863) | (4.607.294.588) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 163.637.243 | 375.887.686 |
| Fjármunatekjur | 6 | 13.305.110 | 14.559.566 |
| Fjármagnsgjöld | 6 | (270.404.066) | (317.097.288) |
| Gengismunur | 6 | 2.398.331 | (53.093.525) |
| Hrein fjármagnsgjöld | | (254.700.625) | (355.631.247) |
| **(Tap) Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | (91.063.382) | 20.256.439 |
| Tekjuskattur | 7,15 | 5.693.968 | (4.051.288) |
| **(Tap) Hagnaður og heildarafkoma tímabilsins** | | (85.369.414) | 16.205.151 |

# Efnahagsreikningur 31.8.2012

## Eignir

| | Skýr. | 31.8.2012 | 31.8.2011 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 8 | 4.339.786.530 | 4.108.956.317 |
| Óefnislegar eignir | 9 | 133.855.437 | 123.242.976 |
| Reiknuð skattinneign | 15 | 89.460.754 | 83.766.786 |
| | | 4.563.102.721 | 4.315.966.079 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | 10 | 42.294.102 | 46.800.377 |
| Samningsbundinn sýningarréttur | 11 | 651.750.817 | 655.931.937 |
| Viðskiptakröfur | 12 | 250.622.682 | 261.431.890 |
| Aðrar skammtímakröfur | 12 | 58.298.462 | 57.390.905 |
| Markaðsbréf | 12 | 0 | 207.315.124 |
| Handbært fé | 12 | 5.139.800 | 15.534.824 |
| | | 1.008.105.863 | 1.244.405.057 |
| **Eignir samtals** | | 5.571.208.584 | 5.560.371.136 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 31.8.2012 | 31.8.2011 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | 13 | 839.723.000 | 839.723.000 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 265.253.903 | 265.253.903 |
| Ójafnað tap | | (453.581.394) | (368.211.981) |
| Eigið fé samtals | | 651.395.509 | 736.764.925 |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Langtímaskuldir | 14 | 3.167.066.032 | 3.301.282.073 |
| | | 3.167.066.032 | 3.301.282.073 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | 16 | 630.582.192 | 640.844.482 |
| Skuldir við lánastofnanir | | 154.842.175 | 0 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 16 | 379.701.542 | 319.679.019 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | | 479.597.466 | 460.690.473 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 16 | 108.023.668 | 101.110.164 |
| | | 1.752.747.043 | 1.522.324.138 |
| Skuldir samtals | | 4.919.813.075 | 4.823.606.211 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 5.571.208.584 | 5.560.371.136 |

# Yfirlit um sjóðstreymi

| | Skýr. | 1.9.2011 - 31.8.2012 | 1.9.2010 - 31.8.2011 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarhagnaður tímabilsins | | 163.637.243 | 375.887.686 |
| Afskriftir | 8,9 | 178.253.080 | 177.456.682 |
| Söluhagnaður fastafjármuna | | 0 | (367.531) |
| Söluhagnaður markaðsverðbréfa | | (917.144) | 0 |
| **Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta** | | 340.973.179 | 552.976.837 |
| Vörubirgðir - lækkun | | 4.506.275 | 505.044 |
| Sýningaréttir lækkun | | 4.181.120 | 17.534.372 |
| Aðrar rekstrartengdar eignir - lækkun | | 10.818.795 | 724.722 |
| Rekstrartengdar skuldir hækkun | | 107.150.288 | 202.970.625 |
| **Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta** | | 467.629.657 | 774.711.600 |
| Innborgaðir vextir | | 3.760.600 | 15.192.270 |
| Greiddir vextir og gengismunur | | (174.551.684) | (197.979.465) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 296.838.573 | 591.924.405 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir | 8,9 | (321.268.312) | (327.282.345) |
| | | (321.268.312) | (327.282.345) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímaskulda | 14 | (351.570.283) | (306.236.370) |
| Nýjar skammtímaskuldir | | 154.842.175 | 0 |
| | | (196.728.108) | (306.236.370) |
| Hækkun (lækkun) handbærs fjár | | (221.157.847) | (41.594.310) |
| Handbært fé og markaðsverðbréf í upphafi tímabilsins | | 222.849.948 | 265.031.867 |
| Gengismunur af handbæru fé | | 3.447.699 | (587.609) |
| Handbært fé í lok tímabilsins | | 5.139.800 | 222.849.948 |
| **Aðrar upplýsingar** | | | |
| Veltufé frá rekstri | | 170.182.095 | 370.189.642 |

# Yfirlit um eigið fé

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur hlutafjár | Ójafnað tap | Eigið fé Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Staða 1.9.2010.................................. | 839.723.000 | 265.253.903 | (384.417.132) | 720.559.771 |
| Heildarafkoma tímabilsins............. | 0 | 0 | 16.205.151 | 16.205.151 |
| Staða 31.8.2011................................ | 839.723.000 | 265.253.903 | (368.211.981) | 736.764.925 |
| | | | | |
| Staða 1.9.2011.................................. | 839.723.000 | 265.253.903 | (368.211.981) | 736.764.922 |
| Heildarafkoma tímabilsins............. | 0 | 0 | (85.369.414) | (85.369.414) |
| Staða 31.8.2012................................ | 839.723.000 | 265.253.903 | (453.581.395) | 651.395.509 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Ríkisútvarpið ohf. er opinbert hlutafélag í eigu íslenska ríkisins og starfar á grundvelli laga nr. 6/2007.

Hlutverk Ríkisútvarpsins ohf. er rekstur hvers konar útvarpsþjónustu í almannaþágu, svo sem hljóðvarps og sjónvarps. Ríkisútvarpinu ohf. er einnig heimilt að stunda rekstur sem ekki fellur undir útvarpsþjónustu í almannaþágu en ber þá að halda fjárreiðum vegna þess aðskildum frá rekstri útvarpsþjónustu í almannaþágu.

## 2. Innleiðing á nýjum og endurbættum stöðlum

Félagið hefur innleitt alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu í lok reikningsársins 31.8.2012, breytingar á þeim og nýjar túlkanir. Það er mat stjórnenda að innleiðing nýrra og endurbættra staðla og túlkana hafi ekki veruleg áhrif á ársreikninginn. Félagið hefur ekki innleitt nýja eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi.

## 3. Reikningsskilaaðferðir

### Yfirlýsing um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Ársreikningur Ríkisútvarpsins ohf. fyrir reikningsárið 1.9.2011 - 31.8.2012 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

### Grundvöllur reikningsskilanna

Reikningsár Ríkisútvarpsins ohf. er frá 1. september ár hvert til 31. ágúst árið eftir. Ársreikningur Ríkisútvarpsins ohf. fyrir reikningstímabilið 1.9.2011 til 31.8.2012 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfsrækslugjaldmiðill félagsins.

### Reikningshaldslegt mat

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður geta verið frábrugðnar þessu mati. Mat og forsendur á bak við matið eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær falla til og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

### Skráning tekna

Tekjur eru færðar á gangvirði greiðslunnar sem er móttekin eða er innheimtanleg að frádregnum afsláttum og vöruskilum. Tekjur eru færðar í rekstarreikning þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarétti flyst til kaupanda, unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti, líklegt þykir að félagið muni hafa hagrænan ávinning af viðskiptunum og hægt er að meta kostnað sem tengist viðskiptunum á áreiðanlegan hátt.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við aðferð virkra vaxta.

### Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

Fjármögnunarleigusamningar eru færðir til eignar og skuldar miðað við samningsfjárhæð eða fjárhæð sem jafngildir núvirtri lágmarks leigugreiðslu, hvort sem lægra reynist.

Leigugreiðslum er skipt á milli fjármagnskostnaðar og afborgana þannig að hlutfall fjármagnskostnaðar verði óbreytt út samningstímann. Fjármagnskostnaður er gjaldfærður nema þegar hann tilheyrir eignfærsluhæfri eign en þá er hann eignfærður í samræmi við reglur félagsins um meðferð lántökukostnaðar. Ófyrirséðar leigugreiðslur eru gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

Greiðslur af rekstrarleigusamningum eru gjaldfærðar línulega á leigutímanum nema önnur kerfisbundin aðferð endurspegli betur ávinning af notkun eignarinnar. Ófyrirséðar leigugreiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

## 3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til miðað við aðferð virkra vaxta.

### Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum skatti. Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af tímabundnum mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar þar sem tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Frestaður skattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru skráðir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar línulega á áætluðum nýtingartíma að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Á hverjum reikningsskiladegi er vænt hrakvirði eigna og nýtingartími endurmetinn.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn fjármögnunarleigusamningum eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir (sýningaréttir/hugbúnaður) eru skráðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Nýtingartími eignanna byggir á samningsbundnum réttindum. Sýningaréttir eru gjaldfærðir við sýningu. Afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar í lok hvers reikningsskilatímabils. Eigin framleiðsla samanstendur af framleiðslukostnaði sem inniheldur keypt aðföng, launakostnað og beinan og óbeinan kostnað vegna framleiðslunnar.

### Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi er farið yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna til þess að komast að raun um hvort að eignir þessar hafi orðið fyrir virðisrýrnun. Komi fram slík vísbending er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnun er (sé um slíkt að ræða). Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar fjárskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaprósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðsrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst síðar við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, en þó ekki í hærra verð en það sem hefði verið ef virðisrýrnun hefði aldrei verið færð.

## 3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði hvort sem lægra reynist, að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Hreint söluverð er áætlað söluverð að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

### Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu og gengisbreytinga. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta væntri rýrnun á virði krafna þegar hlutlægar vísbendingar eru til staðar sem benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi sé lægra en áður var talið.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning samkvæmt aðferð virkra vaxta. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á líftíma láns samkvæmt aðferð virkra vaxta.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins skuldbindandi atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti. Skuldbindingar eru metnar við núvirtu áætluðu framtíðarsjóðstreymi. Þegar virði skuldbindingarinnar er endurheimtanlegt frá þriðja aðila er krafa færð til eignar til móts við skuldbindinguna.

### Starfsþáttaryfirlit

Rekstur félagsins er á grundvelli laga um Ríkisútvarpið ohf. nr. 6/2007. Megin starfsemi félagsins er útvarpsþjónusta í almannaþágu. Í hverjum mánuði er rekstraryfirlit liðins mánaðar lagt fyrir stjórn félagsins. Á grundvelli þess yfirlits er frammistaða metin og ákvarðanir teknar um ráðstöfun fjármuna. Rekstri félagsins er ekki skipt niður á starfsþætti þ.s. reksturinn er allur innan eins starfsþáttar, þ.e. hin lögbundna útvarpsþjónusta í almannaþágu. Í mánaðarlega rekstraryfirlitinu er kostnaður brotinn niður á ítarlegri hátt en fram kemur í rekstrarreikningi.

## 4. Sundurliðun rekstarliða

| **Rekstartekjur greinast þannig:** | 1.9.2011 - 31.8.2012 | 1.9.2010 - 31.8.2011 |
|---|---|---|
| Þjónustutekjur | 3.116.029.700 | 3.054.472.839 |
| Auglýsingar | 1.827.830.413 | 1.555.788.295 |
| Kostun | 202.445.862 | 179.226.273 |
| Aðrar rekstrartekjur | 179.241.131 | 193.694.867 |
| | 5.325.547.106 | 4.983.182.274 |
| **Dreifi- og sölukostnaður greinist þannig:** | | |
| Dreifikerfi | 245.007.962 | 218.886.662 |
| Auglýsingadeild | 220.775.181 | 210.058.320 |
| | 465.783.143 | 428.944.982 |
| **Sameiginlegur rekstur og stjórnun greinist þannig:** | | |
| Yfirstjórn (stjórn, skrifstofa útvarpsstjóra og fjármáladeild) | 260.409.103 | 220.433.424 |
| Húsnæðis- og annar rekstrarkostnaður | 286.897.705 | 274.918.093 |
| | 547.306.808 | 495.351.517 |

## 5. Launamál

**Laun og tengd gjöld greinast þannig:**

| | 1.9.2011 - 31.8.2012 | 1.9.2010 - 31.8.2011 |
|---|---|---|
| Heildarlaun | 1.812.727.089 | 1.667.672.356 |
| Lífeyrissjóður | 199.861.318 | 201.659.519 |
| Önnur launatengd gjöld | 235.218.058 | 204.502.877 |
| | 2.247.806.465 | 2.073.834.752 |
| Heildarstöðugildi | 305 | 298 |

**Laun og launatengd gjöld skiptast þannig eftir kostnaðarliðum:**

| | 1.9.2011 - 31.8.2012 | 1.9.2010 - 31.8.2011 |
|---|---|---|
| Dagskrár- og framleiðslukostnaður | 1.792.397.569 | 1.596.503.316 |
| Dreifi- og sölukostnaður | 162.281.666 | 219.809.497 |
| Sameiginlegur rekstur og stjórnun | 293.127.230 | 257.521.940 |
| | 2.247.806.465 | 2.073.834.752 |

Heildarlaun og þóknanir til ellefu helstu stjórnenda félagsins námu 114,1 milljónum (2010/2011: 94,4 milljónir) á reikningstímabilinu, þar af til útvarpsstjóra 14,0 milljónir króna (2010/2011: 13,3 milljónir) en auk þess voru honum greiddar 4,6 milljónir vegna leiðréttingar á framkvæmd úrskurðar Kjararáðs 23. febrúar 2010. Með hliðsjón af fyrirliggjandi lögfræðiálitum og til samræmis við framkvæmd úrskurðar Kjararáðs hjá öðrum opinberum hlutafélögum var úrskurðurinn látinn taka gildi 1. mars 2011. Stjórnarlaun nema 6,1 milljónum króna (2010/2011: 6,1 milljónir króna).

## 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| | 1.9.2011 - 31.8.2012 | 1.9.2010 - 31.8.2011 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 13.305.110 | 14.559.566 |
| | 13.305.110 | 14.559.566 |
| Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum | (312.405.212) | (303.815.045) |
| Önnur vaxtagjöld | 42.001.146 | (13.282.243) |
| | (270.404.066) | (317.097.288) |
| Gengismunur | 2.398.331 | (53.093.525) |
| Hrein fjármagnsgjöld samtals | (254.700.625) | (355.631.247) |

## 7. Tekjuskattur

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts vegna reikningsársins 1.9.2011 - 31.8.2012 þar sem tekjuskattstofn félagsins er neikvæður.
Reiknuð skattinneign er færð í efnahagsreikning félagsins þar sem líkur eru taldar á því að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Varfærnissjónarmið réðu því að aðeins er hluti af skattinneign félagsins færð i efnahagsreikning félagsins. Tekjuskattur félagsins er 20%.

| **Útleiðsla á virku skatthlutfalli:** | 1.9.2011 - 31.8.2012 | | 1.9.2010 - 31.8.2011 | |
|---|---|---|---|---|
| | Fjárhæð | % | Fjárhæð | % |
| (Tap) Hagnaður fyrir skatta | -91.063.382 | | 20.256.439 | |
| Skatthlutfall, 20% | -18.212.676 | 20% | 4.051.288 | 18% |
| Ófrádráttarbær kostnaður | -1.340.264 | 1% | 0 | 0% |
| Breyting á mati á nýtingu skattainneignar | 13.858.972 | -15% | 0 | 0% |
| Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi | -5.693.968 | 6,3% | 4.051.288 | 18,0% |

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir

| | Fasteignir | Dreifikerfi | Áhöld, tæki og innréttingar | Aðrar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | | |
| Staða 1.9.2010 | 3.170.421.292 | 538.717.938 | 977.437.573 | 65.700.000 | 4.752.276.803 |
| Eignfært á tímabilinu | 0 | 57.460.065 | 226.510.821 | 0 | 283.970.886 |
| Selt á tímabilinu | 0 | 0 | (565.567) | 0 | (565.567) |
| Niðurlagt á tímabilinu | 0 | (149.963.179) | (237.936.248) | 0 | (387.899.427) |
| Staða 31.8.2011 | 3.170.421.292 | 446.214.824 | 965.446.579 | 65.700.000 | 4.647.782.695 |
| Eignfært á tímabilinu | 0 | 52.393.178 | 337.493.832 | 0 | 389.887.010 |
| Niðurlagt á tímabilinu | 0 | (7.181.445) | (31.833.055) | 0 | (39.014.500) |
| Staða 31.8.2012 | 3.170.421.292 | 491.426.557 | 1.271.107.356 | 65.700.000 | 4.998.655.205 |
| **Afskriftir** | | | | | |
| Staða 1.9.2010 | 0 | 258.806.594 | 503.179.418 | 179.165 | 762.165.177 |
| Afskrift tímabilsins | 0 | 40.743.684 | 124.176.740 | 52.400 | 164.972.824 |
| Selt á tímabilinu | 0 | 0 | (412.194) | 0 | (412.194) |
| Niðurlagt á tímabilinu | 0 | (149.963.181) | (237.936.248) | 0 | (387.899.429) |
| Staða 31.8.2011 | 0 | 149.587.097 | 389.007.716 | 231.565 | 538.826.378 |
| Afskrift tímabilsins | 0 | 41.184.692 | 117.819.703 | 52.400 | 159.056.795 |
| Niðurlagt á tímabilinu | 0 | (7.181.445) | (31.833.055) | 0 | (39.014.500) |
| Staða 31.8.2012 | 0 | 183.590.344 | 474.994.364 | 283.965 | 658.868.673 |
| **Bókfært verð** | | | | | |
| Staða 31.8.2011 | 3.170.421.292 | 296.627.727 | 576.438.863 | 65.468.435 | 4.108.956.317 |
| Staða 31.8.2012 | 3.170.421.292 | 307.836.213 | 796.112.992 | 65.416.035 | 4.339.786.530 |
| Afskriftarhlutföll | 0% | 6-30% | 7-20% | 0-1% | |

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins eru ekki veðsettir.

| | Fasteignamat 31.8.2012 | Brunabótamat 31.8.2012 | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Efstaleiti 1 | 3.239.650.000 | 3.792.450.000 | 3.170.421.292 |
| Dreifikerfi | 317.986.000 | 440.335.000 | 307.836.213 |
| Aðrar eignir | 0 | 0 | 861.529.025 |
| | 3.557.636.000 | 4.232.785.000 | 4.339.786.530 |

## 9. Hugbúnaður

| | Hugbúnaður |
|---|---|
| **Kostnaðarverð** | |
| Staða 1.9.2010 | 157.009.233 |
| Eignfært á tímabilinu | 14.289.140 |
| Niðurlagt á tímabilinu | (29.244.221) |
| Staða 31.8.2011 | 142.054.152 |
| Eignfært á tímabilinu | 29.808.746 |
| Niðurlagt á tímabilinu | (1.907.650) |
| Staða 31.8.2012 | 169.955.248 |
| **Afskriftir** | |
| Staða 1.9.2010 | 35.571.539 |
| Afskrift tímabilsins | 12.483.858 |
| Niðurlagt á tímabilinu | (29.244.221) |
| Staða 31.8.2011 | 18.811.176 |
| Afskrift tímabilsins | 19.196.285 |
| Niðurlagt á tímabilinu | (1.907.650) |
| Staða 31.8.2012 | 36.099.811 |
| **Bókfært verð** | |
| Staða 31.8.2011 | 123.242.976 |
| Staða 31.8.2012 | 133.855.437 |
| Afskriftarhlutföll | 20% |

## 10. Birgðir

| | 31.8.2012 | 31.8.2011 |
|---|---|---|
| Safnadeild | 35.596.707 | 35.596.707 |
| Söluvörur | 683.798 | 5.130.312 |
| Rekstrarvörur | 6.013.597 | 6.073.358 |
| | 42.294.102 | 46.800.377 |

Niðurfærsla birgða nemur 1 milljón króna (31.8.2011: 12 milljónir króna)
Birgðir félagsins eru ekki veðsettar.

## 11. Samningsbundinn sýningarréttur á innlendu og erlendu dagskrárefni

| | Samningsbundinn sýningarréttur |
|---|---|
| Staða 1.9.2010 | 673.466.309 |
| Nettó breyting á tímabilinu | (17.534.372) |
| Staða 31.8.2011 | 655.931.937 |
| Nettó breyting á tímabilinu | (4.181.120) |
| Staða 31.8.2012 | 651.750.817 |

## 12. Peningalegar eignir

**Viðskiptakröfur**

| | 31.8.2012 | 31.8.2011 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptakröfur | 13.190.621 | 27.254.582 |
| Erlendar viðskiptakröfur | 9.548.893 | 31.866.544 |
| Útistandandi afnotagjöld | 4.837.116 | 3.637.100 |
| Útistandandi auglýsingakröfur | 223.046.052 | 198.673.664 |
| | 250.622.682 | 261.431.890 |

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði, mat á virðisrýrnun nemur 144 milljónum króna (31.8.2011: 145 milljónir).
Meðal innheimtutími viðskiptakrafna á reikningsárinu eru 29 dagar. (2010/2011: 30).

Óbein niðurfærsla er færð á allar gjaldfallnar viðskiptakröfur út frá mati stjórnenda í innheimtuleika þeirra.

| **Hreyfingar á afskriftareikningi krafna voru eftirfarandi:** | 31.8.2012 | 31.8.2011 |
|---|---|---|
| Staða afskriftareiknings í upphafi tímabils | 145.000.000 | 258.865.390 |
| Endanleg afskrift tímabilsins | (13.635.367) | (143.689.258) |
| Breyting afskriftareiknings á tímabilinu | 12.369.017 | 29.823.868 |
| | 143.733.650 | 145.000.000 |

**Aðrar skammtímakröfur**

| | 31.8.2012 | 31.8.2011 |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 21.596.095 | 36.483.653 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 10.041.715 | 11.159.916 |
| Fjármagnstekjuskattur | 5.170.156 | 8.999.392 |
| Ógreiddir óinnheimtir vextir | 713.819 | 747.944 |
| Aðrar kröfur | 20.776.677 | 0 |
| | 58.298.462 | 57.390.905 |

**Markaðsbréf**

| | 31.8.2012 | 31.8.2011 |
|---|---|---|
| Staða í upphafi tímabils | 207.315.124 | 200.036.724 |
| Keypt á tímabilinu | 0 | 100.000.000 |
| Selt á tímabilinu | (207.063.062) | (100.596.860) |
| Verðbreytingar | (252.062) | 7.875.260 |
| Staða í lok tímabils | 0 | 207.315.124 |

## 12. Peningalegar eignir (framhald)

**Handbært fé**

| | 31.8.2012 | 31.8.2011 |
|---|---|---|
| Sjóður | 54.815 | 59.815 |
| Bankainnistæður í íslenskum krónum | 3.716.111 | 14.824.967 |
| Bankainnistæður í erlendri mynt | 1.368.874 | 650.042 |
| | 5.139.800 | 15.534.824 |

## 13. Eigið fé

Hlutafé greinist þannig:

| | 31.8.2012 | 31.8.2011 |
|---|---|---|
| Hlutafé | 839.723.000 | 839.723.000 |
| | 839.723.000 | 839.723.000 |

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 839.723.000 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði. Allt hlutfé félagsins hefur verið greitt.

## 14. Langtímaskuldir

| | 31.8.2012 | 31.8.2011 |
|---|---|---|
| Skuldir í CHF | 22.190.114 | 34.100.779 |
| Skuldir í DKK | 112.866.989 | 0 |
| Skuldir í EUR | 83.867.057 | 134.178.631 |
| Skuldir í USD | 68.811.941 | 89.596.848 |
| Skuldir í ISK | 3.259.031.473 | 3.363.084.834 |
| | 3.546.767.574 | 3.620.961.092 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (379.701.542) | (319.679.019) |
| Langtímaskuldir alls | 3.167.066.032 | 3.301.282.073 |

Stofnað var til allra langtímaskulda félagsins, fyrir utan skuldir í DKK, áður en félaginu var breytt í opinbert hlutafélag á árinu 2007. Lán félagsins eru öll með ríkisábyrgð fyrir utan skuldir í DKK.

| Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig: | 31.8.2012 | 31.8.2011 |
|---|---|---|
| Næsta árs afborganir | 379.701.542 | 319.679.019 |
| Afborganir 1.9.2013 - 31.8.2014 / 1.9.2012 - 31.8.2013 | 390.110.020 | 327.086.415 |
| Afborganir 1.9.2014 - 31.8.2015 / 1.9.2013 - 31.8.2014 | 300.076.894 | 339.109.599 |
| Afborganir 1.9.2015 - 31.8.2016 / 1.9.2014 - 31.8.2015 | 255.975.552 | 283.313.797 |
| Afborganir 1.9.2016 - 31.8.2017 / 1.9.2015 - 31.8.2016 | 253.133.394 | 228.047.569 |
| Afborganir síðar | 1.967.770.172 | 2.123.724.693 |
| | 3.546.767.574 | 3.620.961.092 |

## 15. Reiknuð skattainneign

| | Reiknuð skattainneign |
|---|---|
| Staða 1.9.2010 | 87.818.074 |
| Reiknaður tekjuskattur vegna tímabilsins | (4.051.288) |
| Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2012 | 0 |
| Staða 31.8.2011 | 83.766.786 |
| Reiknaður tekjuskattur vegna tímabilsins | 5.693.968 |
| Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2013 | 0 |
| Staða 31.8.2012 | 89.460.754 |

Reiknuð skattainneign er færð í efnahagsreikning félagsins þegar líklegt er talið að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni. Það er mat stjórnenda að undirliggjandi rekstur sé sterkur og mun skila skattskyldum hagnaði á næstu reikningstímabilum. Einnig er líklegt að ef til sölu fasteignar kemur þá muni það leiða til skattskylds söluhagnaðar. Það er því mat stjórnenda að rétt sé að færa upp skattainneign og við mat á fjárhæð hennar er horft til þess skattalega taps sem talið er að muni nýtast.

Tekjuskattsinneign greinist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

| | 31.08.2012 | 31.08.2011 |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | (112.665.386) | (98.410.162) |
| Óefnislegar eignir (sýningarréttir) | 7.827.092 | 10.625.113 |
| Veltufjáreignir | 28.746.730 | 29.000.000 |
| Aðrir liðir | (4.399.647) | (7.079.136) |
| Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi | 169.951.965 | 149.630.972 |
| | 89.460.754 | 83.766.786 |

## 16. Peningalegar skuldir

**Viðskiptaskuldir**

| | 31.8.2012 | 31.8.2011 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptaskuldir | 388.293.886 | 338.183.245 |
| Erlendar viðskiptaskuldir | 242.288.306 | 302.661.237 |
| | 630.582.192 | 640.844.482 |

**Næsta árs afborganir langtímaskulda**

| | 31.8.2012 | 31.8.2011 |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 379.701.542 | 319.658.345 |
| Fjármögnunarleigusamningar | 0 | 20.674 |
| | 379.701.542 | 319.679.019 |

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | 31.8.2012 | 31.8.2011 |
|---|---|---|
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 13.139.051 | 13.615.490 |
| Ógreiddir áfallnir vextir | 68.045.172 | 70.273.413 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 26.839.445 | 17.221.261 |
| | 108.023.668 | 101.110.164 |

## 17. Ábyrgðir og önnur mál

Eftirlitsstofnun EFTA, er með mál til meðferðar er snertir fjármögnun og rekstur Ríkisútvarpsins ohf. Forráðamenn Ríkisútvarpsins ohf. telja ólíklegt að mál þetta muni hafa áhrif á starfsemi félagsins eða að fjárskuldbinding vegna málsins muni falla á félagið. Skuldbinding vegna þessa hefur því ekki verið færð í ársreikninginn.

Blaðamannafélag Íslands hefur höfðað mál fyrir Félagsdómi vegna deilu um röðun kvikmyndatökumanna í launaflokka. Falli dómur Ríkisútvarpinu í óhag mun það leiða til árlegs kostnaðarauka auk uppgjörs fyrir næstliðin fjögur ár. Með varúðarsjónarmið að leiðarljósi hefur félagið fært inn skuldbindingu vegna þessa í ársreikninginn.

Til stendur að leggja niður hliðrænt dreifikerfi sjónvarpsins sem verður leyst af hólmi með stafrænni háskerpudreifingu. Þetta mun hafa í för með sér umtalsverðar fjárfestingar.

## 18. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum

### Áhættustýring

Innan félagsins er virk áhættustýring sem hefur það hlutverk að stjórna þeirri rekstrartengdu áhættu sem félagið býr við. Þessir þættir eru vaxtaáhætta, gengisáhætta, útlánaáhætta og lausafjáráhætta.

### Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Vaxtaáhættan nær til vaxtaberandi eigna og skulda. Vaxtaberandi eignir félagsins eru með breytilegum vöxtum. Vaxtaberandi skuldir félagsins í íslenskum krónum eru verðtryggðar með föstum vöxtum og eru því metnar á afskrifuðu kostnaðarverði í bókum félagsins. Þar sem skuldirnar eru verðtryggðar þá hefur þróun neysluvísitölu áhrif á bókfærða stöðu lánanna og sjóðstreymi tengt þeim. Vaxtaberandi skuldir í erlendum gjaldmiðlum bera breytilega vexti. Vaxtabreytingar hafa áhrif á vænt sjóðstreymi af eignum og skuldum sem bera breytilega vexti.

### Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 50 og 100 punkta hækkun vaxta á vaxtaberandi eignir hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé.

Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun vaxta hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

| | **31.8.2012** | | **31.8.2011** | |
|---|---|---|---|---|
| | 50 pkt | 100 pkt | 50 pkt | 100 pkt |
| Áhrif á afkomu og eigið fé ......................................... | (848.647) | (1.697.293) | (175.132) | (350.263) |

## 18. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum (framhald)

### Gengisáhætta gjaldmiðla

Gengisáhætta gjaldmiðla er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Gengisáhættan myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli. Meirihluti eigna og skulda félagsins er í íslenskum krónum. Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar félagsins sem mest áhrif hafa á rekstur félagsins. Gengi þeirra miðast við lokagengi tímabilsins.

| **Mynt** | 31.8.2012 | 31.8.2011 |
|---|---|---|
| CHF | 128,11 | 141,69 |
| GBP | 193,97 | 185,13 |
| EUR | 153,85 | 164,03 |
| SEK | 18,45 | 18,00 |
| DKK | 20,65 | 22,02 |
| NOK | 21,09 | 21,27 |
| USD | 122,24 | 113,84 |

**Gengisáhætta 31.8.2012**

| | Eignir | Skuldir | Nettó staða |
|---|---|---|---|
| CHF | 1.758.742 | 22.207.048 | (20.448.306) |
| GBP | 254.294 | 7.666.997 | (7.412.703) |
| EUR | 4.509.135 | 174.155.289 | (169.646.154) |
| SEK | 589 | 4.806.383 | (4.805.794) |
| DKK | 504 | 105.611.476 | (105.610.972) |
| USD | 1.981.071 | 177.186.922 | (175.205.851) |
| | 8.504.335 | 491.634.114 | (483.129.780) |

**Gengisáhætta 31.8.2011**

| | Eignir | Skuldir | Nettó staða |
|---|---|---|---|
| CHF | 727.314 | 36.921.360 | (36.194.046) |
| GBP | 13.689.410 | 8.256.348 | 5.433.062 |
| EUR | 6.940.359 | 340.310.740 | (333.370.381) |
| SEK | 3.702 | 1.851.293 | (1.847.591) |
| DKK | 4.680 | 22.698.714 | (22.694.034) |
| USD | 941.711 | 106.571.512 | (105.629.801) |
| | 22.307.176 | 516.609.967 | (494.302.791) |

## 18. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum (framhald)

**Næmnigreining**

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 5% og 10% hækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi myntum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi mynt á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá þær erlendu eignir og skuldir sem næmnigreiningin tekur til. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gengisáhættu. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga í erlendri mynt er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

| **Áhrif á afkomu og eigið fé** | **31.8.2012** | | **31.8.2011** | |
|---|---|---|---|---|
| | 5% | 10% | 5% | 10% |
| CHF | (817.932) | (1.635.865) | (1.807.987) | (3.615.953) |
| GBP | (296.508) | (593.016) | 740.431 | 1.480.861 |
| EUR | (6.785.846) | (13.571.692) | (16.458.567) | (32.917.134) |
| SEK | (192.232) | (384.463) | (92.380) | (184.759) |
| DKK | (4.224.439) | (8.448.878) | (1.178.814) | (2.357.627) |
| NOK | (148.877) | (297.754) | 0 | 0 |
| USD | (7.008.234) | (14.016.468) | (5.081.732) | (10.163.463) |
| | (19.474.068) | (38.948.136) | (23.879.049) | (47.758.076) |

### Útlánaáhætta

Í útlánaáhættu felst áhættan á því að mótaðilar félagsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að það tapar á fjármálagerningum sínum. Félagið fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhættu. Ekki er tekið tillit til undirliggjandi trygginga við mat á hámarksútlánaáhættu.

| **Hámarksútlánaáhætta greinist þannig:** | **Bókfærð staða** | |
|---|---|---|
| | 31.8.2012 | 31.8.2011 |
| Viðskiptakröfur | 250.622.682 | 261.431.890 |
| Aðrar kröfur | 48.256.747 | 46.230.989 |
| Markaðsbréf | 0 | 207.315.124 |
| Handbært fé | 5.139.800 | 15.534.824 |
| | 304.019.229 | 530.512.827 |

Hámarksútlánaáhætta félagsins er sú bókfærða staða sem sundurliðuð er hér að ofan.

## 18. Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum (framhald)

### Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er sú áhætta sem felst í því tapi sem félagið gæti orðið fyrir vegna þess að það getur ekki staðið við skuldbindingar sínar á réttum tíma. Félagið fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddaga fjáreigna og skulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur geta haft á félagið.

| | Innan eins árs | 1.9.2013 - 31.8.2014 | 1.9.2014 - 31.8.2015 | 1.9.2015 eða síðar | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Skuldir 31.8.2012** | | | | | |
| Óvaxtaberandi | 1.188.203.326 | 0 | 0 | 0 | 1.188.203.326 |
| Með breytilegum vöxtum | 233.176.526 | 78.334.351 | 18.200.411 | 0 | 329.711.288 |
| Með föstum vöxtum | 267.109.431 | 277.517.909 | 257.698.385 | 2.456.705.747 | 3.259.031.472 |
| | 1.688.489.283 | 355.852.260 | 275.898.796 | 2.456.705.747 | 4.776.946.086 |

| | Innan eins árs | 1.9.2013 - 31.8.2014 | 1.9.2014 - 31.8.2015 | 1.9.2015 eða síðar | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eignir 31.8.2012** | | | | | |
| Óvaxtaberandi | 651.750.817 | 0 | 0 | 0 | 651.750.817 |
| Með breytilegum vöxtum | 5.139.800 | 0 | 0 | 0 | 5.139.800 |
| | 656.890.617 | 0 | 0 | 0 | 656.890.617 |
| **Nettó staða 31.8.2012** | -1.031.598.666 | -355.852.260 | -275.898.796 | -2.456.705.747 | -4.120.055.469 |

| | Innan eins árs | 1.9.2012 - 31.8.2013 | 1.9.2013 - 31.8.2014 | 1.9.2014 eða síðar | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Skuldir 31.8.2011** | | | | | |
| Óvaxtaberandi | 1.075.118.711 | 0 | 0 | 0 | 1.075.118.711 |
| Með breytilegum vöxtum | 73.678.931 | 73.678.931 | 73.678.931 | 36.839.465 | 257.876.257 |
| Með föstum vöxtum | 246.000.077 | 265.430.666 | 246.474.338 | 2.351.772.262 | 3.109.677.343 |
| | 1.394.797.719 | 339.109.597 | 320.153.269 | 2.388.611.726 | 4.442.672.311 |

| | Innan eins árs | 1.9.2012 - 31.8.2013 | 1.9.2013 - 31.8.2014 | 1.9.2014 eða síðar | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eignir 31.8.2011** | | | | | |
| Óvaxtaberandi | 655.931.937 | 0 | 0 | 0 | 655.931.937 |
| Með breytilegum vöxtum | 222.849.948 | 0 | 0 | 0 | 222.849.948 |
| | 878.781.885 | 0 | 0 | 0 | 878.781.885 |
| **Nettó staða 31.8.2011** | -516.015.834 | -339.109.597 | -320.153.269 | -2.388.611.726 | -3.563.890.426 |

## 19. Kennitölur

| Úr yfirliti um heildarafkomu: | 1.9.2011 - 31.8.2012 | 1.9.2010 - 31.8.2011 |
|---|---|---|
| Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) | 341.890.323 | 553.344.368 |
| Hagnaður fyrir afskriftir / rekstrartekjur | 6,4% | 11,1% |
| Rekstrarhagnaður / rekstrartekjur | 3,1% | 7,5% |
| Afkoma tímabilsins / rekstrartekjur | -1,6% | 0,3% |
| | | |
| Hlutfall þjónustutekna af rekstrartekjum | 58,5% | 61,3% |
| Hlutfall auglýsinga og kostunar af rekstrartekjum | 38,1% | 34,8% |
| Hlutfall kostunar af auglýsinga- og kostunartekjum | 10,0% | 10,3% |
| Hlutfall dagskrár - og framleiðslukostnaðar af rekstrartekjum | 74,6% | 70,3% |

| Úr efnahagsreikningi: | 31.08.2012 | 31.08.2011 |
|---|---|---|
| **Greiðsluhæfi** | | |
| a) Lausafjárhlutfall | 0,55 | 0,79 |
| b) Veltufjárhlutfall | 0,58 | 0,82 |

a) Veltufjármunir án birgða/skammtímaskuldir b) Veltufjármunir/skammtímaskuldir

| | | |
|---|---|---|
| **Fjárhagslegur styrkur** | | |
| c) Eiginfjárhlutfall | 11,7% | 13,3% |

c) Eigið fé/heildarfjármagn

## 20. Samþykkt ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur af stjórn félagins og leyfður til birtingar þann 29. desember 2012.

**RÚV** starfar samkvæmt lögum nr. 6/2007, sbr. lög nr. 122/2000, lögum nr. 174/2008, lögum nr. 38/2011 og þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið dagsettum 24. maí 2011.

**RÚV** starfrækir þrjár útvarpsstöðvar, Rás 1, Rás 2 og Rondó, eina sjónvarpsstöð, RÚV, Textavarp og netmiðil, ruv.is.

Hlutverk **RÚV** er að uppfylla menningarlegar, þjóðfélagslegar og lýðræðislegar þarfir í íslensku samfélagi með því að miðla texta, hljóði og myndum.

**RÚV** kappkostar að miðla með vönduðum hætti fréttum, upplýsingum, menningarefni, fræðsluefni, skemmtiefni og afþreyingu. Sérstök áhersla er lögð á að rækta íslenska tungu, sögu og menningu.

**RÚV** leggur áherslu á að flytja fréttir og fréttatengt efni af sanngirni og hlutlægni.

**RÚV** leggur áherslu á að þjóna landsmönnum af natni með því að afgreiða fljótt og vel erindi sem berast og kanna viðhorf og skoðanir almennings á veittri þjónustu.

**RÚV** varðveitir frumflutt dagskrárefni á aðgengilegu formi.

**RÚV** gegnir öryggishlutverki og tekur þátt í almannavörnum landsins.

RÍKISÚTVARPIÐ OHF. | EFSTALEITI 1 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 515 3000